ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 15

26. árgangur

21.2.2019

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

2019/EES/15/01 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1550 frá 16. október 2018 um endurnýjun á leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd**)** 1

2019/EES/15/02 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1027 frá 19. júlí 2018 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar einangrunarfjarlægð fyrir *Sorghum* spp. 6

2019/EES/15/03 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1028 frá 19. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafræðiheiti tegundarinnar *Lolium x boucheanum* Kunth 9

2019/EES/15/04 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/685 frá 3. maí 2018 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/200 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, bjór, flúópýram, flúxapýroxað, malínhýdrasíð, sinnepsfræsduft og teflútrín í eða á tilteknum afurðum 12

2019/EES/15/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/686 frá 4. maí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir klórpýrifos, klórpýrifosmetýl og tríklópýr í eða á tilteknum afurðum 41

2019/EES/15/06 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/687 frá 4. maí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asíbensólar-S-metýl, bensóvindíflúpýr, bífentrín, bixafen, klórantranilípról, deltametrín, flóníkamíð, flúasífóp-P, ísófetamíð, metrafenón, pendímetalín og teflúbensúrón í eða á tilteknum afurðum 74

2019/EES/15/07 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/832 frá 5. júní 2018 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýantranilípról, sýmoxaníl, deltametrín, dífenókónasól, fenamídón, flúbendíamíð, flúópíkólíð, fólpet, fosetýl, mandestróbín, mepíkvat, metasaklór, própamókarb, própargít, pýrimetaníl, súlfoxaflór og trífloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum 116

2019/EES/15/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1023 frá 23. júlí 2018 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2017/2470 um að koma á fót skrá Sambandsins yfir nýfæði 165

2019/EES/15/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/555 frá 9. apríl 2018 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2019, 2020 og 2021 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu 298

2019/EES/15/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/660 frá 26. apríl 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bentasóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 311

2019/EES/15/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/670 frá 30. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin brómúkónasól, búprófesín, haloxýfóp-P og naprópamíð 316

2019/EES/15/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/679 frá 3. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu forklórfenúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 319

2019/EES/15/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/690 frá 7. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu fenasakíni 323

2019/EES/15/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/691 frá 7. maí 2018 um samþykki fyrir grunnefninu talkúmi E553B, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/201 326

2019/EES/15/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/692 frá 7. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu soxamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 329

2019/EES/15/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/710 frá 14. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu silþíófami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 333

2019/EES/15/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/755 frá 23. maí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu própýsamíði sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 337

2019/EES/15/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/783 frá 29. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu imídaklópríði 342

2019/EES/15/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/785 frá 29. maí 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu þíametoxami 346

2019/EES/15/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1060 frá 26. júlí 2018 um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu trífloxýstróbíni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 351

2019/EES/15/21 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/309 frá 23. febrúar 2017 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2016 til 30. mars 2017 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 356

2019/EES/15/22 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/812 frá 15. maí 2017 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars til 29. júní 2017 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 427

2019/EES/15/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1421 frá 2. ágúst 2017 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní til 29. september 2017 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 498

2019/EES/15/24 Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2015 frá 9. nóvember 2017 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2017 til 30. desember 2017 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga 569

2019/EES/15/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/649 frá 23. janúar 2018 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 að því er varðar þróun á massa nýrra fólksbifreiða sem skráðar voru 2014, 2015 og 2016 638

2019/EES/15/26 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/596 frá 18. apríl 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1295/2013 um að koma á fót áætluninni Skapandi Evrópa (2014-2020) 640

2019/EES/15/27 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/501 frá 22. mars 2018 um viðurkenningu á Soldánsveldinu Óman samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfi fyrir þjálfun og útgáfu skírteina farmanna 643

2019/EES/15/28 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/666 frá 27. apríl 2018 um breytingu á ákvörðun 2014/312/ESB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss 645

2019/EES/15/29 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/779 frá 19. febrúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis málmklæddra samloku-einninga til notkunar í burðarvirki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 646

2019/EES/15/30 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/662 frá 27. apríl 2018 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fugla-inflúensu og Newcastle-veiki og um breytingu á VII. viðauka við tilskipun ráðsins 2005/94/EB 648

2019/EES/15/31 Framseld ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/771 frá 25. janúar 2018 um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 650

2019/EES/15/32 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1587 frá 22. október 2018 um að afturkalla tilnefningu Istituto Superiore di Sanità, Róm, Ítalíu, sem tilvísunarrann-sóknarstofu í Evrópu fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/23/EB 652

2019/EES/15/33 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1246 frá 18. september 2018 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu eimis úr viðarediki á skrá Sambandsins yfir bragðefni 654

2019/EES/15/34 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1259 frá 20. september 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 873/2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar framlengingu á umbreytingatímabilinu í 4. gr. sem varðar bragðefnið „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ FL-númer 21.002 658

2019/EES/15/35 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/751 frá 29. apríl 2015 um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur 660

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1550 **2019/EES/15/01**

frá 16. október 2018

um endurnýjun á leyfi fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín og um niðurfellingu á reglugerðum (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu og endurnýjun á slíku leyfi.

2) Bensósýra var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 ([2]) og fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007 ([3]).

3) Í samræmi við 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 lagði handhafi þessara leyfa fram umsókn um endurnýjun leyfis fyrir bensósýru sem fóðuraukefni fyrir bæði fráfærugrísi og eldissvín og óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 28. nóvember 2017 ([4]) að umsækjandinn hafi lagt fram gögn sem sýna fram á að aukefnið uppfyllir skilyrðin fyrir leyfisveitingu. Mat á bensósýru sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að endurnýja leyfið fyrir aukefninu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

5) Af endurnýjun leyfis fyrir bensósýru sem fóðuraukefni að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð leiðir að fella ætti reglugerðir (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 úr gildi.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfið fyrir aukefninu, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er endurnýjað með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 260, 17.10.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006 frá 23. nóvember 2006 um leyfi til að nota bensósýru (VevoVitall) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007 frá 1. október 2007 um leyfi fyrir nýrri notkun á bensósýru (VevoVitall) sem aukefni í fóðri (Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 8).

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5093.

2. gr.

Reglugerðir (EB) nr. 1730/2006 og (EB) nr. 1138/2007 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum er varða dýrarækt: þyngdaraukning eða hlutfallið milli þyngdaraukningar og fóðurmagns)								
4d210	DSM Nutritional Products Ltd	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða bensósýru í fóðuraukefninu: — títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0066) Til að magnákvarða bensósýru í forblöndum og fóðri: — vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC/UV) – aðferð sem byggir á ISO9231:2008 *Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%)	Fráfærugrísir	—	5 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ráðlagður lágmarksskammtur: 5 000 mg/kg heilfóðurs. 3. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum. 4. Í notkunarleiðbeiningunum skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki má gefa fráfærugrísum eða eldissvínum fóðurbæti sem inniheldur óblandaða bensósýru. Fóðurbæti skal blanda vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti“. 5. Til notkunar fyrir fráfærugrísi allt að 35 kg að þyngd. 6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu varðandi notkun þeirra. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn	5. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			Lýsing á eiginleikum virka efnisins Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða bensósýru í fóðuraukefninu: — títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0066) Til að magnákvarða bensósýru í forblöndum og fóðri: — vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC/UV) – aðferð sem byggir á ISO9231:2008					
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: Önnur dýraræktaraukefni (lækkun á sýrustigi hlands)								
4d210	DSM Nutritional Products Ltd	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$	Eldissvín	5 000	10 000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymsluskilyrði og stöðugleika við hitameðhöndlun. 2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum bensósýru- eða bensóatagjöfum.	5. nóvember 2028

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
					mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi óhreininda: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð* (1) Til að magnákvarða bensósýru í fóðuraukefninu: — títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0066) Til að magnákvarða bensósýru í forblöndum og fóðri: — vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC/UV) – aðferð sem byggir á ISO9231:2008				3. Í notkunarleiðbeiningunum skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki má gefa fráfærugrísum eða eldissvínum fóðurbæti sem inniheldur óblandaða bensósýru. Fóðurbæti skal blanda vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti“. 4. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu varðandi notkun þeirra. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. augn- og húðvörn.	

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1027 **2019/EES/15/02**

frá 19. júlí 2018

um breytingu á tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar einangrunarfjarlægð fyrir *Sorghum* spp. (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ([1]), einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Skilyrðin fyrir fræframleiðslu, sem kveðið er á um í tilskipun 66/402/EBE, byggjast á alþjóðlegum stöðlum í kerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar um fræ.

2) Á árlegum fundi Efnahags- og framfarastofnunarinnar 2017 um kerfi um fræ var staðlinum fyrir einangrunarfjarlægð, að því er varðar ræktun *Sorghum* spp., breytt sérstaklega til að taka tillit til svæða þar sem tilvist *S. halepense* eða *S. sudanense* er sérlegt vandamál að því er varðar víxlfrævingu.

3) Því ætti að breyta tilskipun 66/402/EBE til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 66/402/EBE

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 20.7.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað 2. liðar I. viðauka við tilskipun 66/402/EBE komi eftirfarandi:

„2. Ræktunin skal uppfylla eftirfarandi staðla um fjarlægð frá nálægum frjógjöfum sem getur orsakað óæskilega aðfrævun:

Ræktun	Lágmarksfjarlægð
Phalaris canariensis, *Secale cereale*, að undanskildum blendingum:	
— við framleiðslu stofnfræs	300 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	250 m
Sorghum spp.	
— við framleiðslu stofnfræs (*)	400 m
— við framleiðslu vottaðs fræs (*)	200 m
xTriticosecale, sjálffrævandi yrki	
— við framleiðslu stofnfræs	50 m
— við framleiðslu vottaðs fræs	20 m
Zea mays	200 m

(*) Á svæðum þar sem tilvist *S. halepense* eða *S. sudanense* er sérlegt vandamál að því er varðar víxlfrævingu gildir eftirfarandi:
a) ræktun til framleiðslu á stofnfræi *Sorghum bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 800 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum,
b) ræktun til framleiðslu á vottuðu fræi *Sorghum bicolor* eða blendingum þess skal vera einangruð í a.m.k. 400 m fjarlægð frá öllum slíkum mengandi frjógjöfum.

Víkja má frá lágmarksfjarlægðunum, sem tilgreindar eru í töflunni hér á undan, ef næg vernd gegn óæskilegri aðfrævun er fyrir hendi.“

FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1028 **2019/EES/15/03**

frá 19. júlí 2018

um leiðréttingu á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafræðiheiti tegundarinnar *Lolium x boucheanum* Kunth (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ([1]), einkum 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vegna misritunar í framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109 ([2]), sem breytti tilskipun 66/401/EBE, var neðanmálsgrein „(1)“ í III. viðauka við tilskipun 66/401/EBE fyrir mistök felld brott úr færslunni um *„Poaceae (Gramineae)“*. Þar af leiðandi geta aðildarríkin ekki lengur heimilað að auka hámarksþyngd framleiðslueiningar í 25 tonn ef viðkomandi birgir hefur fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.

2) Því ætti að leiðrétta viðkomandi viðauka við framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 til samræmis við það.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109

Viðaukanum við framkvæmdartilskipun (ESB) 2016/2109 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2019.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 184, 20.7.2018, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2298/66.

([2]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109 frá 1. desember 2016 um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE að því er varðar skráningu nýrra tegunda og grasafræðiheiti tegundarinnar *Lolium x boucheanum* Kunth (Stjtíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 59).

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað færslunnar um *„Poaceae (Gramineae)“* í fyrsta dálki töflunnar í 2. lið viðaukans við framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2109, sem breytir III. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE, komi eftirfarandi færsla ásamt meðfylgjandi neðanmálsgrein:

„*Poaceae (Gramineae)* (1)

(1) Auka má hámarksþyngd framleiðslueiningar í 25 tonn ef viðkomandi birgir hefur fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/685 **2019/EES/15/04**

frá 3. maí 2018

um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/200 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir abamektín, bjór, flúópýram, flúxapýroxað, malínhýdrasíð, sinnepsfræsduft og teflútrín í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr. og a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir abamektín og malínhýdrasíð. Í A-hluta III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir flúópýram, flúxapýroxað og teflútrín. Að því er varðar bjór og sinnepsfræsduft voru ekki fastsett sértæk hámarksgildi leifa né heldur voru efnin skráð í IV. viðauka við þá reglugerð og því gildir staðalgildi, sem er 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið abamektín til notkunar á banana var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.

3) Að því er varðar flúópýram var slík umsókn lögð fram varðandi súpugull. Að því er varðar flúxapýroxað var slík umsókn lögð fram varðandi „hitabeltisrótarávexti og -hnýði“, „aðra rótarávexti og hnýði, að sykurrófum undanskildum“, vorlauka, „blómstrandi kál“, rósakál, höfuðkál, „salat og salatplöntur“, „spínat og áþekk blöð“, jólasalat, „kryddjurtir og æt blóm“, ætiþistla, blaðlauka, „jurtate úr rótum“, „krydd úr rótum og jarðstönglum“ og kaffífífilsrætur. Að því er varðar teflútrín var slík umsókn lögð fram varðandi gulrætur.

4) Í samræmi við 2. og 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 var lögð fram umsókn varðandi flúxapýroxað til notkunar á sítrusávexti. Umsækjandinn fullyrðir að viðurkennd notkun efnisins á slíkar nytjaplöntur í Brasilíu leiði til þess að styrkur leifa verði meiri en hámarksgildi leifa í reglugerð (EB) nr. 396/2005 segir til um og að nauðsynlegt sé að setja hærra hámarksgildi leifa til að komast hjá viðskiptahindrunum við innflutning á þessum nytjaplöntum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 121, 16.5.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

5) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.

6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddum álitum um tillögð hámarksgildi leifa ([1]). Matvælaöryggisstofnunin sendi þessi álit til umsækjenda, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði þau aðgengileg almenningi.

7) Að því er varðar notkun flúxapýroxaðs á sítrusávexti komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu í rökstuddum álitum sínum að fyrirliggjandi gögn væru ekki fullnægjandi til að fastsetja nýtt hámarksgildi leifa varðandi allan flokkinn. Í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur Sambandsins um framreikning hámarksgilda leifa þykir þó rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir greipaldin við gildi gildandi hámarksgildis leifa fyrir appelsínur. Af þessum sökum ætti að halda gildandi hámarksgildum leifa fyrir sítrusávexti við núverandi gildi, að greipaldinum undanskildum þar sem hækka ætti hámarksgildi leifa í 0,3 mg/kg.

8) Að því er varðar allar aðrar umsóknir komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjendurnir óskuðu eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnanna. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessara efna vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið þau, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunarskammt bráðrar eitrunar.

9) Að því er varðar malínhýdrasíð lagði Matvælaöryggisstofnunin fram niðurstöðu um ritrýni á áhættumati á varnarefnum með því virka efni ([2]). Í því samhengi lagði hún til að hámarksgildi leifa fyrir kartöflur, hvítlauk, skalottlauka og mjólk yrðu hækkuð.

10) Bjór og sinnepsfræsduft eru samþykkt sem grunnefni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2090 ([3]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2066 ([4]), í þeirri röð. Ekki er búist við að skilyrði fyrir notkun þessara efna leiði til leifa í matvælum eða fóðurvörum sem gætu skapað áhættu fyrir neytendur. Því er rétt að færa þessi efni á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

11) Á grundvelli rökstuddra álita og niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa kröfurnar í 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.

12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([1]) Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: http://www.efsa.europa.eu:
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for abamectin in bananas.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 4987 (24 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for fluopyram in purslanes.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4984 (22 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue levels for fluxapyroxad in various crops.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4975 (30 bls.).
„Reasoned opinion on the modification of the existing maximum residue level for tefluthrin in carrots.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(10), 5016 (21 bls.).

([2]) „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance maleic hydrazide.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4492 (22 bls.).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2090 frá 14. nóvember 2017 um samþykki fyrir bjór sem grunnefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 297, 15.11.2017, bls. 22).

([4]) Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2066 frá 13. nóvember 2017 um samþykki fyrir sinnepsfræsdufti sem grunnefni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtíð. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 43).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Ákvæðum II., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dálkanna fyrir abamektín og malínhýdrasíð í II. viðauka komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ([a])	Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9-hverfna avermektíns B1a, gefin upp sem avermektín B1a) (F) (R)	Malínhýdrasíð
(1)	(2)	(3)	(4)
0100000	**NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR**		0,2 (*)
0110000	**Sítrusávextir**	0,015 (+)	
0110010	Greipaldin		
0110020	Appelsínur		
0110030	Sítrónur		
0110040	Súraldin		
0110050	Mandarínur		
0110990	Annað		
0120000	**Trjáhnetur**		
0120010	Möndlur	0,02 (+)	
0120020	Parahnetur	0,01 (*)	
0120030	Kasúhnetur	0,01 (*)	
0120040	Kastaníuhnetur	0,01 (*)	
0120050	Kókoshnetur	0,01 (*)	
0120060	Heslihnetur	0,02 (+)	
0120070	Goðahnetur	0,01 (*)	
0120080	Pekanhnetur	0,01 (*)	
0120090	Furuhnetukjarnar	0,01 (*)	
0120100	Pistasíuhnetur	0,01 (*)	
0120110	Valhnetur	0,02 (+)	
0120990	Annað	0,01 (*)	
0130000	**Kjarnaávextir**	0,03 (+)	
0130010	Epli		
0130020	Perur		

(1)	(2)	(3)	(4)
0130030	Kveði		
0130040	Trjámispilsaldin		
0130050	Dúnepli/japansplómur		
0130990	Annað		
0140000	**Steinaldin**		
0140010	Apríkósur	0,02(+)	
0140020	Kirsuber (sæt)	0,01 (*)	
0140030	Ferskjur	0,02 (+)	
0140040	Plómur	0,01 (*) (+)	
0140990	Annað	0,01 (*)	
0150000	**Ber og smá aldin**		
0151000	a) *Þrúgur*	0,01 (*) (+)	
0151010	Vínber til neyslu		
0151020	Vínþrúgur		
0152000	b) *Jarðarber*	0,15 (+)	
0153000	c) *Klungurber*		
0153010	Brómber	0,08 (+)	
0153020	Daggarber	0,01 (*)	
0153030	Hindber (rauð og gul)	0,08 (+)	
0153990	Annað	0,01 (*)	
0154000	d) *Önnur smá aldin og ber*	0,01 (*)	
0154010	Bláber		
0154020	Trönuber		
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	(+)	
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	(+)	
0154050	Rósaldin		
0154060	Mórber (svört og hvít)		
0154070	Eplaþyrniber/Miðjarðarhafstrjámispilsaldin		
0154080	Ylliber		
0154990	Annað		
0160000	**Ýmis aldin með**		
0161000	a) *Ætu hýði*	0,01 (*)	
0161010	Döðlur		
0161020	Fíkjur		
0161030	Ólífur til átu		
0161040	Gullappelsínur		
0161050	Stjörnualdin		
0161060	Gallaldin		
0161070	Jövuplómur		
0161990	Annað		

(1)	(2)	(3)	(4)
0162000	b) *Óætu hýði, lítil*	0,01 (*)	
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)		
0162020	Litkaber		
0162030	Píslaraldin		
0162040	Kaktusfíkjur		
0162050	Stjörnuepli		
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí		
0162990	Annað		
0163000	c) *Óætu hýði, stór*		
0163010	Lárperur	0,01 (*)	
0163020	Bananar	**0,02**	
0163030	Mangó	0,01 (*)	
0163040	Papæjualdin	0,03 (+)	
0163050	Granatepli	0,01 (*)	
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)	
0163070	Gvövur	0,01 (*)	
0163080	Ananas	0,01 (*)	
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)	
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)	
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)	
0163990	Annað	0,01 (*)	
0200000	**NÝTT EÐA FRYST GRÆNMETI**		
0210000	**Rótarávextir og hnýði**	0,01 (*)	
0211000	a) *Kartöflur*	(+)	**60**
0212000	b) *Hitabeltisrótarávextir og -hnýði*		0,2 (*)
0212010	Kassavarætur		
0212020	Sætar kartöflur		
0212030	Mjölrótarhnýði		
0212040	Örvarrætur		
0212990	Annað		
0213000	c) *Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykurrófum undanskildum*		
0213010	Rauðrófur		0,2 (*)
0213020	Gulrætur		**30**
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí		0,2 (*)
0213040	Piparrót		0,2 (*)

(1)	(2)	(3)	(4)
0213050	Ætihnúðar		0,2 (*)
0213060	Nípur		**30**
0213070	Steinseljurætur		0,2 (*)
0213080	Hreðkur	(+)	0,2 (*)
0213090	Hafursrætur		0,2 (*)
0213100	Gulrófur		0,2 (*)
0213110	Næpur		0,2 (*)
0213990	Annað		0,2 (*)
0220000	**Laukar**	0,01 (*)	
0220010	Hvítlaukur	(+)	**40**
0220020	Laukar	(+)	**15**
0220030	Skalottlaukar	(+)	**30**
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	(+)	0,2 (*)
0220990	Annað		0,2 (*)
0230000	**Aldingrænmeti**		0,2 (*)
0231000	a) *Náttskuggaætt*		
0231010	Tómatar	0,09 (+)	
0231020	Paprikur	0,07 (+)	
0231030	Eggaldin	0,09 (+)	
0231040	Okrur	0,01 (*)	
0231990	Annað	0,01 (*)	
0232000	b) *Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði*	0,04	
0232010	Gúrkur		
0232020	Smágúrkur		
0232030	Dvergbítar		
0232990	Annað		
0233000	c) *Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði*	0,01 (*)	
0233010	Melónur	(+)	
0233020	Risagrasker	(+)	
0233030	Vatnsmelónur	(+)	
0233990	Annað		
0234000	d) *Sykurmaís*	0,01 (*)	
0239000	e) *Annað aldingrænmeti*	0,01 (*)	

(1)	(2)	(3)	(4)
0240000	**Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni *Brassica*)**		0,2 (*)
0241000	a) *Blómstrandi kál*	0,01 (*)	
0241010	Spergilkál		
0241020	Blómkál		
0241990	Annað		
0242000	b) *Kálhöfuð*	0,01 (*)	
0242010	Rósakál		
0242020	Höfuðkál		
0242990	Annað		
0243000	c) *Blaðkál*		
0243010	Kínakál	0,05	
0243020	Grænkál	0,01 (*)	
0243990	Annað	0,01 (*)	
0244000	d) *Hnúðkál*	0,01 (*)	
0250000	**Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm**		0,2 (*)
0251000	a) *Salat og salatplöntur*		
0251010	Vorsalat/strábrúða	2 (+)	
0251020	Salat	0,09 (+)	
0251030	Breiðblaða salatfíflar	0,1 (+)	
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	0,01 (*)	
0251050	Vetrarkarsi	0,01 (*)	
0251060	Klettasalat	0.015 (+)	
0251070	Sinnepskál	0,01 (*)	
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*)	2 (+)	
0251990	Annað	0,01 (*)	
0252000	b) *Spínat og áþekk blöð*	0,01 (*)	
0252010	Spínat		
0252020	Súpugull		
0252030	Blaðbeðjur		
0252990	Annað		
0253000	c) *Vínviðarlauf og áþekkar tegundir*	0,01 (*)	
0254000	d) *Brunnperla*	0,01 (*)	
0255000	e) *Jólasalat/salatfíflar*	0,01 (*) (+)	

(1)	(2)	(3)	(4)
0256000	f) *Kryddjurtir og æt blóm*		
0256010	Kerfill	2 (+)	
0256020	Graslaukur	2 (+)	
0256030	Blöð af selleríi	0,09 (+)	
0256040	Steinselja	2 (+)	
0256050	Salvía	2 (+)	
0256060	Rósmarín	2 (+)	
0256070	Garðablóðberg	2 (+)	
0256080	Basilíka og æt blóm	2 (+)	
0256090	Lárviðarlauf	2 (+)	
0256100	Fáfnisgras	2 (+)	
0256990	Annað	0,02 (*)	
0260000	**Belgávextir**		0,2 (*)
0260010	Baunir (með fræbelg)	0,03	
0260020	Baunir (án fræbelgs)	0,01 (*)	
0260030	Ertur (með fræbelg)	0,03	
0260040	Ertur (án fræbelgs)	0,01 (*)	
0260050	Linsubaunir	0,01 (*)	
0260990	Annað	0,01 (*)	
0270000	**Stöngulgrænmeti**		0,2 (*)
0270010	Sperglar	0,01 (*)	
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)	
0270030	Sellerí	0,05	
0270040	Hnúðfenníkur	0,01 (*)	
0270050	Ætiþistlar	0,01 (*)	
0270060	Blaðlaukar	0,01 (*) (+)	
0270070	Rabarbarar	0,01 (*)	
0270080	Bambussprotar	0,01 (*)	
0270090	Pálmakjarnar	0,01 (*)	
0270990	Annað	0,01 (*)	
0280000	**Sveppir, mosar og skófir**	0,01 (*)	0,2 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir		
0280020	Villtir sveppir		
0280990	Mosar og skófir		
0290000	**Þörungar og dreifkjörnungslífverur**	0,01 (*)	0,2 (*)
0300000	**BELGÁVEXTIR**	0,01 (*)	0,2 (*)
0300010	Baunir		
0300020	Linsubaunir		
0300030	Ertur		

(1)	(2)	(3)	(4)
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir		
0300990	Annað		
0400000	**OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN**	0,01 (*)	0,5 (*)
0401000	**Olíufræ**		
0401010	Hörfræ		
0401020	Jarðhnetur		
0401030	Valmúafræ		
0401040	Sesamfræ		
0401050	Sólblómafræ		
0401060	Repjufræ		
0401070	Sojabaunir		
0401080	Mustarðsfræ		
0401090	Baðmullarfræ		
0401100	Risagraskersfræ		
0401110	Litunarþistilsfræ		
0401120	Hjólkrónufræ		
0401130	Akurdoðrufræ		
0401140	Hampfræ		
0401150	Kristpálmafræ		
0401990	Annað		
0402000	**Olíurík aldin**		
0402010	Ólífur til olíuframleiðslu		
0402020	Olíupálmakjarnar		
0402030	Olíupálmaaldin		
0402040	Dúnviðaraldin		
0402990	Annað		
0500000	**KORNTEGUNDIR**	0,01 (*)	0,2 (*)
0500010	Bygg		
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir		
0500030	Maís		
0500040	Hirsi		
0500050	Hafrar		
0500060	Hrísgrjón		
0500070	Rúgur		
0500080	Dúrra		
0500090	Hveiti		
0500990	Annað		
0600000	**TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ**	0,05 (*)	0,5 (*)
0610000	**Te**		

(1)	(2)	(3)	(4)
0620000	**Kaffibaunir**		
0630000	**Jurtate úr**		
0631000	a) *Blómum*		
0631010	Gæsajurt		
0631020	Læknakólfur		
0631030	Rósir		
0631040	Jasmína		
0631050	Lindiblóm		
0631990	Annað		
0632000	b) *Blöðum og kryddjurtum*		
0632010	Jarðarber		
0632020	Rauðrunnalauf		
0632030	Indíánaþyrnislauf		
0632990	Annað		
0633000	c) *Rótum*		
0633010	Garðabrúða		
0633020	Ginseng		
0633990	Annað		
0639000	d) *Öðrum plöntuhlutum*		
0640000	**Kakóbaunir**		
0650000	**Jóhannesarbrauð**		
0700000	**HUMLAR**	0,1	0,5 (*)
0800000	**KRYDD**		
0810000	**Krydd úr fræjum**	0,05 (*)	0,5 (*)
0810010	Anís/anísfræ		
0810020	Ilmfrú		
0810030	Sellerí		
0810040	Kóríander		
0810050	Kúmín		
0810060	Dill		
0810070	Fenníkur		
0810080	Grikkjasmári		
0810090	Múskat		
0810990	Annað		
0820000	**Aldinkrydd**	0,05 (*)	0,5 (*)
0820010	Allrahanda		
0820020	Kínapipar		
0820030	Kúmen		
0820040	Kardimommur		

(1)	(2)	(3)	(4)
0820050	Einiber		
0820060	Pipar (svartur, grænn og hvítur)		
0820070	Vanilla		
0820080	Tamarind		
0820990	Annað		
0830000	**Barkarkrydd**	0,05 (*)	0,5 (*)
0830010	Kanill		
0830990	Annað		
0840000	**Krydd úr rótum og jarðstönglum**		
0840010	Lakkrís	0,05 (*)	0,5 (*)
0840020	Engifer	0,05 (*)	0,5 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)	0,5 (*)
0840040	Piparrót	(+)	**(+)**
0840990	Annað	0,05 (*)	0,5 (*)
0850000	**Blómhnappakrydd**	0,05 (*)	0,5 (*)
0850010	Negull		
0850020	Kapers		
0850990	Annað		
0860000	**Frævukrydd**	0,05 (*)	0,5 (*)
0860010	Saffran		
0860990	Annað		
0870000	**Frækápukrydd**	0,05 (*)	0,5 (*)
0870010	Múskatblóm		
0870990	Annað		
0900000	**SYKURPLÖNTUR**	0,01 (*)	0,2 (*)
0900010	Sykurrófurætur		
0900020	Sykurreyr		
0900030	Kaffifífilsrætur		
0900990	Annað		
1000000	**AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR**		
1010000	**Vefir:**		
1011000	a) *Svín*	0,01 (*)	
1011010	Vöðvi		0,05
1011020	Fituvefur		0,1
1011030	Lifur		0,1

(1)	(2)	(3)	(4)
1011040	Nýru		1,5
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,02 (*)
1011990	Annað		0,02 (*)
1012000	b) *Nautgripir*		
1012010	Vöðvi	0,01 (*)	0,1
1012020	Fituvefur	0,01 (*)	0,1
1012030	Lifur	0,02	0,1
1012040	Nýru	0,01 (*)	2
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02	0,02 (*)
1012990	Annað	0,01 (*)	0,02 (*)
1013000	c) *Sauðfé*		
1013010	Vöðvi	0,02	0,1
1013020	Fituvefur	0,05	0,1
1013030	Lifur	0.025	0,1
1013040	Nýru	0,02	2
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,05	0,02 (*)
1013990	Annað	0,01 (*)	0,02 (*)
1014000	d) *Geitur*		
1014010	Vöðvi	0,01 (*)	0,1
1014020	Fituvefur	0,01 (*)	0,1
1014030	Lifur	0,02	0,1
1014040	Nýru	0,01 (*)	2
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02	0,02 (*)
1014990	Annað	0,01 (*)	0,02 (*)
1015000	e) *Hestar*		
1015010	Vöðvi	0,01 (*)	0,1
1015020	Fituvefur	0,01 (*)	0,1
1015030	Lifur	0,02	0,1
1015040	Nýru	0,01 (*)	2
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02	0,02 (*)
1015990	Annað	0,01 (*)	0,02 (*)
1016000	f) *Alifuglar*	0,01 (*)	
1016010	Vöðvi		0,05
1016020	Fituvefur		0,1
1016030	Lifur		0,02

(1)	(2)	(3)	(4)
1016040	Nýru		0,02 (*)
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)		0,02 (*)
1016990	Annað		0,02 (*)
1017000	g) *Önnur alin landdýr*		
1017010	Vöðvi	0,01 (*)	0,1
1017020	Fituvefur	0,01 (*)	0,1
1017030	Lifur	0,02	0,1
1017040	Nýru	0,01 (*)	2
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02	0,02 (*)
1017990	Annað	0,01 (*)	0,02 (*)
1020000	**Mjólk**	0,01 (*)	**0,07**
1020010	Nautgripir		
1020020	Sauðfé		
1020030	Geitur		
1020040	Hestar		
1020990	Annað		
1030000	**Fuglsegg**	0,01 (*)	0,1
1030010	Hænsni		
1030020	Endur		
1030030	Gæsir		
1030040	Kornhænur		
1030990	Annað		
1040000	**Hunang og aðrar býræktarafurðir**	0,05 (*)	0,05 (*)
1050000	**Froskdýr og skriðdýr**	0,01 (*)	0,05 (*)
1060000	**Landhryggleysingjar**	0,01 (*)	0,05 (*)
1070000	**Villt landhryggdýr**	0,01 (*)	0,05 (*)

(*) Greiningarmörk
(**) Samsetning varnarefna/kóða sem hámarksgildi leifa, eins og sett er fram í B-hluta III. viðauka, gilda um.
([a]) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.
(F) = Fituleysanlegt

Abamektín (summa avermektíns B1a, avermektíns B1b og delta-8,9-hverfna avermektíns B1a, gefin upp sem avermektín B1a) (F) (R)
(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:

Abamektín — kóði 1000000, að undanskildum 1040000: avermektín B1a

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. nóvember 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0110000 Sítrusávextir
0110010 Greipaldin
0110020 Appelsínur
0110030 Sítrónur
0110040 Súraldin
0110050 Mandarínur
0110990 Annað

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir og prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. nóvember 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0120010 Möndlur

0120060 Heslihnetur

0120110 Valhnetur

0130000 Kjarnaávextir

0130010 Epli

0130020 Perur

0130030 Kveði

0130040 Trjámispilsaldin

0130050 Dúnepli/japansplómur

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. nóvember 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0140010 Apríkósur

0140030 Ferskjur

0140040 Plómur

0151000 a) *Þrúgur*

0151010 Vínber til neyslu

0151020 Vínþrúgur

0152000 b) *Jarðarber*

0153010 Brómber

0153030 Hindber (rauð og gul)

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir og prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. nóvember 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0154030 Rifsber (rauð og hvít) og sólber

0154040 Stikilsber (græn, rauð og gul)

0163040 Papæjualdin

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tilteknar upplýsingar vantaði um greiningaraðferðir. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 19. nóvember 2017 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0211000 a) *Kartöflur*

0213080 Hreðkur

0220010 Hvítlaukur

0220020 Laukar

0220030 Skalottlaukar

0220040 Vorlaukar og pípulaukar

Chia-fræ (*Salvia hispanica*)	**Lýsing/Skilgreining:** Chia (*Salvia hispanica* L.) er einær, jurtkennd sumarplanta sem tilheyrir ættinni Labiatae. Fræin eru hreinsuð með vélrænum hætti eftir uppskeru. Blóm, lauf og aðrir hlutar plöntunnar eru fjarlægð. Þurrefni: 90–97% Prótín: 15–26% Fita: 18–39% Kolvetni (*): 18–43% Hrátrefjar (**): 18–43% Aska: 3–7% (*) Kolvetni innihalda trefjagildi (**) Hrátrefjar eru hluti af trefjum sem eru aðallega úr ómeltanlegu beðmi, pentósönum og ligníni **Framleiðsluferli:** Framleiðsluferli aldinsafa og drykkjarvörublandna aldinsafa, sem innihalda chia-fræ, felur í sér forvötnunar- og gerilsneyðingarþrep fræsins) Til staðar eru kerfi fyrir örverufræðilegt eftirlit og vöktunarkerfi.
Kítínglúkan úr *Aspergillus niger*	**Lýsing/Skilgreining:** Kítínglúkan fæst úr mygli *Aspergillus niger*; það er eilítið gult, lyktarlaust laust duft. Þurrefnisinnihald þess er 90% eða meira. Kítínglúkan samanstendur aðallega af tveimur fjölsykrum: — kítíni, samsett úr endurteknum einingum N-asetýl-D-glúkósamíns (CAS nr. 1398-61-4), — beta(1, 3)-glúkani, samsett úr endurteknum einingum D-glúkósa (CAS nr. 9041-22-9).

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Efnistap við þurrkun: ≤ 10% Kítínglúkan: ≥ 90% Hlutfall milli kítíns og glúkans: 30:70 til 60:40 Aska: ≤ 3,0% Lípíð: ≤ 1,0% Prótín: ≤ 6,0%
Kítínglúkanflóki úr *Fomes fomentarius*	**Lýsing/Skilgreining:** Kítínglúkanflóki fæst úr frumuveggjum gróhirslna sveppsins *Fomes fomentarius*. Hann samanstendur aðallega af tveimur fjölsykrum: — kítíni, samsett úr endurteknum einingum N-asetýl-D-glúkósamíns (CAS nr. 1398-61-4), — beta-(1,3)(1,6)-D-glúkani, samsett úr endurteknum einingum D-glúkósa (CAS nr. 9041-22-9). Framleiðsluferlið samanstendur af nokkrum þrepum, þ.m.t.: hreinsun, minnkun á stærð og mölun, mýking í vatni og hitun í basískri lausn, þvottur, þurrkun. Vatnsrofi er ekki beitt meðan á framleiðsluferlinu stendur. Útlit: Duft, lyktarlaust, bragðlaust, brúnt **Hreinleiki:** Raki: ≤ 15% Aska: ≤ 3,0% Kítínglúkan: ≥ 90% Hlutfall milli kítíns og glúkans: 70:20 Heildarmagn kolvetna, að undanskildum glúkönum: ≤ 0,1% Prótín: ≤ 2,0% Lípíð: ≤ 1,0% Melanín: ≤ 8,3% Aukefni: Ekkert pH-gildi: 6,7–7,5 **Þungmálmar:** Blý (milljónarhluti): ≤ 1,00 Kadmíum (milljónarhluti): ≤ 1,00 Kvikasilfur (milljónarhluti): ≤ 0,03 Arsen (milljónarhluti): ≤ 0,20

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Örverufræðilegar viðmiðanir: Miðsæknar bakteríur samtals: ≤ 10^3/g Ger- og myglusveppir: ≤ 10^3/g Kólígerlar við 30 °C: ≤ 10^3/g *E. coli:* ≤ 10/g *Salmonella* og aðrar sjúkdómsvaldandi bakteríur: Finnst ekki/25 g
Kítósanútdráttur úr sveppum (*Agaricus bisporus, Aspergillus niger*)	**Lýsing/Skilgreining:** Kítósanútdráttur (inniheldur aðallega pólý(D-glúkósamín)) fæst úr stilkum *Agaricus bisporus* eða úr mygli *Aspergillus niger*. Framleiðsluferlið, sem fellur undir einkaleyfi, samanstendur af nokkrum þrepum, þ.m.t.: útdráttur og fjarlæging asetýla (vatnsrof) í basískum miðli, uppleysing í súrum miðli, útfelling í basískum miðli, þvottur og þurrkun. Samheiti: Pólý(D-glúkósamín) Kítósan CAS-númer: 9012-76-4 Kítósanformúla: $(C_6H_{11}NO_4)_n$ Útlit: fíngert, laust duft Útlit: Beinhvítt yfir í eilítið brúnleitt Lykt: Lyktarlaust **Hreinleiki:** Kítósaninnihald (% massahlutfall þurrvigt):≥ 85 Glúkaninnihald (% massahlutfall þurrvigt): ≤ 15 Tap við þurrkun (% massahlutfall þurrvigt): ≤ 10 Seigja (1% í 1% ediksýru): 1-15 Asetýlunarstig (í % mól/blautvigt): 0-30 Seigja (1% í 1% ediksýru) (mPa.s): 1–14 að því er varðar kítósan úr Aspergillus niger; 12–25 að því er varðar kítín úr *Agaricus bisporus* Aska (% þyngd/þurrvigt): ≤ 3,0 Prótín (% þyngd/þurrvigt): ≤ 2,0 Kornastærð: > 100 nm Eðlismassi eftir þjöppun (g/cm^3): 0,7–1,0 Fitubindingargeta 800 × (þyngd/blautvigt): í lagi

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Þungmálmar: Kvikasilfur (milljónarhluti): ≤ 0,1 Blý (milljónarhluti): ≤ 1,0 Arsen (milljónarhluti): ≤ 1,0 Kadmíum (milljónarhluti): ≤ 0,5 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Fjöldi örvera við lofthá skilyrði (CFU/g): ≤ 10^3 Fjöldi ger- og myglusveppa (CFU/g): ≤ 10^3 *Escherichia coli* (CFU/g): ≤ 10 Iðrabakteríur (CFU/g): ≤ 10 *Salmonella:* Finnst ekki/25 g *Listeria monocytogenes*: Finnst ekki/25 g
Kondróitínsúlfat	**Lýsing/Skilgreining:** Kondróitínsúlfat (natríumsalt) er vara sem er framleidd með erfðatækni. Það fæst með efnafræðilegri súlfötun kondróitíns sem fæst úr gerjun með bakteríum *Escherichia coli* O5:K4:H4 stofni U1-41 (ATCC 23502). Kondróitínsúlfat (natríumsalt) (% miðað við þurrt ástand): 95-105 MWw (meðalþyngd) (kDa): 5-12 MWn (meðalfjöldi) (kDa): 4-11 Dreifni ($w_h/w_{0,05}$): ≤ 0,7 Súlfötunarmynstur (ΔDi-6S) (%): ≤ 85 Tap við þurrkun (%) (105 °C þar til þyngdin er stöðug): ≤ 10,0 Glæðileif (% miðað við þurrt ástand): 20–30 Prótín (% miðað við þurrt ástand): ≤ 0,5 Inneitur (EU/mg): ≤ 100 Lífræn óhreinindi samtals (mg/kg): ≤ 50
Krómpikólínat	**Lýsing/Skilgreining:** Krómpikólínat er rauðleitt laust duft, lítillega leysanlegt í vatni við pH-gildið 7. Saltið er einnig leysanlegt í skautuðum lífrænum leysum. Efnaheiti: tris(2-pýridínkarboxýlató-N,O)króm(III) eða 2-pýridínkarboxýlsýrukróm(III)salt CAS-nr.: 14639-25-9

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Efnaformúla: $Cr(C_6H_4NO_2)_3$ Efnafræðilegir eiginleikar: Krómpikólínat: ≥ 95% Króm (III): 12–13% Króm (VI): greinist ekki Vatn: ≤ 4,0%
***Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt)**	**Lýsing:** *Cistus incanus* L. Pandalis (kryddjurt); tegundin tilheyrir ættinni Cistaceae og er upprunaleg á Miðjarðarhafssvæðinu, Chalkidiki-skaganum. **Samsetning:** Raki: 9–10 g/100 g kryddjurtir Prótín: 6,1 g/100 g kryddjurtir Fita: 1,6 g/100 g kryddjurtir Kolvetni: 50,1 g/100 g kryddjurtir Trefjar: 27,1 g/100 g kryddjurtir Steinefni: 4,4 g/100 g kryddjurtir Natríum: 0,18 g Kalíum: 0,75 g Magnesíum: 0,24 g Kalsíum: 1,0 g Járn: 65 mg B_1-vítamín: 3,0 µg B_2-vítamín: 30 µg B_6-vítamín: 54 µg C-vítamín: 28 mg A-vítamín: minna en 0,1 mg E-vítamín: 40–50 mg Alfatókóferól: 20–50 mg Beta- og gammatókóferól: 2–15 mg Deltatókóferól: 0,1–2 mg

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Sítikólín	**Lýsing/Skilgreining:** Sítikólín er framleitt með örveruferli. Sítikólín er samsett úr sýtósíni, ríbósa, pýrófosfati og kólíni. Hvítt, kristallað duft Efnaheiti: Kólínsýtidín-5′-pýrófosfat, sýtidín-5′-(þrívetnisdífosfat)-P′-[2-(trímetýlammóníó)etýl]estratvíjón Efnaformúla: $C_{14}H_{26}N_4O_{11}P_2$ Sameindaþyngd: 488,32 g/mól CAS-nr.: 987-78-0 pH-gildi (sýnislausn sem nemur 1%): 2,5–3,5 **Hreinleiki:** Mælt innihald: ≥ 98% af þurrefni Tap við þurrkun (100 °C í 4 klst.): ≤ 5,0% Ammóníum: ≤ 0,05% Arsen: Ekki meira en 2 milljónarhlutar Óbundnar fosfórsýrur: ≤ 0,1% 5′-Sýtidýlsýra: ≤ 1,0% **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 10^3 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 10^2 CFU/g *Escherichia coli:* Finnst ekki í 1 g
Clostridium butyricum	**Lýsing/Skilgreining:** *Clostridium butyricum* (CBM-588) er gramjákvæð, grómyndandi, nauðbundið loftháð (e. *obligate anaerobic*), ekki sjúkdómsvaldandi, óerfðabreytt baktería. Vörslunúmer FERM BP-2789 **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi lífvænlegra örvera við loftháð skilyrði: ≤ 10^3 CFU/g *Escherichia coli:* Greinist ekki í 1 g

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Staphylococcus aureus: Greinist ekki í 1 g *Pseudomonas aeruginosa*: Greinist ekki í 1 g Ger- og myglusveppir: $\leq 10^2$ CFU/g
Útdráttur úr fitusneyddu kakódufti	Kakóútdráttur (*Theobroma cacao* L.) Útlit: Dökkbrúnt duft laust við sýnileg óhreinindi Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar: Pólýfenólinnihald: A.m.k. 55,0% GAE Þeóbrómíninnihald: Að hámarki 10,0% Öskuinnihald: Að hámarki 5,0% Rakainnihald: Að hámarki 8,0% Rúmþyngd: 0,40–0,55 g/cm^3 pH-gildi: 5,0–6,5 Leysiefnaleifar: Að hámarki 500 milljónarhlutar
Fitulítill kakókjarni	Fitulítill kakóútdráttur (*Theobroma cacao* L.) Útlit: Dökkrautt yfir í purpurarautt duft Kakóútdráttur, óblandaður: A.m.k. 99% Kísiltvíoxíð (tæknilegt hjálparefni): Að hámarki 1,0% Flavanól úr kakói: A.m.k. 300 mg/g — Epíkatekín: A.m.k. 45 mg/g Efnistap við þurrkun: Að hámarki 5,0%
Kóríanderolía úr fræi *Coriandrum sativum*	**Lýsing/Skilgreining:** Kóríanderfræsolía er olía, sem inniheldur glýseríð úr fitusýrum, sem er framleidd úr fræjum kóríanderjurtarinnar *Coriandrum sativum* L. Eilítið gul á lit, bragðdauf CAS-nr.: 8008-52-4 Samsetning fitusýra: Palmitínsýra (C16:0): 2–5% Sterínsýra (C18:0): < 1,5% Steinseljusýra (cis-C18:1 (n-12)): 60–75% Olíusýra (cis-C18:1 (n-9)): 8–15%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Línólsýra (C18:2): 12–19% α-línólensýra (C18:3): < 1,0% Transfitusýrur: ≤ 1,0% **Hreinleiki:** Brotstuðull (20 °C): 1,466–1,474 Sýrutala: ≤ 2,5 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 5,0 meq/kg Joðtala: 88–110 einingar Sápunartala: 186–200 mg kalíumhýdroxíð/g Ósápanlegt efni: ≤ 15 g/kg
Þurrkuð aldin *Crataegus pinnatifida*	**Lýsing/Skilgreining:** Þurrkuð aldin tegundarinnar *Crataegus pinnatifida* sem tilheyrir ættinni Rosaceae og er upprunaleg í Norður-Kína og Kóreu. **Samsetning:** Þurrefni: 80% Kolvetni: 55 g/kg votvigt Frúktósi: 26,5–29,3 g/100 g Glúkósi: 25,5–28,1 g/100 g C-vítamín: 29,1 mg/100 g votvigt Natríum: 2,9 g/100 g votvigt Ávaxtamauk eru vörur sem fást með hitameðhöndlun á ætum hluta einnar tegundar eða nokkurra tegunda ávaxta, heilla eða í bitum, einnig síaðra, án verulegrar þykkingar. Nota má sykur, vatn, eplasítra, krydd og sítrónusafa.
α-sýklódextrín	**Lýsing/Skilgreining:** Hringtengd sykra, sem afoxar ekki, sem samanstendur af sex α-1,4-tengdum D-glúkópýranósýleiningum, sem koma fram við verkun sýklódextrínglúkósýltransferasa (CGTase, EC 2.4.1.19) á vatnsrofna sterkju. Endurheimt og hreinsun α-sýklódextríns er hægt að framkvæma með því að nota eina af eftirtöldum aðferðum: útfelling á flóka α-sýklódextríns með 1-dekanóli, uppleysing í vatni við hækkað hitastig og endurútfelling, gufustrípun flókamyndandi efnisins (e. complexant) og kristöllun α-sýklódextríns úr lausninni; eða litskiljun með jónaskiptum eða gelsíun og þar á eftir kristöllun α-sýklódextríns úr hreinsaða móðurvökvanum; eða himnuaðskilnaðaraðferðir, s.s. örsíun og himnusíun: Lýsing: Því sem næst lyktarlaust, hvítt eða nærri hvítt, kristallað, fast efni. Samheiti: α-sýklódextrín, α-dextrín, sýklóhexaamýlósi, sýklómaltóhexaósi, α-sýklómýlasi Efnaheiti: Sýklóhexaamýlósi

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	CAS-nr.: 10016-20-3 Efnaformúla: $(C_6H_{10}O_5)_6$ Mólmassi: 972,85 Magngreining: ≥ 98% (miðað við þurrt ástand) **Auðkenning:** Bræðslumarksbil: Brotnar niður yfir 278 °C Leysni: Auðleysanlegt í vatni, mjög lítillega leysanlegt í etanóli Eðlissnúningur: $[\alpha]_D^{25}$: Á bilinu +145° til +151° (1% lausn) Litskiljun: Rástími fyrir helsta toppgildi í vökvaskiljun á sýni svarar til rástímans fyrir α-sýklódextrín í skiljuriti fyrir α-sýklódextrín til viðmiðunar (fáanlegt hjá Consortium für Elektrochemische Industrie GmbH, München, Þýskalandi eða Wacker Biochem Group, Adrian, MI, Bandaríkjunum) með því að nota skilyrðin sem lýst er í greiningaraðferðinni **Hreinleiki:** Vatn: ≤ 11% (aðferð Karls Fischers) Leifar flókamyndandi efnis: ≤ 20 mg/kg (1-dekanól) Afoxandi efni: ≤ 0,5% (sem glúkósi) Súlfataska: ≤ 0,1% Blý: ≤ 0,5 mg/kg **Greiningaraðferð:** Ákvarðað með vökvaskilju við eftirfarandi skilyrði: Sýnislausn: Nákvæmlega vegið prófunarsýni, u.þ.b. 100 mg, er sett í 10 ml mæliflösku og 8 ml af afjónuðu vatni bætt við. Sýnið er alveg leyst upp með því að nota úthljóðsbúnaðarbað (10–15 mín.) og þynnt að markinu með hreinsuðu afjónuðu vatni. Síun gegnum 0,45-míkrómetra síu Viðmiðunarlausn: Nákvæmlega vegin u.þ.b. 100 mg af α-sýklódextríni eru sett í 10 ml mæliflösku og 8 ml af afjónuðu vatni bætt við. Sýnið er alveg leyst upp með því að nota úthljóðsbúnaðarbað og þynnt að markinu með hreinsuðu afjónuðu vatni. Litskiljun: Vökvaskilja búin brotstuðulsnema og samþættum skrifara. Súla og pökkun: Nucleosil-100-NH_2 (10 µm) (Macherey & Nagel Co. Düren, Þýskalandi) eða svipað Lengd: 250 mm Þvermál: 4 mm Hitastig: 40 °C Ferðafasi: asetónítríl/vatn (67/33, rúmmálshlutfall) Rennsli: 2,0 ml/mín Rúmmál innsprautunar: 10 µl.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Verkferli: Sýnislausninni er sprautað inn í litskiljuna, skiljuritið skráð og svæði α-CD-toppgildisins mælt. Hundraðshluti α-sýklódextríns í prófunarsýninu er reiknaður út á eftirfarandi hátt: % α-sýklódextrín (þurrt ástand) = 100 × (A_S/A_R) (W_R/W_S) þar sem A_S og A_R eru þau svæði toppgildanna sem stafa af α-sýklódextríni í sýnislausninni annars vegar og viðmiðunarlausninni hins vegar. W_S og W_R eru þyngdir (mg) α-sýklódextríns í prófunarsýninu annars vegar og viðmiðunarsýninu hins vegar, eftir að leiðrétt hefur verið fyrir vatnsinnihaldi.
γ-sýklódextrín	**Lýsing/Skilgreining:** Hringtengd sykra, sem afoxar ekki, sem samanstendur af átta α-1,4-tengdum D-glúkópýranósýleiningum, sem koma fram við verkun sýklódextrínglúkósýltransferasa (CGTase, EC 2.4.1.19) á vatnsrofna sterkju. Endurheimt og hreinsun γ-sýklódextríns er hægt að framkvæma með útfellingu á flóka γ-sýklódextríns með 8-sýklóhexadeken-1-óni, uppleysingu flókans með vatni og n-dekani, gufustrípun vatnsfasans og endurheimt gamma-CD úr lausninni með kristöllun. Því sem næst lyktarlaust, hvítt eða nærri hvítt, kristallað, fast efni Samheiti: γ-sýklódextrín, γ-dextrín, sýklóoktaamýlósi, sýklómaltóoktaósi, γ-sýklómýlasi Efnaheiti: Sýklóoktaamýlósi CAS-númer: 17465-86-0 Efnaformúla: $(C_6H_{10}O_5)_8$ Magngreining: ≥ 98% (miðað við þurrt ástand) **Auðkenning:** Bræðslumarksbil: Brotnar niður yfir 285 °C Leysni: Auðleysanlegt í vatni, mjög lítillega leysanlegt í etanóli Eðlissnúningur: $[\alpha]_D^{25}$: á bilinu + 174º og + 180º (1% lausn) **Hreinleiki:** Vatn: ≤ 11% Leifar flókamyndandi efnis (8-sýklóhexadeken-1-ón (CHDC)): ≤ 4 mg/kg Leysiefnaleifar (n-dekan): ≤ 6 mg/kg Afoxandi efni: ≤ 0,5% (sem glúkósi) Súlfataska: ≤ 0,1%
Dextranblöndur sem eru framleiddar með *Leuconostoc mesenteroides*	1. **Duftform:** Kolvetni: 60% með: (Dextran: 50%, mannítól: 0,5%, frúktósi: 0,3%, lúkrósi: 9,2%) Prótín: 6,5% Lípíð: 0,5%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Mjólkursýra: 10% Etanól: snefilmagn Aska: 13% Raki: 10% 2. **Vökvaform:** Kolvetni: 12% með: (Dextran: 6,9%, mannítól: 1,1%, frúktósi: 1,9%, lúkrósi: 2,2%) Prótín: 2,0% Lípíð: 0,1% Mjólkursýra: 2,0% Etanól: 0,5% Aska: 3,4% Raki: 80%
Díasýlglýserólolía úr jurtaríkinu	**Lýsing/Skilgreining:** Framleidd úr glýseróli og fitusýrum sem eru fengnar úr jurtaolíum, einkum úr sojaolíu (*Glycine max*) eða repjufræsolíu (*Brassica campestris*, *Brassica napus*), með því að nota sérstakt ensím. **Dreifing asýlglýseróls:** Díasýlglýseról (DAG): ≥ 80% 1,3-díasýlglýseról (1,3-DAG): ≥ 50% Tríasýlglýseról (TAG): ≤ 20% Mónóasýlglýseról (MAG): ≤ 5,0% **Samsetning fitusýrna (MAG, DAG, TAG):** Olíusýra (C18:1): 20–65% Línólsýra (C18:2): 15–65% Línólensýra (C18:3): ≤ 15% Mettaðar fitusýrur: ≤ 10% **Önnur:** Sýrutala: ≤ 0,5 mg kalíumhýdroxíð/g Raki og rokgirni: ≤ 0,1% Peroxíðtala (PV): ≤ 1,0 meq/kg Ósápanlegir þættir: ≤ 2,0% Transfitusýrur ≤ 1,0% MAG = mónóasýlglýseról, DAG = díasýlglýseról, TAG = tríasýlglýseról

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Díhýdrókapsíat (DHC)	**Lýsing/Skilgreining:** Díhýdrókapsíat er búið til með ensímhvataðri estrun á vanillýlalkóhóli og 8-metýlnónansýru. Í kjölfar estrunar er díhýdrókapsíatið dregið út með n-hexani. Seigfljótandi litlaus yfir í gulleitan vökva Efnaformúla: C_{18} H_{28} O_4 CAS-nr.: 205687-03-2 **Eðlisefnafræðilegir eiginleikar:** Díhýdrókapsíat: > 94% 8-metýlnónansýra: < 6,0% Vanillýlalkóhól: < 1,0% Önnur tilbúin tengd efni: < 2,0%
Þurrkaður útdráttur *Lippia citriodora* úr frumuræktum	**Lýsing/Skilgreining:** Þurrkaður útdráttur *Lippia citriodora* (Palau) Kunth úr frumuræktum HTN®Vb.
Útdráttur úr frumurækt *Echinacea angustifolia*	**Lýsing/Skilgreining:** Útdráttur úr rótum *Echinacea angustifolia* sem fæst úr plöntuvefjarækt sem samsvarar í aðalatriðum útdrætti úr rót *Echinacea angustifolia* sem fæst í etanól-vatni sem er títrað í 4% ekínakósíð.
Útdráttur úr frumurækt *Echinacea purpurea*	**Lýsing/Skilgreining:** Þurrkaður útdráttur *Echinacea purpurea*a úr frumuræktum HTN®Vb
Olía úr *Echium plantagineum*	**Lýsing/Skilgreining:** Echium-olía er fölgul vara sem fæst með því að hreinsa olíu sem er útdregin úr fræjum *Echium plantagineum* L. Steríónsýra: ≥ 10% massahlutfall af heildarfitusýrum Transfitusýrur: ≤ 2,0% massahlutfall af heildarfitusýrum Sýrutala: ≤ 0,6 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 5,0 meq O_2/kg Ósápanlegt innihald: ≤ 2,0% Prótíninnihald (köfnunarefni alls): ≤ 20 µg/ml Pýrrólisídínbeiskjuefni: Ógreinanlegt við greiningarmörkin 4,0 µg/kg

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Epígallókatekíngallat sem hreinsaður útdráttur úr grænum telaufum (*Camellia sinensis*)	**Lýsing/Skilgreining:** Mjög vel hreinsaður útdráttur úr grænum telaufum (*Camellia sinensis* (L.) Kuntze) í formi fíngerðs beinhvíts yfir í fölbleiks dufts. Það er samsett úr a.m.k. 90% epigallókatekíngallati (EGCG) og er með bræðslumark u.þ.b. á bilinu 210 til 215 °C Útlit: beinhvítt yfir í fölbleikt duft Efnaheiti: pólýfenól(-)epígallókatekín-3-gallat Samheiti: epígallókatekíngallat (EGCG) CAS-nr.: 989-51-5 INCI-heiti: epígallókatekíngallat Sameindamassi: 458,4 g/mól Tap við þurrkun: að hámarki 5,0% **Þungmálmar:** Arsen: að hámarki 3,0 milljónarhlutar Blý: að hámarki 5,0 milljónarhlutar **Magngreining:** A.m.k. 94% epígallókatekíngallat (EGCG) (á þurru efni) Að hámarki 0,1% koffín Leysni: Epígallókatekíngallat (EGCG) er nokkuð uppleysanlegt í vatni, etanóli, metanóli og asetoni
L-ergóþíóneín	**Skilgreining** Efnaheiti (IUPAC): (2S)-3-(2-þíoxó-2,3-díhýdró-1*H*-imídasól-4-ýl)-2-(trímetýlammóníó)-própanóat Efnaformúla: $C_9H_{15}N_3O_2S$ Sameindamassi: 229,3 Da CAS-nr.: 497-30-3

Mæliþáttur	*Nákvæm skilgreining*	*Aðferð*
Útlit	Hvítt duft	Sjónræn skoðun
Skautsnúningur	$[\alpha]_D \geq (+)\ 122°$ (c = 1, H_2O)[a)]	Skautunarmæling
Efnafræðilegur hreinleiki	≥ 99,5% ≥ 99,0%	Háþrýstivökvaskiljun [Eur. Ph. (Evrópska lyfjaskráin) 2,2.29] 1H-NMR

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining		
	Auðkenning	Er í samræmi við byggingu C: 47,14 ± 0,4% H: 6,59 ± 0,4% N: 18,32 ± 0,4%	1H-NMR Frumefnagreining
	Heildarmagn leysiefnaleifa (metanól, etýlasetat, ísóprópanól, etanól)	[Eur. Ph. (Evrópska lyfjaskráin) 01/2008:50400] < 1 000 milljónarhlutar	Gasgreining [Eur. Ph. (Evrópska lyfjaskráin) 01/2008:20424]
	Efnistap við þurrkun	Innri staðall < 0,5%	[Eur. Ph. (Evrópska lyfjaskráin) 01/2008:20232]
	Óhreinindi	< 0,8%	Háþrýstivökvaskiljun/gegndræpisskiljun eða róteindasegulómun
	Þungmálmar[b) c)]		
	Blý	< 3,0 milljónarhlutar	Rafgasgeislunargreining
	Kadmíum	< 1,0 milljónarhlutar	(Pb, Cd)
	Kvikasilfur	< 0,1 milljónarhlutar	Frumeindaflúrljómun (Hg)
	Örverufræðileg skilgreining[b)]		
	Heildarfjöldi lífvænlegra örvera við loftháð skilyrði (TVAC)	≤ 1 x 10^3 CFU/g	[Eur. Ph. (Evrópska lyfjaskráin) 01/2011:50104]
	Heildarfjöldi ger- og myglusveppa (TYMC)	≤ 1 x 10^2 CFU/g	
	Escherichia coli	Finnst ekki í 1 g	
	Eur. Ph.: Evrópska lyfjaskráin; 1H-NMR: róteindasegulómun (e. *proton nuclear magnetic resonance*); HPLC: háþrýstivökvaskiljun; GPC: gegndræpisskiljun; ICP/AES: rafgasgeislunargreining; CFU: þyrpingamyndandi einingar. a) Lit. $[\alpha]_D$ = (+) 126,6 (c = 1, H_2O) b) Greiningar gerðar á hverri lotu c) Hámarksgildi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1881/2006		

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Járn(III)natríum-EDTA	**Lýsing/Skilgreining:** Járn(III)natríum-EDTA (etýlendíamíntetraediksýra) er lyktarlaust gult yfir í brúnt laust duft, með efnafræðilegan hreinleika sem er yfir 99% (massahlutfall). Það er auðleysanlegt í vatni. Efnaformúla: $C_{10}H_{12}FeN_2NaO_8 * 3H_2O$ Efnafræðilegir eiginleikar: Sýrustig í 1% lausn: 3,5–5,5 Járn: 12,5–13,5% Natríum: 5,5% Vatn: 12,8% Lífrænt efni (CHNO): 68,4% Etýlendíamíntetraediksýra (EDTA): 65,5–70,5% Vatnsóleysanlegt efni: ≤ 0,1% Nítríltríediksýra: ≤ 0,1%
Járn(II)ammóníumfosfat	**Lýsing/Skilgreining:** Járn(II)ammóníumfosfat er grátt/grænt fíngert duft, nánast óleysanlegt í vatni og leysanlegt í þynntum ólífrænum sýrum. CAS-nr.: 10101-60-7 Efnaformúla: $FeNH_4PO_4$ Efnafræðilegir eiginleikar: Sýrustig 5% sviflausnar í vatni: 6,8–7,8 Járn (samtals): ≥ 28% Járn(II): 22–30% (massahlutfall) Járn(III): ≤ 7,0% (massahlutfall) Ammoníak: 5–9% (massahlutfall) Vatn: ≤ 3,0%
Fiskpeptíð úr *Sardinops sagax*	**Lýsing/Skilgreining:** Nýja innihaldsefnið í matvælum er peptíðblanda, sem fæst með basísku próteasahvötuðu vatnsrofi á fiskvöðvum (*Sardinops sagax*), síðan einangrun á peptíðþættinum með súluskiljun, þykkingu í lofttæmi og úðaþurrkun. Gulleitt hvítt duft

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Peptíð (1) (keðjustutt peptíð, dípeptíð og trípeptíð með sameindaþyngd sem er minni en 2 kDa): ≥ 85 g/100 g Valýltýrósýn (dípeptíð): 0,1–0,16 g/100 g Aska: ≤ 10 g/100 g Raki: ≤ 8 g/100 g (1) Kjeldahl-aðferðin
Flavonóíð úr *Glycyrrhiza glabra*	**Lýsing/Skilgreining:** Flavonóíð, unnin úr rótum eða grunnstofnum *Glycyrrhiza glabra* L., eru dregin út með etanóli og síðan frekari útdrætti úr þessum etanólútdrætti með miðlungslangkeðja þríglýseríðum. Vökvinn er dökkbrúnn á litinn, inniheldur 2,5–3,5% glabridín. Raki: < 0,5% Aska: < 0,1% Peroxíðtala (PV): < 0,5 meq/kg Glabridín: 2,5–3,5% af fitu Glýsyrrisínsýra: < 0,005% Fita, þ.m.t. efni af tegundinni pólýfenól: ≥ 99% Prótín: < 0,1% Kolvetni: ógreinanleg
Fúkóídanútdráttur úr þanginu og þaranum *Fucus vesiculosus*	**Lýsing/Skilgreining:** Fúkóídan úr þanginu og þaranum *Fucus vesiculosus* er dregið út með því að nota vatnsútdrátt í sýrulausn og síunarferli án þess að nota lífræna leysa. Útdrátturinn sem úr þessu kemur er þykktur og þurrkaður til að fá fúkóídanútdrátt með eftirfarandi nákvæmri skilgreiningu: Beinhvítt yfir í brúnt duft Lykt og bragð: Dauf lykt og dauft bragð Raki: < 10% (við 105 °C í 2 klst.) pH-gildi: 4,0–7,0 (1% sviflausn við 25 °C) **Þungmálmar:** Arsen (ólífrænt): < 1,0 milljónarhlutar Kadmíum: < 3,0 milljónarhlutar Blý: < 2,0 milljónarhlutar Kvikasilfur: < 1,0 milljónarhlutar

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði < 10 000 CFU/g Fjöldi ger- og myglusveppa: < 100 CFU/g Heildarfjöldi iðrabaktería: Ekki fyrir hendi/g *Escherichia coli:* Ekki fyrir hendi/g *Salmonella:* Finnst ekki/10 g *Staphylococcus aureus*: Ekki fyrir hendi/g Samsetning tveggja leyfðra útdráttartegunda, byggt á magni fúkóídans: *Útdráttur 1:* Fúkóídan: 75–95% Algínat: 2,0–5,5% Pólýflóróglúsýnól: 0,5–15% Mannítól: 1–5% Náttúruleg sölt/óbundin steinefni: 0,5–2,5% Önnur kolvetni: 0,5–1,0% Prótín: 2,0–2,5% *Útdráttur 2:* Fúkóídan: 60–65% Algínat: 3,0–6,0% Pólýflóróglúsýnól: 20–30% Mannítól: < 1,0% Náttúruleg sölt/óbundin steinefni: 0,5–2,0% Önnur kolvetni: 0,5–2,0% Prótín: 2,0–2,5%
Fúkóídanútdráttur úr þanginu og þaranum *Undaria pinnatifida*	**Lýsing/Skilgreining:** Fúkóídan úr þanginu og þaranum *Undaria pinnatifida* er dregið út með því að nota vatnsútdrátt í sýrulausn og síunarferli án þess að nota lífræna leysa. Útdrátturinn sem úr þessu kemur er þykktur og þurrkaður til að fá fúkóídanútdrátt með eftirfarandi nákvæmri skilgreiningu: Beinhvítt yfir í brúnt duft Lykt og bragð: Dauf lykt og dauft bragð

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Raki: < 10% (við 105 °C í 2 klst.) pH-gildi: 4,0–7,0 (1% sviflausn við 25 °C) **Þungmálmar:** Arsen (ólífrænt): < 1,0 milljónarhlutar Kadmíum: < 3,0 milljónarhlutar Blý: < 2,0 milljónarhlutar Kvikasilfur: < 1,0 milljónarhlutar **Örverufræði:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði < 10 000 CFU/g Fjöldi ger- og myglusveppa: < 100 CFU/g Heildarfjöldi iðrabaktería: Ekki fyrir hendi/g *Escherichia coli:* Ekki fyrir hendi/g *Salmonella:* Finnst ekki/10 g *Staphylococcus aureus*: Ekki fyrir hendi/g Samsetning tveggja leyfðra útdráttartegunda, byggt á magni fúkóídans: *Útdráttur 1:* Fúkóídan: 75–95% Algínat: 2,0–6,5% Pólýflóróglúsýnól: 0,5–3,0% Mannítól: 1–10% Náttúruleg sölt/óbundin steinefni: 0,5–1,0% Önnur kolvetni: 0,5–2,0% Prótín: 2,0–2,5% *Útdráttur 2:* Fúkóídan: 50–55% Algínat: 2,0–4,0% Pólýflóróglúsýnól: 1,0–3,0% Mannítól: 25–35% Náttúruleg sölt/óbundin steinefni: 8–10% Önnur kolvetni: 0,5–2,0% Prótín: 1,0–1,5%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
2′-fúkósýllaktósi (tilbúinn)	**Skilgreining:** Efnaheiti: α-L-fúkópýranósýl-(1→2)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Efnaformúla: $C_{18}H_{32}O_{15}$ CAS-nr.: 41263-94-9 Sameindaþyngd: 488,44 g/mól **Lýsing:** 2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með efnasmíði. **Hreinleiki:** 2′-fúkósýllaktósi: ≥ 95% D-laktósi: ≤ 1,0% massahlutfall L-fúkósi: ≤ 1,0% massahlutfall Hverfur dífúkósýl-D-laktósa: ≤ 1,0% massahlutfall 2′-fúkósýl-D-laktúlósi: ≤ 0,6% massahlutfall pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 3,2-7,0 Vatn (%): ≤ 9,0% Súlfataska: ≤ 0,2% Ediksýra: ≤ 0,3% Leysiefnaleifar (metanól, 2-própanól, metýlasetat, aseton): ≤ 50,0 mg/kg eitt og sér, ≤ 200,0 mg/kg í samsetningu Prótínleifar: ≤ 0,01% **Þungmálmar:** Palladíum: ≤ 0,1 mg/kg Nikkel: ≤ 3,0 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 500 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 10 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg

<table>
<tr><th>Leyft nýfæði</th><th colspan="2">Nákvæm skilgreining</th></tr>
<tr><td>2′-fúkósýllaktósi
(örverufræðilegur uppruni)</td><td colspan="2">Skilgreining:
Efnaheiti: α-L-fúkópýranósýl-(1→2)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi
Efnaformúla: $C_{18}H_{32}O_{15}$
CAS-nr.: 41263-94-9
Sameindaþyngd: 488,44 g/mól</td></tr>
<tr><td></td><td>Uppruni:
Erfðabreyttur stofn Escherichia coli K-12</td><td>Uppruni:
Erfðabreyttur stofn Escherichia coli BL21</td></tr>
<tr><td></td><td>Lýsing:
2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örveruferli.
Hreinleiki:
2′-fúkósýllaktósi: ≥ 90%
D-laktósi: ≤ 3,0%
L-fúkósi: ≤ 2,0
Dífúkósýl-D-laktósi: ≤ 2,0%
2′-fúkósýl-D-laktúlósi: ≤ 1,0%
pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 3,0–7,5
Vatn: ≤ 9,0%
Súlfataska: ≤ 2,0%
Ediksýra: ≤ 1,0%
Prótínleifar: ≤ 0,01%
Örverufræðilegar viðmiðanir:
Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 3 000 CFU/g
Gersveppir: ≤ 100 CFU/g
Myglusveppir: ≤ 100 CFU/g
Inneitur: ≤ 10 EU/mg</td><td>Lýsing:
2′-fúkósýllaktósi er hvítt yfir í beinhvítt duft og fljótandi þykkni (45% ± 5% massi miðað við rúmmál) er litlaus, yfir í eilítið gul, tær vatnslausn. 2′-fúkósýllaktósi er framleiddur með örverufræðilegri aðferð.
Hreinleiki:
2′-fúkósýllaktósi: ≥ 90%
Laktósi: ≤ 5,0%
Fúkósi: ≤ 3,0%
3-fúkósýllaktósi: ≤ 5,0%
Fúkósýlgalaktósi: ≤ 3,0%
Dífúkósýllaktósi: ≤ 5,0%
Glúkósi: ≤ 3,0%
Galaktósi: ≤ 3,0%
Vatn: ≤ 9,0% (duft)
Súlfataska: ≤ 0,5% (duft og vökvi)
Prótínleifar: ≤ 0,01% (duft og vökvi)</td></tr>
</table>


Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining	
		Þungmálmar: Blý: ≤ 0,02 mg/kg (duft og vökvi), Arsen: ≤ 0,2 mg/kg (duft og vökvi) Kadmíum: ≤ 0,1 mg/kg (duft og vökvi) Kvikasilfur: ≤ 0,5 mg/kg (duft og vökvi) **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarlíftala: ≤ 10^4 CFU/g (duft), ≤ 5 000 CFU/g (vökvi) Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g (duft), ≤ 50 CFU/g (vökvi) Iðrabakteríur/kólígerlar: ekki fyrir hendi í 11g (duft og vökvi) *Salmonella*: neikvætt/100 g (duft), neikvætt/200 ml (vökvi) *Cronobacter*: neikvætt/100 g (duft), neikvætt/200 ml (vökvi) Inneitur: ≤ 100 EU/g (duft), ≤ 100 EU/ml (vökvi) Aflatoxín M1: ≤ 0,025 µg/kg (duft og vökvi)
Galaktófásykra	**Lýsing/Skilgreining:** **Galaktófásykra er framleidd úr mjólkurlaktósa með ensímvinnslu þar sem notaðir eru β-galaktósíðasar úr *Aspergillus oryzae, Bifidobacterium bifidum, Pichia pastoris, Sporobolomyces singularis, Kluyveromyces lactis, Bacillus circulans og Papiliotrema terrestris*.** Galaktófásykra: a.m.k. 46% þurrefni (DM) Laktósi: að hámarki 40% þurrefni Glúkósi: að hámarki 27% þurrefni Galaktósi: a.m.k. 0,8% þurrefni Aska: að hámarki 4,0% þurrefni Prótín: að hámarki 4,5% þurrefni Nítrít: að hámarki 2 mg/kg	
Glúkósamín HCl úr *Aspergillus niger* og erfðabreyttum stofni *E. coli* K-12	Hvítt kristallað lyktarlaust duft Sameindaformúla: $C_6H_{13}NO_5 \cdot HCl$ Sameindamassi: 215,63 g/mól D-glúkósamín HCl 98,0–102,0% af viðmiðunarstaðli (háþrýstivökvaskiljun) Eðlissnúningur + 70,0º - + 73,0º	

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Glúkósamínsúlfat KCl úr *Aspergillus niger* og erfðabreyttum stofni *E. coli* K-12	Hvítt kristallað lyktarlaust duft Sameindaformúla: $(C_6H_{14}NO_5)_2SO_4 \cdot 2KCl$ Sameindamassi: 605,52 g/mól D-glúkósamínsúlfat 2KCl 98,0–102,0% af viðmiðunarstaðli (háþrýstivökvaskiljun) Eðlissnúningur +50,0º til +52,0º
Glúkósamínsúlfat NaCl úr *Aspergillus niger* og erfðabreyttum stofni *E. coli* K-12	Hvítt kristallað lyktarlaust duft Sameindaformúla: $(C_6H_{14}NO_5)_2SO_4 \cdot 2NaCl$ Sameindamassi: 573,31 g/mól D-glúkósamín HCl: 98–102% af viðmiðunarstaðli (háþrýstivökvaskiljun) Eðlisskautsnúningur: +52º - +54º
Gúargúmmí	**Lýsing/Skilgreining:** Upprunalegt gúargúmmí er mulin fræhvíta úr fræjum úr náttúrulegum stofni gúarplöntunnar *Cyamopsis tetragonolobus* L. Taub. (Leguminosae-ættin). Það samanstendur af fjölsykru með mikla sameindaþyngd, sem er aðallega samsett úr galaktópýranósa- og mannópýranósaeiningum, sem eru tengdar með glýkósíðtengjum, sem lýsa má efnafræðilega sem galaktómannani (galaktómannaninnihald ekki minna en 75%). Útlit: Hvítt yfir í gulleitt duft Sameindaþyngd: Á bilinu 50 000–8 000 000 dalton CAS-númer: 9000-30-0 EINECS-númer: 232-536-8 Hreinleiki: Eins og tilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ([1]) og í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/175 frá 5. febrúar 2015 um sérstök skilyrði sem gilda um innflutning á gúargúmmíi, sem er upprunnið á Indlandi eða sent þaðan, vegna mengunaráhættu af völdum pentaklórfenóls og díoxína ([2]). **Eðlisefnafræðilegir eiginleikar:** **Duft** Geymsluþol: 2 ár Litur: Hvítt Lykt: Lítið óhreinn Meðalþvermál agna: 60–70µm Raki: Að hámarki 15% Seigja * eftir 1 klst. —

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Seigja * eftir 2 klst.: A.m.k. 3 600 mPa.s Seigja * eftir 24 klst.: A.m.k. 4 000 mPa.s Leysni: Leysanlegt í heitu og köldu vatni pH-gildi fyrir 10g/L, við 25 °C - 6–7,5 **Flögur** Líftími: 1 ár Litur: Hvítt/beinhvítt þar sem svartir blettir eru ekki fyrir hendi eða í lágmarki Lykt: Lítið óhreinn Meðalþvermál agna: 1–10 mm Raki: Að hámarki 15% Seigja * eftir 1 klst.: A.m.k. 3 000 mPa.s Seigja * eftir 2 klst. — Seigja * eftir 24 klst. — Leysni: Leysanlegt í heitu og köldu vatni pH-gildi fyrir 10g/L, við 25 °C - 5–7,5 (*) Mælingar á seigju fara fram við eftirfarandi skilyrði: 1%, 25 °C, 20 snún./mín.
Hitameðhöndlaðar mjólkurvörur sem eru gerjaðar með *Bacteroides xylanisolvens*	**Lýsing/Skilgreining:** Hitameðhöndlaðar gerjaðar mjólkurvörur eru framleiddar með *Bacteroides xylanisolvens* (DSM 23964) sem frumrækt. Léttmjólk (á bilinu 1,5–1,8% fita) eða undanrenna (0,5% fita eða minna) er gerilsneydd eða leifturhituð (UTH) áður en gerjun hefst með *Bacteroides xylanisolvens* (DSM 23964). Gerjaða mjólkurvaran sem af þessu leiðir er gerð einsleit og síðan hitameðhöndluð til að óvirkja *Bacteroides xylanisolvens* (DSM 23964). Fullunna varan inniheldur ekki lífvænlegar frumur *Bacteroides xylanisolvens* (DSM 23964) ([1]). ([1]) Breytt DIN EN ISO 21528-2.
Hýdroxýtýrósól	**Lýsing/Skilgreining:** Hýdroxýtýrósól er fölgulur seigfljótandi vökvi sem fæst með efnasmíði Sameindaformúla: $C_8H_{10}O_3$ Sameindaþyngd: 154,6 g/mól CAS-nr.: 10597-60-1 Raki ≤ 0,4% Lykt: Einkennandi

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Bragð: Eilítið beiskt Leysni (vatn): Blandanlegt með vatni pH-gildi: 3,5–4,5 Brotstuðull: 1,571–1,575 **Hreinleiki:** Hýdroxýtýrósól: ≥ 99% Ediksýra: ≤ 0,4% Hýdroxýtýrósólasetat: ≤ 0,3% Summa hómóvanillínsýru, ísóhómóvanillínsýru og 3-metoxý-4-hýdroxýfenýlglýkóls: ≤ 0,3% **Þungmálmar** Blý: ≤ 0,03 mg/kg Kadmíum: ≤ 0,01 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 0,01 mg/kg **Leysiefnaleifar** Etýlasetat: ≤ 25,0 mg/kg Ísóprópanól: ≤ 2,50 mg/kg Metanól: ≤ 2,00 mg/kg Tetrahýdrófúran: ≤ 0,01 mg/kg
Ísmyndunarhindrandi prótín (e. *ice structuring protein*), tegund III HPLC 12	**Lýsing/Skilgreining:** Ísmyndunarhindrandi prótínblanda er ljósbrúnn vökvi, sem er framleiddur með gerjun í kafi á erfðabreyttum stofni brauðgers af matvælagæðum (*Saccharomyces cerevisiae*), þar sem tilbúið gen fyrir ísmyndunarhindrandi prótínið hefur verið sett inn í genamengi gersins. Prótínið er dregið út og seytt inn í vaxtarætið þar sem það er aðskilið frá gerfrumunum með örsíun og þykkt með míkrósíun. Af því leiðir að gerfrumurnar flytjast ekki yfir í ísmyndunarhindrandi prótínblönduna, sem slíkar eða í öðru formi. Ísmyndunarhindrandi prótínblandan samanstendur af upprunalegu ísmyndunarhindrandi prótíni, glýkósýluðu ísmyndunarhindrandi prótíni og prótínum og peptíðum úr gerinu og sykrunum sem og sýrum og söltum sem er algengt að finna í matvælum. Þykknið er stöðgað með 10 mM af sítrónusýru-jafnalausn. Magngreining: ≥ 5 g/l af virku ísmyndunarhindrandi prótíni pH-gildi: 2,5–3,5 Aska: ≤ 2,0% DNA: Ógreinanlegt
Vatnskenndur kjarni úr þurrkuðum laufum *Ilex guayusa*	**Lýsing/Skilgreining:** Dökkbrúnn vökvi. Vatnskenndur kjarni úr þurrkuðum laufum *Ilex guayusa*.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Samsetning: Prótín: < 0,1 g/100 ml Fita: < 0,1 g/100 ml Kolvetni: 0,2–0,3 g/100 ml Heildarsykurinnihald: < 0,2 g/100 ml Koffín: 19,8–57,7 mg/100 ml Þeóbrómín: 0,14–2,0 mg/100 ml Klórógensýrur; 9,9–72,4 mg/100 ml
Ísómaltófásykra	**Duft:** Leysni (vatn) (%): > 99 Glúkósi (% miðað við þurrt ástand): ≤ 5,0 Ísómaltósi + DP3 til DP9 (% miðað við þurrt ástand): ≥ 90 Raki (%): ≤ 4,0 Súlfataska (g/100 g): ≤ 0,3 **Þungmálmar:** Blý (mg/kg): ≤ 0,5 Arsen (mg/kg): ≤ 0,5 **Síróp:** Þurrkuð föst efni (g/100 g): > 75 Glúkósi (% miðað við þurrt ástand): ≤ 5,0 Ísómaltósi + DP3 til DP9 (% miðað við þurrt ástand): ≥ 90 pH-gildi: 4–6 Súlfataska (g/100 g): ≤ 0,3 **Þungmálmar:** Blý (mg/kg): ≤ 0,5 Arsen (mg/kg): ≤ 0,5
Ísómaltúlósi	**Lýsing/Skilgreining:** Afoxandi tvísykra sem samanstendur af einum glúkósahluta og einum frúktósahluta sem eru tengdir með alfa-1,6-glýkósíðtengi. Hún fæst úr súkrósa með ensímvinnslu. Verslunarvaran er mónóhýdratið. Útlit: Því sem næst lyktarlausir, hvítir eða nærri hvítir kristallar með sætubragði

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Efnaheiti: 6-O-α-D-glúkópýranósýl-D-frúktófúranósi, mónóhýdrat CAS-nr.: 13718-94-0 Efnaformúla: $C_{12}H_{22}O_{11} \cdot H_2O$ Byggingarformúla  Mólmassi: 360,3 (mónóhýdrat) **Hreinleiki:** Magngreining: ≥ 98% miðað við þurrt ástand: Efnistap við þurrkun: ≤ 6,5% (60 °C, 5 klst.) **Þungmálmar:** Blý: ≤ 0,1 mg/kg Ákvarðað með því að nota frumeindagleypnitækni sem á við fyrir tilgreint svið. Val á sýnastærð og aðferð við undirbúning sýnis má byggjast á meginreglum aðferðar sem lýst er í FNP 5 (1), „*Instrumental methods*“ (1) „Food and Nutrition Paper 5 Rev. 2 — Guide to specifications for general notices, general analytical techniques, identification tests, test solutions and other reference materials“ (Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum), 1991, 322 bls., enska, ISBN 92-5-102991-1.
Laktítól	**Lýsing/Skilgreining:** Kristallað duft eða litlaus lausn sem er framleidd með hvataðri vetnun laktósa. Kristölluð framleiðsla finnst í vatnsfríum, ein- og tvívötnuðum formum. Nikkel er notað sem hvati. Efnaheiti: 4-O-β-D-galaktópýranósýl-D-glúsítól Efnaformúla: $C_{12}H_{24}O_{11}$ Sameindaþyngd: 344,31 g/mól CAS-nr.: 585-86-4

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Hreinleiki: Leysni (í vatni): Mjög leysanlegt í vatni Eðlissnúningur $[\alpha]_D^{20}$ = + 13º til + 16º Magngreining: ≥ 95% sem þurrvigt Vatn: ≤ 10,5% Önnur fjölgilt alkóhól: ≤ 2,5% sem þurrvigt Afoxandi sykrur: ≤ 0,2% sem þurrvigt Klóríð: ≤ 100 mg/kg sem þurrvigt Súlföt: ≤ 200 mg/kg sem þurrvigt Súlfataska: ≤ 0,1% sem þurrvigt Nikkel: ≤ 2,0 mg/kg sem þurrvigt Arsen: ≤ 3,0 mg/kg sem þurrvigt Blý: ≤ 1,0 mg/kg sem þurrvigt
Laktó-N-neótetraósi (tilbúinn)	**Skilgreining:** Efnaheiti: β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-2-asetamíðó-2-deoxý-β-D-glúkópýranósýl-(1→3)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Efnaformúla: $C_{26}H_{45}NO_{21}$ CAS-nr.: 13007-32-4 Sameindaþyngd: 707,63 g/mól **Lýsing:** Laktó-N-neótetraósi er hvítt yfir í beinhvítt duft. Framleitt í ferli með efnasmíði og einangrað með kristöllun. **Hreinleiki:** Magngreining (vatnslaust): ≥ 96% D-laktósi: ≤ 1,0% Laktó-N-tríósi II: ≤ 0,3% Hverfur laktó-N-neótetraósafrúktósa: ≤ 0,6% pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 5,0-7,0 Vatn: ≤ 9,0% Súlfataska: ≤ 0,4% Ediksýra: ≤ 0,3%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Leysiefnaleifar (metanól, 2-própanól, metýlasetat, aseton): ≤ 50 mg/kg eitt og sér, ≤ 200 mg/kg í samsetningu Prótínleifar: ≤ 0,01% Palladíum: ≤ 0,1 mg/kg Nikkel: ≤ 3,0 mg/kg **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 500 CFU/g Gersveppir: ≤ 10 CFU/g Myglusveppir: ≤ 10 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg
Laktó-N-neótetraósi (örverufræðilegur uppruni)	**Skilgreining:** Efnaheiti: β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-2-asetamíðó-2-deoxý-β-D-glúkópýranósýl-(1→3)-β-D-galaktópýranósýl-(1→4)-D-glúkópýranósi Efnaformúla: $C_{26}H_{45}NO_{21}$ CAS-nr.: 13007-32-4 Sameindaþyngd: 707,63 g/mól **Uppruni:** Erfðabreyttur stofn *Escherichia coli* K-12 **Lýsing:** Laktó-N-neótetraósi er hvítt yfir í beinhvítt duft sem er framleitt með örveruferli. Laktó-N-neótetraósi er einangraður með kristöllun. **Hreinleiki:** Magngreining (vatnslaust): ≥ 92% D-laktósi: ≤ 3,0% Laktó-N-tríósi II: ≤ 3,0% para-laktó-N-neóhexaósi: ≤ 3,0% Hverfur laktó-N-neótetraósafrúktósa: ≤ 1,0% pH-gildi (20 °C, 5% lausn): 4,0–7,0 Vatn: ≤ 9,0% Súlfataska: ≤ 0,4% Leysiefnaleifar (metanól): ≤ 100 mg/kg Prótínleifar: ≤ 0,01%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Örverufræðilegar viðmiðanir: Heildarfjöldi loftháðra miðsækinna baktería: ≤ 500 CFU/g Gersveppir: ≤ 10 CFU/g Myglusveppir: ≤ 10 CFU/g Inneiturleifar: ≤ 10 EU/mg
Útdráttur úr laufum refasmára (*Medicago sativa*)	**Lýsing/Skilgreining:** Refasmári (*Medicago sativa* L.) er unninn innan 2 klukkustunda frá uppskeru. Hann er saxaður og malaður. Með því að láta refasmárann fara í gegnum pressu, sem er ætluð fyrir olíuríkar afurðir, gefur hann frá sér trefjóttar leifar og pressusafa (10% af þurrefni). Þurrefnið í þessum safa inniheldur u.þ.b. 35% af hráprótíni. Pressusafinn (pH-gildi 5,8–6,2) er hlutleystur. Forhitun og gufuinnsprautun gerir það að verkum að prótín, sem tengjast lífrænum litarefnum karótenóíða og klórófýlla, storkna. Prótínbotnfallið er aðskilið með skiljun og þurrkað þar á eftir. Eftir að askorbínsýru hefur verið bætt við er refasmáraprótínþykknið kornað og geymt í óhvarfgjarnri lofttegund eða í kaldri geymslu. **Samsetning:** Prótín: 45–60% Fita: 9–11% Óbundin kolvetni (uppleysanlegar trefjar): 1–2% Fjölsykrur (óleysanlegar trefjar): 11–15% Þar með talinn sellulósi: 2–3% Steinefni: 8–13% Sapónín: ≤ 1,4% Ísóflavón: ≤ 350 mg/kg Kúmestról: ≤ 100 mg/kg Fýtöt: ≤ 200 mg/kg L-kanavanín: ≤ 4,5 mg/kg
Lýkópen	**Lýsing/Skilgreining:** Tilbúið lýkópen er framleitt með niðurseyðingu á tilbúnum milliefnum með aðferð Wittigs sem algengt er að sé notuð við framleiðslu á öðrum karótenóíðum sem notuð eru í matvæli. Tilbúið lýkópen samanstendur af ≥ 96% lýkópeni og litlu magni af öðrum skyldum efnisþáttum karótenóíða. Lýkópen eru annaðhvort boðin fram sem duft í heppilegum efniviði eða sem olíudreifilausn. Liturinn er dökkrauður eða rauðfjólublár. Þráavörn verður að vera tryggð. Efnaheiti: Lýkópen CAS-nr.: 502-65-8 (altranslýkópen) Efnaformúla: $C_{40}H_{56}$ Mólmassi: 536,85 Da

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Lýkópen úr *Blakeslea trispora*	**Lýsing/Skilgreining:** Hreinsað lýkópen úr *Blakeslea trispora* samanstendur af ≥ 95% lýkópeni og ≤ 5% af öðrum karótenóíðum. Það er annaðhvort boðið fram sem duft í heppilegum efniviði eða sem olíudreifilausn. Liturinn er dökkrauður eða rauðfjólublár. Þráavörn verður að vera tryggð. Efnaheiti: Lýkópen CAS-nr.: 502-65-8 (altranslýkópen) Efnaformúla: $C_{40}H_{56}$ Mólmassi: 536,85 Da
Lýkópen úr tómötum	**Lýsing/Skilgreining:** Hreinsað lýkópen úr tómötum (*Lycopersicon esculantum* L.) samanstendur af ≥ 95% lýkópeni og ≤ 5% af öðrum karótenóíðum. Það er annaðhvort boðið fram sem duft í heppilegum efniviði eða sem olíudreifilausn. Liturinn er dökkrauður eða rauðfjólublár. Þráavörn verður að vera tryggð. Efnaheiti: Lýkópen CAS-nr.: 502-65-8 (altranslýkópen) Efnaformúla: $C_{40}H_{56}$ Mólmassi: 536,85 Da
Lýkópenóleóresín úr tómötum	**Lýsing/Skilgreining:** Lýkópenóleóresín úr tómötum fæst með leysisútdrætti úr þroskuðum tómötum (*Lycopersicon esculentum* Mill.) þar sem leysirinn er fjarlægður að útdrætti loknum. Það er seigfljótandi tær vökvi, rauður yfir í dökkbrúnan. Heildarmagn lýkópens: 5–15% Þar af translýkópen: 90–95% Heildarmagn karótenóíða (reiknað út sem lýkópen): 6,5–16,5% Önnur karótenóíð: 1,75% (fýtóen/fýtóflúen/β-karótín): (0,5–0,75/0,4–0,65/0,2–0,35%) Heildarmagn tókóferóla: 1,5–3,0% Ósápanlegt efni: 13–20% Heildarmagn fitusýrna: 60–75% Vatn (Karl Fischer): ≤ 0,5%
Magnesíusítratmalat	**Lýsing/Skilgreining:** Magnesíumsítratmalat er hvítt yfir í gulhvítt, myndlaust duft.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Efnaformúla: $Mg_5(C_6H_5O_7)_2(C_4H_4O_5)_2$ Efnaheiti: Pentamagnesíumdí-(2-hýdroxýbútandíóat)-dí-(2-hýdroxýprópan-1,2,3-tríkarboxýlat) CAS-nr.: 1259381-40-2 Sameindaþyngd: 763,99 dalton (vatnsfrítt) Leysni: Auðleysanlegt í vatni (u.þ.b. 20 g í 100 ml) Lýsing á eðlisástandi: Myndlaust duft Magngreining magnesíums: 12,0–15,0% Tap við þurrkun (120 °C/4 klst.): ≤ 15% Litur (fast efni): Hvítt yfir í gulleitt Litur (20% vatnslausn): Litlaust yfir í gulleitt Útlit (20% vatnslausn): Tær lausn pH-gildi (20% vatnslausn): Um það bil 6,0 **Óhreinindi:** Klóríð: ≤ 0,05% Súlfat: ≤ 0,05% Arsen: ≤ 3,0 milljónarhluti Blý: ≤ 2,0 milljónarhluti Kadmíum: ≤ 1 milljónarhluti Kvikasilfur: ≤ 0,1 milljónarhluti
Útdráttur úr magnólíuberki	**Lýsing/Skilgreining:** Útdráttur úr magnólíuberki fæst úr berki plöntunnar *Magnolia officinalis* L. og er framleiddur með koltvísýringi í yfirmarksástandi. Börkurinn er þveginn og ofnþurrkaður til að minnka rakainnihaldið áður en hann er malaður og dregið út úr honum með koltvísýringi í yfirmarksástandi. Útdrátturinn er leystur upp í etanóli af lyfjagæðum og endurkristallaður til að fá útdrátt úr magnólíuberki. Útdráttur úr magnólíuberki er aðallega samsettur úr tveimur fenólsamböndum, magnólóli og hónókíóli. Útlit: Ljósbrúnleitt duft **Hreinleiki:** Magnólól: ≥ 85,2% Hónókíól: ≥ 0,5% Magnólól og hónókíól: ≥ 94% Heildarmagn evdesmóls: ≤ 2% Raki: 0,50%

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Þungmálmar: Arsen (milljónarhluti): ≤ 0,5 Blý (milljónarhluti): ≤ 0,5 Metýlevgenól (milljónarhluti): ≤ 10 Túbókúrarín (milljónarhluti): ≤ 2,0 Beiskjuefni samtals (milljónarhluti): ≤ 100
Maískímolía sem inniheldur mikið af ósápanlegu efni	**Lýsing/Skilgreining:** Maískímolía sem inniheldur mikið af ósápanlegu efni er framleidd með eimingu í lofttæmi og er frábrugðin hreinsaðri maískímolíu að því er varðar styrk ósápanlega þáttarins (1,2 g í hreinsaðri maískímolíu og 10 g í „maískímolíu sem inniheldur mikið af ósápanlegu efni“). **Hreinleiki:** Ósápanlegt efni: > 9,0 g/100 g Tókóferól: ≥ 1,3 g/100 g α-tókóferól (%): 10–25% β-tókóferól (%): < 3,0% γ-tókóferól (%): 68–89% δ-tókóferól (%): < 7,0% Steról, tríterpenalkóhól, metýlsteról: > 6,5 g/100 g Fitusýrur í þríglýseríðum: Palmitínsýra: 10,0–20,0% Sterínsýra: < 3,3% Olíusýra: 20,0–42,2% Línólsýra: 34,0–65,6% Línólensýra: < 2,0% Sýrutala: ≤ 6,0 mg kalíumhýdroxíð/g Peroxíðtala (PV): ≤ 10 mEq O_2/kg **Þungmálmar:** Járn (Fe): < 1 500 µg/kg Kopar (Cu): < 100 µg/kg **Óhreinindi:** Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) bensó[a]pýren: < 2 µg/kg Meðhöndlun með virku kolefni er nauðsynleg til að tryggja að fjölhringa, arómatísk vetniskolefni séu ekki auðguð við framleiðslu á „maískímolíu sem inniheldur mikið af ósápanlegu efni“

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Metýlsellulósi	**Lýsing/Skilgreining:** Metýlsellulósi er sellulósi unninn beint úr trefjaríkum hlutum plantna sem finnast í náttúrunni og er að hluta eteraður með metýlhópum. Efnaheiti: Metýleter úr sellulósa Efnaformúla: Fjölliðurnar eru setnar anhýdróglúkósaeiningum með eftirfarandi almennri formúlu: C6H7O2(OR1)(OR2)(OR3) þar sem R1, R2, R3 geta hver um sig verið eitt af eftirfarandi: — H — CH_3 eða — CH_2CH_3 Sameindaþyngd: Stórsameindir: frá u.þ.b. 20 000 (n u.þ.b. 100) allt að u.þ.b. 380 000 g/mól (n u.þ.b. 2 000) Magngreining: Innihald a.m.k. 25% og ekki meira en 33% af metoxýlhópum (-OCH_3) og ekki meira en 5% af hýdroxýetoxýlhópum (-OCH_2CH_2OH) Eilítið ídrægt, hvítt eða eilítið gulleitt eða gráleitt, lyktar- og bragðlaust, kornað eða trefjakennt duft. Leysni: Þenst út í vatni og myndar tæra yfir í ópallýsandi, seiga kvoðulausn. Óleysanlegt í etanóli, eter og klóróformi. Leysanlegt í ísediki. **Hreinleiki:** Efnistap við þurrkun: ≤ 10% (105 °C, 3 klst.) Súlfataska: ≤ 1,5% ákvarðað við 800 ± 25 °C pH-gildi: ≥ 5,0 og ≤ 8,0 (1% kvoðulausn) **Þungmálmar:** Arsen: ≤ 3,0 mg/kg Blý: ≤ 2,0 mg/kg Kvikasilfur: ≤ 1,0 mg/kg Kadmíum: ≤ 1,0 mg/kg
(6S)-5-metýltetrahýdró-fólínsýra, glúkósamínsalt	**Lýsing/Skilgreining:** Efnaheiti: N-[4-[[[(6S)-2-amínó-1,4,5,6,7,8-hexahýdró-5-metýl-4-oxó-6-teridínýl]metýl]amínó]bensóýl]-L-glútamínsýra, glúkósamínsalt Efnaformúla: $C_{32}H_{51}N_9O_{16}$ Sameindaþyngd: 817,80 g/mól (vatnsfrítt) CAS-nr.: 1181972-37-1 Útlit: Rjómalitað yfir í ljósbrúnt duft

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Hreinleiki: Fjölhverfuhreinleiki: A.m.k 99% (6S)-5-metýltetrahýdrófólínsýra Glúkósamíngreining: 34–46% miðað við þurrt ástand 5-metýltetrahýdrófólínsýrugreining: 54–59% miðað við þurrt ástand Vatn: ≤ 8,0% **Þungmálmar:** Blý: ≤ 2,0 milljónarhluti Kadmíum: ≤ 1,0 milljónarhluti Kvikasilfur: ≤ 0,1 milljónarhluti Arsen: ≤ 2,0 milljónarhluti Bór: ≤ 10 milljónarhluti **Örverufræðilegar viðmiðanir:** Heildarfjöldi örvera við loftháð skilyrði ≤ 100 CFU/g Ger- og myglusveppir: ≤ 100 CFU/g *Escherichia coli:* Finnst ekki í 10 g
Mónómetýlsílanetríól (lífrænn kísill)	**Lýsing/Skilgreining:** Efnaheiti: 1-metýlsílanetríól Efnaformúla: CH_6O_3Si Sameindaþyngd: 94,14 g/mól CAS-nr.: 2445-53-6 **Hreinleiki:** Lífræn kísillausn (mónómetýlsílanetríól) (vatnslausn): Sýrustig (pH): 6,4–6,8 Kísill: 100–150 mg Si/l **Þungmálmar:** Blý: ≤ 1,0 µg/l Kvikasilfur: ≤ 1,0 µg/l Kadmíum: ≤ 1,0 µg/l Arsen: ≤ 3,0 µg/l **Leysar:** Metanól: ≤ 5,0 mg/kg (leifar fyrir hendi)

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Mygluútdráttur úr tókasvepp (*Lentinula edodes*)	**Lýsing/Skilgreining:** Nýja innihaldsefnið í matvælum er dauðhreinsaður vatnskenndur kjarni sem fæst úr mygli *Lentinula edodes* sem er ræktað í gerjun í kafi. Þetta er ljósbrúnn, eilítið gruggugur vökvi. Lentínan er β-(1-3) β-(1-6)-D-glúkan með sameindaþyngd sem nemur u.þ.b. 5×10^5 daltonum, stig greiningar sem nemur 2/5 og þrefalda gormlaga tertíeruppbyggingu (e. *triple helical tertiary structure*). **Hreinleiki/samsetning mygluútdráttar úr Lentinula edodes:** Raki: 98% Þurrefni: 2% Óbundinn glúkósi: < 20 mg/ml Heildarmagn prótíns (1): < 0,1 mg/ml Efnisþættir sem innihalda köfnunarefni (2): < 10 mg/ml Lentínan: 0,8–1,2 mg/ml\ (1) Bradford-aðferðin (2) Kjeldahl-aðferðin
Nónaldinsafi (*Morinda citrifolia*)	**Lýsing/Skilgreining:** Nónaldin (aldin *Morinda citrifolia* L.) eru pressuð. Safinn sem fæst er gerilsneyddur. Valkvætt gerjunarþrep getur komið til fyrir eða eftir pressun. Rúbíadín: ≤ 10 µg/kg Lúsidín: ≤ 10 µg/kg
Nónaldinsafaduft (*Morinda citrifolia*)	**Lýsing/Skilgreining:** Fræ og hýði sólþurrkaðra aldina af *Morinda citrifolia* eru aðskilin. Aldinkjötið sem fæst er síað til að aðskilja safann frá kjötinu. Þurrkun framleidds safa fer fram á einn eða tvo vegu: Annaðhvort með sundrun með notkun maísmaltódextríns; þessi blanda fæst með því að halda hraðanum á flæði safans og maltódextrínsins stöðugum. Eða með þurrkun með seólítum eða þurrkun og síðan blöndun með hjálparefni; þetta ferli gerir það kleift að þurrka safann fyrst og blanda hann síðan með maltódextrínum (sama magn og notað er við sundrun).
Nónaldinmauk og -þykkni (*Morinda citrifolia*)	**Lýsing/Skilgreining:** Aldin *Morinda citrifolia* eru handtínd. Hægt er að aðskilja fræ og skurn með vélrænum hætti frá maukuðum aldinum. Eftir gerilsneyðingu er maukinu pakkað í ílát, að viðhafðri smitgát, og geymt við köld skilyrði.

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
	Þykkni úr *Morinda citrifolia* er tilreitt úr mauki *M. citrifolia* með meðhöndlun með pektínkljúfandi ensímum (5060 °C í 1–2 klst.). Síðan er maukið hitað til að óvirkja pektínasa og síðan kælt tafarlaust. Safinn er aðskildur í skilvindu með afhellingarbúnaði. Eftir það er safanum safnað og hann gerilsneyddur áður en hann er þykktur í eimi með lofttæmi, úr 6–8 Brix-gráðum í 49–51 Brix-gráðu í endanlegu þykkni. **Samsetning:** **Mauk:** Raki: 89–93% Prótín: < 0,6 g/100 g Fita: ≤ 0,4 g/100 g Aska: < 1,0 g/100 g Heildarmagn kolvetna: 5–10 g/100 g Frúktósi: 0,5–3,82 g/100 g Glúkósi: 0,5–3,14 g/100 g Fæðutrefjar: < 0,5–3 g/100 g 5,15-dímetýlmórindól (1): ≤ 0,254 µg/ml Lúsidín (1): Ógreinanlegt Alísarín (1): Ógreinanlegt Rúbíadín (1): Ógreinanlegt **Þykkni:** Raki: 48–53% Prótín: 3–3,5 g/100 g Fita: < 0,04 g/100 g Aska: 4,5–5,0 g/100 g Heildarmagn kolvetna: 37–45 g/100 g Frúktósi: 9–11 g/100 g Glúkósi: 9–11 g/100 g Fæðutrefjar: 1,5–5,0 g/100 g 5,15-dímetýlmórindól ([1]): ≤ 0,254 µg/ml ([1]) *Með háþrýstivökvaskiljunaraðferð og greiningu með útfjólublárri ljósi (HPLC-UV) sem er þróuð og fullgilt vegna greiningar á antrakínónum í mauki og þykkni úr Morinda citrifolia. Greiningarmörk: 2,5 ng/ml (5,15 dímetýlmórindól); 50,0 ng/ml (lúsidín); 6,3 ng/ml (alísarín) og 62,5 ng/ml (rúbíadín).*

Leyft nýfæði	Nákvæm skilgreining
Nónaldinlauf (*Morinda citrifolia*)	**Lýsing/Skilgreining:** Eftir afskurð fara lauf *Morinda citrifolia* gegnum þurrkunar- og ristunarþrep. Kornastærð vörunnar er allt frá því að vera brotin lauf yfir í gróft duft með smáum efnisögnum. Liturinn er grænbrúnn yfir í brúnan. **Hreinleiki/samsetning:** Raki: < 5,2% Prótín: 17–20% Kolvetni: 55–65% Aska: 10–13% Fita: 4–9% Oxalsýra: < 0,14% Tannínsýra: < 2,7% 5,15-dímetýlmórindól: < 47 mg/kg Rúbíadín: ógreinanlegt ≤ 10 µg/kg Lúsidín: ógreinanlegt ≤ 10 µg/kg
Bítertanól	c)	a)	b)	
Boskalíð	c)	a)	b)	
Brómíðjón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á salati og tómötum árið 2019, í og á brúnum hrísgrjónum árið 2020, í og á paprikum árið 2021.
Brómóprópýlat	c)	a)	b)	
Búpírímat	c)	a)	b)	
Búprófesín	c)	a)	b)	
Kaptan	c)	a)	b)	
Karbaríl	c)	a)	b)	
Karbendasím og benómýl	c)	a)	b)	
Karbófúran	c)	a)	b)	
Klórantranilípról	c)	a)	b)	
Klórfenapýr	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Klórmekvat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á tómötum og höfrum árið 2019, í og á gulrótum, perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020, í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2021.
Klóróþalóníl	c)	a)	b)	
Klórprófam	c)	a)	b)	
Klórpýrifos	c)	a)	b)	
Klórpýrifosmetýl	c)	a)	b)	
Klófentesín	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Klóþíanidín	c)	a)	b)	
Sýasófamíð	c)	a)	b)	
Sýflútrín	c)	a)	b)	
Sýmoxaníl	c)	a)	b)	
Sýpermetrín	c)	a)	b)	
Sýprókónasól	c)	a)	b)	
Sýpródiníl	c)	a)	b)	
Sýrómasín	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á salati og tómötum árið 2019, í og á kartöflum, laukum og gulrótum árið 2020, í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2021.
Deltametrín	c)	a)	b)	
Díasínón	c)	a)	b)	
Díklórvos	c)	a)	b)	
Díklóran	c)	a)	b)	
Díkóföl	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Díetófenkarb	c)	a)	b)	
Difenókónasól	c)	a)	b)	
Díflúbensúrón	c)	a)	b)	
Dímetóat	c)	a)	b)	
Dímetómorf	c)	a)	b)	
Díníkónasól	c)	a)	b)	
Dífenýlamín	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Díþíanón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum og ferskjum árið 2019, í og á perum og brúnum hrísgrjónum árið 2020, í og á vínberjum til neyslu árið 2021.
Díþíókarbamöt	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum.
Dódín	c)	a)	b)	
Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín	c)	a)	b)	
Endósúlfan	c)	a)	b)	
EPN	c)	a)	b)	
Epoxíkónasól	c)	a)	b)	
Etefón	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, ferskjum, tómötum og víni árið 2019, í og á appelsínum og perum árið 2020, í og á paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2021.
Eþíón	c)	a)	b)	
Etirímól	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Etófenprox	c)	a)	b)	
Etoxasól	c)	a)	b)	
Famoxadón	c)	a)	b)	
Fenamídón	c)	a)	b)	
Fenamífos	c)	a)	b)	
Fenarímól	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Fenasakín	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Fenbúkónasól	c)	a)	b)	
Fenbútatínoxíð	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, jarðarberjum, ferskjum, tómötum og víni árið 2019, greina í og á appelsínum og perum árið 2020, í og á eggaldinum, greipaldinum, paprikum og vínberjum til neyslu árið 2021.
Fenhexamíð	c)	a)	b)	
Fenítróþíón	c)	a)	b)	
Fenoxýkarb	c)	a)	b)	
Fenprópatrín	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Fenprópidín	c)	a)	b)	
Fenprópímorf	c)	a)	b)	
Fenpýroxímat	c)	a)	b)	
Fenþíón	c)	a)	b)	
Fenvalerat	c)	a)	b)	
Fípróníl	c)	a)	b)	
Flóníkamíð	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á eplum, ferskjum, spínati, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2019, í og á kartöflum, perum, brúnum hrísgrjónum og rúgi árið 2020, í og á eggaldinum, vínberjum til neyslu, greipaldinum, melónum, paprikum og hveiti árið 2021.
Flúasífóp-P	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum, höfuðkáli, salati, spínati og tómötum árið 2019, í og á blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum og gulrótum árið 2020, í og á eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2021.
Flúbendíamíð	c)	a)	b)	
Flúdíoxóníl	c)	a)	b)	
Flúfenoxúrón	c)	a)	b)	
Flúópíkólíð	c)	a)	b)	
Flúópýram	c)	a)	b)	
Flúkinkónasól	c)	a)	b)	
Flúsílasól	c)	a)	b)	
Flútríafól	c)	a)	b)	
Flúxapýroxað	c)	a)	b)	
Fólpet	c)	a)	b)	
Formetanat	c)	a)	b)	
Fosþíasat	c)	a)	b)	
Glýfosat	c)	a)	b)	
Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2019, í og á þurrkuðum baunum árið 2020, í og á spergilkáli, greipaldinum, paprikum og hveiti árið 2021.
Hexakónasól	c)	a)	b)	
Hexýþíasox	c)	a)	b)	Skal greina í öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Imasalíl	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Imídaklópríð	c)	a)	b)	
Indoxakarb	c)	a)	b)	
Ípródíón	c)	a)	b)	
Ípróvalíkarb	c)	a)	b)	
Ísókarbófos	c)	a)	b)	
Ísópróþíólan		a)		Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2020. Ekki skal greina efnið í eða á neinni afurð 2019 og 2021.
Kresoxímmetýl	c)	a)	b)	
Lambda-sýhalótrín	c)	a)	b)	
Línúrón	c)	a)	b)	
Lúfenúrón	c)	a)	b)	
Malaþíón	c)	a)	b)	
Mandíprópamíð	c)	a)	b)	
Mepanípýrím	c)	a)	b)	
Mepíkvat	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á byggi og höfrum árið 2019, í og á perum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020, í og á ræktuðum sveppum og hveiti árið 2021.
Metalaxýl og metalaxýl-M	c)	a)	b)	
Metamídófos	c)	a)	b)	
Metíðaþíón	c)	a)	b)	
Metíókarb	c)	a)	b)	
Metómýl	c)	a)	b)	
Metoxýfenósíð	c)	a)	b)	
Metrafenón	c)	a)	b)	
Mónókrótófos	c)	a)	b)	
Mýklóbútaníl	c)	a)	b)	
Oxadixýl	c)	a)	b)	
Oxamýl	c)	a)	b)	
Oxýdemetónmetýl	c)	a)	b)	
Paklóbútrasól	c)	a)	b)	
Paraþíón	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Parаþíónmetýl	c)	a)	b)	
Penkónasól	c)	a)	b)	
Pensýkúrón	c)	a)	b)	
Pendímetalín	c)	a)	b)	
Permetrín	c)	a)	b)	
Fosmet	c)	a)	b)	
Pírimíkarb	c)	a)	b)	
Pírimífosmetýl	c)	a)	b)	
Prósýmídón	c)	a)	b)	
Prófenófos	c)	a)	b)	
Própamókarb	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2019, í og á gulrótum, blómkáli, laukum og kartöflum árið 2020, í og á vínberjum til neyslu, melónum, eggaldinum, spergilkáli, paprikum og hveiti árið 2021.
Própargít	c)	a)	b)	
Própíkónasól	c)	a)	b)	
Própýsamíð	c)	a)	b)	
Prósúlfókarb	c)	a)	b)	
Próþíókónasól	c)	a)	b)	Skal eingöngu greina í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2019, í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2020, í og á paprikum og hveiti árið 2021.
Pýmetrósín	c)		b)	Skal eingöngu greina í og á höfuðkáli, salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2019. Ekki skal greina efnið í eða á neinni afurð 2020, í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2021.
Pýraklóstróbín	c)	a)	b)	
Pýridaben	c)	a)	b)	
Pýrimetaníl	c)	a)	b)	
Pýriproxýfen	c)	a)	b)	
Kínoxýfen	c)	a)	b)	
Spínósað	c)	a)	b)	
Spíródíklófen	c)	a)	b)	
Spírómesífen	c)	a)	b)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Spíroxamín	c)	a)	b)	
Spírótetramat	c)	a)	b)	
Táflúvalínat	c)	a)	b)	
Tebúkónasól	c)	a)	b)	
Tebúfenósíð	c)	a)	b)	
Tebúfenpýrað	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Teflúbensúrón	c)	a)	b)	
Teflútrín	c)	a)	b)	
Terbútýlasín	c)	a)	b)	
Tetrakónasól	c)	a)	b)	
Tetradífón	c)	a)	b)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema kornvörum.
Þíabendasól	c)	a)	b)	
Þíaklópríð	c)	a)	b)	
Þíametoxam	c)	a)	b)	
Þíófanatmetýl	c)	a)	b)	
Tólklófosmetýl	c)	a)	b)	
Tríadímefón	c)	a)	b)	
Tríadímenól	c)	a)	b)	
Þíódíkarb	c)	a)	b)	
Tríasófos	c)	a)	b)	
Trífloxýstróbín	c)	a)	b)	
Tríflúmúrón	c)	a)	b)	
Vínklósólín	c)	a)	b)	

D-hluti: Samsetningar af varnarefnum og vörum sem ber að vakta í eða á afurðum úr dýraríkinu

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	e)	f)	d)	
Bífentrín	e)	f)	d)	
Klórdan	e)	f)	d)	

	2019	2020	2021	Athugasemdir
Klórpýrifos	e)	f)	d)	
Klórpýrifosmetýl	e)	f)	d)	
Sýpermetrín	e)	f)	d)	
DDT	e)	f)	d)	
Deltametrín	e)	f)	d)	
Díasínón	e)	f)	d)	
Endósúlfan	e)	f)	d)	
Famoxadón	e)	f)	d)	
Fenvalerat	e)	f)	d)	
Fípróníl	e)	f)	d)	
Glýfosat	e)	f)	d)	
Heptaklór	e)	f)	d)	
Hexaklóróbensen	e)	f)	d)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	e)	f)	d)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	e)	f)	d)	
Indoxakarb	e)			Skal eingöngu greina í og á mjólk árið 2019.
Lindan	e)	f)	d)	
Metoxýklór	e)	f)	d)	
Paraþíón	e)	f)	d)	
Permetrín	e)	f)	d)	
Pírimífosmetýl	e)	f)	d)	

([1]) Við greiningu á hrávöru skal greina þá hluta afurðanna sem hámarksgildi leifa gilda um með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

([2]) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða frystar afurðir skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á. Ef enginn sérstakur vinnslustuðull er fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul.

([3]) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

([4]) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul. Ef engir sérstakir vinnslustuðlar eru fyrir hendi má nota 1 sem sjálfgefinn stuðul.

([5]) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

([6]) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal Matvælaöryggisstofnun Evrópu um hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul. Ef engir sérstakir vinnslustuðlar eru fyrir hendi má nota 0,5 sem sjálfgefinn stuðul.

([7]) Greina skal ferska (óunna) mjólk, þ.m.t. frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.

([8]) Greina skal heil skurnlaus egg.

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

1) Fjöldi sýna sem hvert aðildarríki skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka er settur fram í töflunni í 5. lið.

2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við töfluna í 5. lið skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr mat fyrir ungbörn og smábörn árið 2019, öðrum en ungbarnablöndu, stoðblöndu og unnum barnamat með korn sem uppistöðu.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum árið 2020.

   Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr unnum barnamat með korn sem uppistöðu árið 2021.

3) Í samræmi við töfluna í 5. lið skal fjöldi sýna úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap tekinn, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vörutegunda í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki.

4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við töfluna í 5. lið. Ef aðildarríki notar eigindlegar aðferðir til skimunar skal það greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

   Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

5) Lágmarksfjöldi sýna á hvert aðildarríki af hverri vöru:

Aðildarríki	Sýni	Aðildarríki	Sýni
BE	**12**	**LU**	**12**
BG	**12**	**HU**	**12**
CZ	**12**	**MT**	**12**
DK	**12**	**NL**	**18**
DE	**97**	**AT**	**12**
EE	**12**	**PL**	**47**
EL	**12**	**PT**	**12**
ES	**50**	**RO**	**20**
FR	**71**	**SI**	**12**
IE	**12**	**SK**	**12**
IT	**69**	**FI**	**12**
CY	**12**	**SE**	**12**
LV	**12**	**Bretland**	**71**
LT	**12**	**HR**	**12**

HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/660 **2019/EES/15/10**

frá 26. apríl 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu bentasóni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Bentasóni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu bentasóni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011, rennur út 30. júní 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á skráningu bentasóns í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE var lögð fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjendurnir lögðu fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1141/2010. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 8. janúar 2014.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjenda og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að bentasón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 20. apríl 2015 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurskoðunarskýrslunni um bentasón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 8. október 2015.

9) Umsækjendunum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurskoðunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 122. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB frá 23. október 2000 um að bæta virku efni (bentasóni) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 276, 28.10.2000, bls. 41).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1141/2010 frá 7. desember 2010 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við endurnýjun á færslu annars hóps virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE og um að taka saman skrá yfir þessi efni (Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 10).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015, 13(4), 4077, 153 bls., doi:10.2903/j.efsa.2015.4077.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur bentasón, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir bentasóni.

11) Samt sem áður hafa nokkur aðildarríki greint bentasón í grunnvatni í landsbundnum áætlunum sínum um vöktun grunnvatns og Matvælaöryggisstofnun Evrópu benti á að ekki væri hægt að útiloka mengun grunnvatns við tiltekna notkun og við viðkvæm jarðvegsskilyrði.

12) Í ljósi niðurstaðna úr landsbundnum grunnvatnsvöktunaráætlunum og með þörfina til að tryggja öryggis- og verndarstig, sem samsvarar því háa verndarstigi sem sóst er eftir í Sambandinu, í huga er því rétt að kveða á um endurnýjun samþykkis fyrir bentasóni í sjö ár sem tryggir að endurmat á bentasóni hafi forgang fram yfir önnur virk efni og þar með er það einnig gert kleift að taka tillit til uppfærðra niðurstaðna úr landsbundnum grunnvatnsvöktunaráætlunum.

13) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir bentasóni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda bentasón. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

15) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir bentasón framlengt til 30. júní 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá dagsetningu ætti þessi reglugerð að gilda frá 1. júní 2018.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu bentasóni er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2018.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/841 frá 17. maí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bentasón, bífenasat, brómoxýníl, karfentrasónetýl, klórprófam, sýasófamíð, desmedífam, díkvat, DPX KE 459 (flúpýrsúlfúrón-metýl), etoxasól, famoxadón, fenamídón, flúmíoxasín, foramsúlfúrón, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasamox, ímasósúlfúrón, ísoxaflútól, lamínarín, metalaxýl-m, metoxýfenósíð, milbemektín, oxasúlfúrón, pendímetalín, fenmedífam, pýmetrósín, S-metólaklór og trífloxýstróbín (Stjtíð. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 12).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Bentasón CAS-nr. 25057-89-0 CIPAC-nr. 366	3-ísóprópýl-1*H*-2,1,3-bensóþíadíasín-4(3*H*)-ón 2,2-díoxíð	≥ 960 g/kg 1,2-díklóróetan < 3 mg/kg	1. júní 2018	31. maí 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bentasón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — tækniforskriftinni, — vernd notenda og starfsmanna, — áhættu fyrir fugla og spendýr, — vernd grunnvatns, einkum en ekki eingöngu á neysluvatnsverndarsvæðum, og skulu íhuga vandlega tímasetningu notkunar, jarðvegs- og/eða veðurfarsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, eigi síðar en 1. febrúar 2019, upplýsingar til staðfestingar varðandi 2./3. þreps prófanir eins og tilgreint er sem stendur í hugtakaramma Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir rannsókn á mögulegum innkirtlatruflandi áhrifum bentasóns.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 11 um bentasón brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„120	Bentasón CAS-nr. 25057-89-0 CIPAC-nr. 366	3-ísóprópýl-1*H*-2,1,3-bensóþíadíasín-4(3*H*)-ón 2,2-díoxíð	≥ 960 g/kg 1,2-díklóróetan < 3 mg/kg	1. júní 2018	31. maí 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um bentasón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — tækniforskriftinni, — vernd notenda og starfsmanna, — áhættu fyrir fugla og spendýr, — vernd grunnvatns, einkum en ekki eingöngu á neysluvatns-verndarsvæðum, og skulu íhuga vandlega tímasetningu notkunar, jarðvegs- og/eða veðurfarsskilyrði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, eigi síðar en 1. febrúar 2019, upplýsingar til staðfestingar varðandi 2./3. þreps prófanir eins og tilgreint er sem stendur í hugtakaramma Efnahags- og framfara-stofnunarinnar fyrir rannsókn á mögulegum innkirtlatruflandi áhrifum bentasóns.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virka efninu er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/670 **2019/EES/15/11**

frá 30. apríl 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin brómúkónasól, búprófesín, haloxýfóp-P og naprópamíð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([2]) eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

2) Samþykkistímabilin fyrir efnin haloxýfóp-P og naprópamíð renna út 31. desember 2020.

3) Samþykkistímabilin fyrir efnin brómúkónasól og búprófesín renna út 31. janúar 2021.

4) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir virku efnunum, sem falla undir þessa reglugerð, voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([3]). Líklegt er að samþykki fyrir þessum efnum renni út, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, áður en ákvörðun hefur verið tekin um að endurnýja viðkomandi samþykki. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra í samræmi við 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

5) Með hliðsjón af þeim tíma og úrræðum sem þarf til að ljúka mati á umsóknum um endurnýjun á samþykkjum fyrir fjölda virkra efna, sem samþykki fyrir renna út á árunum 2019 til 2021, var komið á fót vinnuáætlun, með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2016)6104 ([4]), þar sem svipuð, virk efni eru flokkuð saman og forgangsröð ákveðin út frá verndarsjónarmiðum fyrir heilbrigði manna, dýra eða fyrir umhverfið, eins og kveðið er á um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

6) Þar eð virku efnin í þessari reglugerð falla ekki undir forgangsröðuðu flokkana í framkvæmdarákvörðun C(2016)6104 ætti að framlengja samþykkistímabilið um annaðhvort tvö eða þrjú ár, að teknu tilliti til núgildandi loka gildistíma, þeirrar staðreyndar að skv. 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012 skal leggja fram viðbótarmálsskjöl fyrir virkt efni eigi síðar en 30 mánuðum áður en samþykkið fellur úr gildi, nauðsynjar þess að

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 113, 3.5.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([4]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2016 um að koma á fót vinnuáætlun til að meta umsóknir um endurnýjun á samþykkjum fyrir virkum efnum, sem renna út 2019, 2020 og 2021, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 (Stjtíð. ESB C 357, 29.9.2016, bls. 9).

tryggja jafna skiptingu ábyrgðar og vinnu milli aðildarríkja, sem gegna hlutverki skýrslugjafa og meðskýrslugjafa, og tiltækra úrræða sem eru nauðsynleg til að vinna mat og taka ákvarðanir. Því er rétt að framlengja samþykkistímabilið fyrir virka efnið búprófesín um tvö ár og framlengja samþykkistímabilin fyrir virku efnin brómúkónasól, haloxýfóp-P og naprópamíð um þrjú ár.

7) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.

8) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin leitast við, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistökudag eins fljótt og unnt er.

9) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 309, haloxýfóp-P, komi „31. desember 2023“.

2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 310, naprópamíð, komi „31. desember 2023“.

3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 318, brómúkónasól, komi „31. janúar 2024“.

4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 320, búprófesín, komi „31. janúar 2023“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/679 **2019/EES/15/12**

frá 3. maí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu forklórfenúróni, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Forklórfenúróni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/10/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu forklórfenúróni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir forklórfenúróni var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 27. maí 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að forklórfenúrón uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 31. maí 2017. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um forklórfenúrón fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 5. október 2017.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðunarskýrsluna um forklórfenúrón. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 4.5.2018, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/10/EB frá 27. janúar 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum forklórfenúroni og indoxakarbi (Stjtíð ESB L 25, 28.1.2006, bls. 24).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(6), 4874, (18 bls.). Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir forklórfenúróni byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda forklórfenúrón. Því er rétt að takmarka ekki notkunina við notkun sem plöntuvaxtarstýriefni.

12) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir forklórfenúróni.

13) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.

14) Í samræmi við 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 4. mgr. 13. gr. sömu reglugerðar, ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

15) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir forklórfenúrón framlengt til 31. október 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2018.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu forklórfenúróni er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúrón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, forklórfenúrón, fosþíasat, indoxakarb, ípródíón, MCPA, MCPB, silþíófam, þíófanatmetýl og tríbenúrón (Stjtíð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Forklórfenúrón CAS-nr. 68157-60-8 CIPAC-nr. 633	1-(2-klór-4-pýrídýl)-3-fenýlúrea	≥ 978 g/kg	1.6.2018	31.5.2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um forklórfenúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir neytendur að því er varðar hugsanlega áhættu frá umbrotsefnum í ávaxtaplöntum með ætu hýði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 118 um forklórfenúrón brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ([1])	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„122	Forklórfenúrón CAS-nr. 68157-60-8 CIPAC-nr. 633	1-(2-klór-4-pýrídýl)-3-fenýlúrea	≥ 978 g/kg	1.6.2018	31.5.2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um forklórfenúrón, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — áhættu fyrir neytendur að því er varðar hugsanlega áhættu frá umbrotsefnum í ávaxtaplöntum með ætu hýði. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.

([1]) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/690 **2019/EES/15/13**

frá 7. maí 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu fenasakíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum c-lið 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fenasakíni var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/39/ESB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu fenasakíni, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, var takmarkað við notkun sem mítlaeyðir á skrautjurtir í gróðurhúsum.

4) Í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 lagði Gowan Comércio Internacional e Serviços Limitada, framleiðandi virka efnisins, umsókn fyrir tilnefnda skýrslugjafaraðildarríkið Grikkland 19. september 2011 og fór þess á leit að breyta skilyrðunum fyrir samþykki fyrir fenasakíni til að aflétta takmörkuninni og leyfa notkun á þrúgur, sítrusávexti, kjarnaaávexti og steinaldin. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri lögmæt.

5) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman viðbót við drög að matsskýrslu og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 14. febrúar 2012.

6) Matvælaöryggisstofnunin dreifði viðbótinni við drögin að matsskýrslunni til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og gerði hana aðgengilega almenningi í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

7) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([5]), að því er varðar hvort búast megi við að nýja notkunin á virka efninu fenasakíni uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 19. mars 2013. Framkvæmdastjórnin lagði breyttu drögin að endurskoðunarskýrslunni fyrir umsækjandann 17. september 2013 til að fá athugasemdir hans og fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra 2. október 2013. Fastanefndin gat ekki komist að niðurstöðu um hvort rétt sé að breyta skilyrðunum fyrir samþykkinu fyrir fenasakíni samkvæmt beiðni umsækjanda.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 8.5.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/39/ESB frá 11. apríl 2011 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu fenasakíni og um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/934/EB (Stjtíð ESB L 97, 12.4.2011, bls. 30).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance fenazaquin". *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(4), 3166. [80 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2013.3166.

8) Framkvæmdastjórnin birti drög að viðbót við upprunalegu endurskoðunarskýrsluna og drög að reglugerð um fenasakín eftir frekari athugun á málsskjölunum. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að viðbótinni og drögin að reglugerðinni fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 13. desember 2017.

9) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi drögin að viðbótinni við endurskoðunarskýrsluna um fenasakín. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

10) Ekki hefur verið sýnt fram á að búast megi við að plöntuverndarvörur sem innihalda fenasakín uppfylli að jafnaði kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 nema gildandi takmörkun um notkun í gróðurhúsum eingöngu sé virt. Því er rétt að viðhalda takmörkuninni um notkun í gróðurhúsum eingöngu, eins og skilgreint er í 3. mgr. 27. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

11) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar ef plöntuverndarvaran er notuð á ætar plöntur. Því er rétt að takmarka ekki notkun fenasakíns eingöngu við notkun á skrautjurtir.

12) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er nauðsynlegt og viðeigandi að breyta skilyrðum fyrir samþykki fyrir virka efninu fenasakíni en halda jafnframt tilteknum skilyrðum og takmörkunum. Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað textans í dálkinum „Sértæk ákvæði“ í 342. línu, fenasakín, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem mítlaeyðir í gróðurhúsum.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um fenasakín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 11. mars 2011 og í viðbótinni við endurskoðunarskýrsluna um fenasakín, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður frá 22. mars 2018.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

a) vernd lagarlífvera,

b) vernd notenda, einnig skal tryggt að notkunarskilyrðin innihaldi fyrirmæli um notkun á fullnægjandi persónuhlífum,

c) vernd býflugna,

d) áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævunar, ef efnið er notað í gróðurhúsum,

e) áhættu fyrir neytendur, einkum frá leifum sem myndast við vinnslu,

f) notkunarskilyrðunum til að forðast váhrif frá leifum fenasakíns, að því er varðar nytjaplöntur sem eru ætlaðar til manneldis og í dýrafóður.

Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

_____

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/691 **2019/EES/15/14**

frá 7. maí 2018

um samþykki fyrir grunnefninu talkúmi E553B, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/201 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Compo Expert France SAS 23. júlí 2015 um samþykki fyrir talkúmi E553B sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.

2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um talkúm E553B fyrir framkvæmdastjórnina 6. júní 2016 ([2]). Að teknu tilliti til viðbótargagna, sem umsækjandinn lagði fram til að bregðast við athugasemdum sem bárust eftir samráð við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina, og í tengslum við váhrif á notendur óskaði framkvæmdastjórnin eftir frekari vísindalegri aðstoð frá Matvælaöryggisstofnuninni til að meta nýju upplýsingarnar sem lagðar voru fram. Matvælaöryggisstofnunin lagði aðra tæknilega skýrslu um talkúm E553B fyrir framkvæmdastjórnina 27. júlí 2017 ([3]).

3) Framkvæmdastjórnin lagði drög að endurskoðunarskýrslu ([4]) fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 5. október 2017 og drög að þessari reglugerð 13. desember og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 22. mars 2018.

4) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að talkúm E553B uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ([5]). Auk þess er efnið ekki að mestu notað í þeim tilgangi að verja plöntur en er samt sem áður gagnlegt við plöntuvernd í vöru sem samanstendur af efninu og vatni. Af þessum sökum skal það talið grunnefni.

5) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera megi ráð fyrir að talkúm E553B uppfylli almennt kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykkja talkúm E553B sem grunnefni.

6) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að setja tiltekin skilyrði og takmarkanir fyrir samþykkinu sem eru tilgreind í I. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 8.5.2018, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2016. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for Talc E553B for use in plant protection as repellent on fruit trees and grapevine.“ EFSA supporting publication 2016:EN-1044. 29 bls.

([3]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, 2017. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for Talc E553B for use in plant protection as repellent on fruit trees and grapevine.“ EFSA supporting publication 2017:EN-1277. 21 bls.

([4]) http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

7) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([1]) til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir grunnefni

Efnið talkúm E553B er samþykkt sem grunnefni eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Sértæk ákvæði
Talkúm E553B CAS-nr.: 14807-96-6	Magnesíumvetnismetasílíkat sílíkatsteinefni	Matvælagæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (2). < 0,1% af innöndunarhæfri kristallaðri kísl	28. maí 2018	Nota skal talkúm E533B í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um talkúm E533B (SANTE/11639/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni grunnefnis, forskrift fyrir því og hvernig það er notað er að finna í endurskoðunarskýrslunni.
(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Í C-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

„19	Talkúm E553B CAS-nr.: 14807-96-6	Magnesíumvetnismetasílíkat sílíkatsteinefni	Matvælagæði í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 (*). < 0,1% af innöndunarhæfri kristallaðri kísl	28. maí 2018	Nota skal talkúm E533B í samræmi við sértæku skilyrðin sem er að finna í niðurstöðum endurskoðunarskýrslunnar um talkúm E533B (SANTE/11639/2017), einkum í I. og II. viðbæti við hana.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 (Stjtíð ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/692 **2019/EES/15/15**

frá 7. maí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu soxamíði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Soxamíði var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu soxamíði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir soxamíði var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 5. ágúst 2016.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar, að því er varðar hvort búast megi við að soxamíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 21. ágúst 2017 ([6]). Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um soxamíð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 26. janúar 2018.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni. Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 8.5.2018, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði (Stjtíð ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(9), 4980. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

10) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir soxamíði.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir soxamíði byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda soxamíð. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem sveppaeyðir.

12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

13) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir soxamíð framlengt til 31. janúar 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir virka efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu soxamíði er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 frá 19. janúar 2018um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, klóþíanidín, koparefna-sambönd, dímoxýstróbín, mankóseb, mekópróp-p, metíram, oxamýl, petoxamíð, própíkónasól, própíneb, própýsamíð, pýraklóstróbín og soxamíð (Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2018, bls. 8).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Soxamíð CAS-nr. 156052-68-5 CIPAC-nr. 640	(RS)-3,5-díklór-N-(3-klór-1-etýl-1-metýl-2-oxóprópýl)-p-tólúamíð	≥ 953 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um soxamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns gegn umbrotsefninu RH-141455, — vernd býflugna, lagarlífvera og ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virkt efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 77 um soxamíð brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„123	Soxamíð CAS-nr. 156052-68-5 CIPAC-nr. 640	(RS)-3,5-díklór-N-(3-klór-1-etýl-1-metýl-2-oxó-própýl)-p-tólúamíð	≥ 953 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um soxamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd grunnvatns gegn umbrotsefninu RH-141455, — vernd býflugna, lagarlífvera og ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina upplýsingar til staðfestingar að því er varðar áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í drykkjarvatni innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virkt efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/710 **2019/EES/15/16**

frá 14. maí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu silþíófami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Silþíófami var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu silþíófami, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. október 2018.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir silþíófami var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 22. júní 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að silþíófam uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 1. ágúst 2016. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um silþíófam fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. mars 2018.

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 15.5.2018, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/84/EB frá 25. september 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum flúrtamoni, flúfenaseti, joðsúlfúroni, dímetenamíði-p, píkoxýstróbíni, fosþíasati og silþíófami (Stjtíð. ESB L 247, 30.9.2003, bls. 20).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance silthiofam.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(8), 4574, 59 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4574, aðgengileg á Netinu á: www.efsa.europa.eu.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur silþíófam, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir silþíófami.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir silþíófami byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda silþíófam. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.

12) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

13) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

14) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir silþíófam framlengt til 31. október 2018 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þá framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun á samþykki fyrir virku efni

Samþykki fyrir virka efninu silþíófami er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1511 frá 30. ágúst 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-metýlsýklóprópen, betasýflútrín, klóróþalóníl, klórótólúrón, sýpermetrín, damínósíð, deltametrín, dímetenamíð-p, flúfenaset, flúrtamón, forklórfenúrón, fosþíasat, indoxakarb, ípródíón, MCPA, MCPB, silþíófam, þíófanatmetýl og tríbenúrón (Stjtíð. ESB L 224, 31.8.2017, bls. 115).

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Silþíófam CAS-nr. 175217-20-6 CIPAC-nr. 635	N-allýl-4,5-dímetýl-2-(trímetýlsilýl)þíófen-3-karboxamíð	≥ 980 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um silþíófam, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd fugla, spendýra og ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 2. mikilvægi umbrotsefnanna M2 og M6, að teknu tilliti til allrar viðeigandi flokkunar fyrir silþíófam í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 (2), einkum sem æxlunarskaðandi efni í 2. undirflokki. Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar, sem getið er í 1. lið, fram innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal um mat á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni og upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. lið, innan eins árs eftir birtingu álitsins, sem samþykkt var af áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB nr. 1272/2008 að því er varðar silþíófam, á vefsetri Efnastofnunar Evrópu.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 70 fyrir silþíófam brott.

2) Í B-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„121	Silþíófam CAS-nr. 175217-20-6 CIPAC-nr. 635	N-allýl-4,5-dímetýl-2-(trímetýlsilýl)þíófen-3-karboxamíð	≥ 980 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2033	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurnýjunarskýrslunni um silþíófam, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd fugla, spendýra og ánamaðka. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns, 2. mikilvægi umbrotsefnanna M2 og M6, að teknu tilliti til allrar viðeigandi flokkunar fyrir silþíófam í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008, einkum sem æxlunarskaðandi efni í 2. undirflokki. Umsækjandinn skal leggja upplýsingarnar, sem getið er í 1. lið, fram innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal um mat á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni og upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. lið, innan eins árs eftir birtingu álitsins, sem samþykkt var af áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu í samræmi við 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (EB nr. 1272/2008 að því er varðar silþíófam, á vefsetri Efnastofnunar Evrópu.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/755 **2019/EES/15/17**

frá 23. maí 2018

um endurnýjun á samþykki fyrir virka efninu própýsamíði sem efni sem ráðgert er að skipta út, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 24. gr. í tengslum við 1. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Própýsamíði var bætt við sem virku efni í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Samþykkið fyrir virka efninu própýsamíði, eins og fram kemur í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, rennur út 31. janúar 2019.

4) Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir própýsamíði var lögð fram í samræmi við 1. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ([5]) innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í þeirri grein.

5) Umsækjandinn lagði fram viðbótarmálsskjölin sem krafist er í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 844/2012. Skýrslugjafaraðildarríkið taldi að umsóknin væri fullgerð.

6) Skýrslugjafaraðildarríkið tók saman matsskýrslu um endurnýjun í samráði við meðskýrslugjafaraðildarríkið og lagði hana fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) og framkvæmdastjórnina 31. júlí 2015.

7) Matvælaöryggisstofnunin sendi matsskýrsluna um endurnýjun til umsækjandans og aðildarríkjanna til að fá athugasemdir þeirra og sendi mótteknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Matvælaöryggisstofnunin gerði samantektina úr viðbótarmálsskjölunum einnig aðgengilega almenningi.

8) Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöður sínar ([6]), að því er varðar hvort búast megi við að própýsamíð uppfylli viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir framkvæmdastjórnina 12. júlí 2016. Framkvæmdastjórnin lagði drögin að endurnýjunarskýrslunni um própýsamíð fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 22. mars 2018.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 24.5.2018, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/39/EB frá 15. maí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum própínebi og própýsamíði (Stjtíð ESB L 124, 20.5.2003, bls. 30).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance propyzamide.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(7), 4554, 103 bls. doi:10.2903/j.efsa.2016.4554, aðgengileg á Netinu á: www.efsa.europa.eu

9) Umsækjandanum var gefinn kostur á því að leggja fram athugasemdir við drögin að endurnýjunarskýrslunni.

10) Staðfest hefur verið, að því er varðar eina dæmigerða notkun eða fleiri á a.m.k. einni plöntuverndarvöru sem inniheldur própýsamíð, að viðmiðanir fyrir samþykki, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eru uppfylltar. Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir própýsamíði.

11) Áhættumat vegna endurnýjunar á samþykki fyrir própýsamíði byggist á takmarkaðri dæmigerðri notkun sem takmarkar þó ekki þá notkun, sem leyfa má, á plöntuverndarvörum sem innihalda própýsamíð. Því er rétt að afnema þá takmörkun að notkun sé eingöngu sem illgresiseyðir.

12) Framkvæmdastjórnin telur þó að própýsamíð sé efni sem ráðgert sé að skipta út skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Própýsamíð er þrávirkt og eitrað efni í samræmi við liði 3.7.2.1 og 3.7.2.3 í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 þar eð helmingunartíminn í ferskvatni er lengri en 40 dagar og styrkur sem hefur engin merkjanleg langtímaáhrif á lífverur í ferskvatni er undir 0,01 mg/L. Própýsamíð uppfyllir því skilyrðin sem sett eru í öðrum undirlið 4. liðar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

13) Því er rétt að endurnýja samþykkið fyrir própýsamíði sem efni sem ráðgert er að skipta út.

14) Í samræmi við 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir. Einkum er rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.

15) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

16) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 ([1]) var samþykkistímabilið fyrir própýsamíð framlengt til 31. janúar 2019 svo unnt væri að ljúka endurnýjunarferlinu áður en samþykki fyrir efninu rynni út. Þar eð ákvörðun um endurnýjun var tekin fyrir þessa framlengdu lokadagsetningu ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Endurnýjun samþykkis fyrir virku efni sem efni sem ráðgert er að skipta út

Samþykki fyrir virka efninu própýsamíði, sem efni sem ráðgert er að skipta út, er endurnýjað eins og fram kemur í I. viðauka.

2. gr.

Breytingar á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2018.

([1]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/84 frá 19. janúar 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin klórpýrifos, klórpýrifosmetýl, klóþíanidín, koparefnasambönd, dímoxýstróbín, mankóseb, mekópróp-p, metíram, oxamýl, petoxamíð, própíkónasól, própíneb, própýsamíð, pýraklóstróbín og soxamíð (Stjtíð. ESB L 16, 20.1.2018, bls. 8).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
Própýsamíð CAS-nr. 23950-58-5 CIPAC-nr. 315	3,5-díklór-*N*-(1,1-dímetýlpróp-2-ýnýl)bensamíð	920 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um própýsamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd fugla, spendýra, plantna utan markhóps, jarðvegs- og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum verður að nota viðeigandi persónuhlífar, s.s. hlífðarhanska, utanyfirgalla og trausta skó, til að tryggja að váhrif á notanda séu ekki yfir viðteknum váhrifum. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. lok mats á eiturefnafræðilegri samantekt um umbrotsefni sem greindust í umtalsverðum styrk í meginræktunum og skiptiræktunum, 2. niðurbrot helsta umbrotsefnisins RH- 2480 í jarðvegi, 3. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem getið er í 1. lið eigi síðar en 31. október 2018 og upplýsingarnar sem getið er í 2 lið eigi síðar en 30. apríl 2019. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar, sem getið er í 3. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í A-hluta falli færsla 55 um própýsamíð brott.

2) Í E-hluta bætist eftirfarandi færsla við:

Númer	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértæk ákvæði
„9	Própýsamíð CAS-nr. 23950-58-5 CIPAC-nr. 315	3,5-díklór-*N*-(1,1-dímetýlpróp-2-ýnýl)bensamíð	920 g/kg	1. júlí 2018	30. júní 2025	Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um própýsamíð, einkum í I. og II. viðbæti við hana. Í heildarmati sínu skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að: — vernd notenda, — vernd grunnvatns á viðkvæmum svæðum, — vernd fugla, spendýra, plantna utan markhóps, jarðvegs- og lagarlífvera. Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á. Einkum verður að nota viðeigandi persónuhlífar, s.s. hlífðarhanska, utanyfirgalla og trausta skó, til að tryggja að váhrif á notanda séu ekki yfir viðteknum váhrifum. Umsækjandinn skal leggja upplýsingar til staðfestingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina að því er varðar: 1. lok mats á eiturefnafræðilegri samantekt um umbrotsefni sem greindust í umtalsverðum styrk í meginræktunum og skiptiræktunum, 2. niðurbrot helsta umbrotsefnisins RH- 2480 í jarðvegi, 3. áhrif vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni þegar yfirborðsvatn eða grunnvatn er notað til töku drykkjarvatns. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingarnar sem getið er í 1. lið eigi síðar en 31. október 2018 og upplýsingarnar sem getið er í 2 lið eigi síðar en 30. apríl 2019. Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar, sem getið er í 3. lið, innan tveggja ára eftir að framkvæmdastjórnin hefur birt opinberlega leiðbeiningarskjal vegna mats á áhrifum vatnsmeðhöndlunarferla á eiginleika leifa í yfirborðs- og grunnvatni.“

(1) Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/783 **2019/EES/15/18**

frá 29. maí 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu imídaklópríði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 21. gr. (3. mgr.), 49. gr. (2. mgr.) og 78. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið imídaklópríð var skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/116/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 485/2013 ([5]) var skilyrðunum fyrir samþykki fyrir virka efninu imídaklópríði breytt og þess krafist að umsækjandinn legði fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar:

   a) áhættu fyrir frjóbera, aðra en býflugur,

   b) áhættu fyrir býflugur í fæðuleit í hunangslegi eða frjókornum í síðari ræktun,

   c) möguleika á upptöku um rætur til blómstrandi illgresis,

   d) áhættu fyrir býflugur í fæðuleit í hunangsdögg skordýra,

   e) möguleg váhrif af völdum útgufunardropa plantna og bráða og langvarandi áhættu fyrir lifun og þróun búa og áhættu fyrir ungviði býflugna sem stafar af slíkum váhrifum,

   f) möguleg váhrif af völdum reks á ryki í kjölfar sáningar og bráða og langvarandi áhættu fyrir lifun og þróun búa og áhættu fyrir ungviði býflugna sem stafar af slíkum váhrifum,

   g) bráða og langvarandi áhættu fyrir lifun og þróun búa og áhættu fyrir ungviði býflugna vegna inntöku á menguðum hunangslegi og frjókornum.

4) Í desember 2014 lagði umsækjandinn viðbótarupplýsingar varðandi býflugur (þ.e. býflugur, hunangsflugur og einbýlisbýflugur (e. *solitary bee*)) fyrir skýrslugjafaraðildarríkið Þýskaland, innan þeirra tímamarka sem gefin voru til að leggja þær fram.

5) Þýskaland lagði mat á viðbótarupplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram. Það lagði mat sitt fyrir önnur aðildarríki, framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 18. janúar 2016 í formi viðbótar við drögin að matsskýrslunni.

6) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við Matvælaöryggisstofnunina sem lagði fram niðurstöðu sína varðandi áhættumatið á imídaklópríði 13. október 2016 ([6]). Að því er varðar flestar nytjaplöntur greindi Matvælaöryggisstofnunin mikla og

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 30.5.2018, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

([2]) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

([3]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/116/EB frá 15. desember 2008 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum aklónífeni, imídaklópríði og metasaklóri (Stjtíð ESB L 337, 16.12.2008, bls. 86).

([4]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtíð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

([5]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 485/2013 frá 24. maí 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virku efnunum klóþíanidíni, þíametoxami og imídaklópríði og um bann við notkun og sölu á fræjum sem eru meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda þessi virku efni (Stjtíð. ESB L 139, 25.5.2013, bls. 12).

([6]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2016. „Peer review of the pesticide risk assessment for the active substance imidacloprid in light of confirmatory data submitted.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(11), 4607, doi: 10.2903/j.efsa.2016.4607.

bráða áhættu fyrir býflugur vegna notkunar plöntuverndarvara sem innihalda virka efnið imídaklópríð. Að því er varðar váhrif frá ryki greindi Matvælaöryggisstofnunin einkum mikla áhættu fyrir býflugur vegna ýmissar notkunar á akra. Að því er varðar býflugur í fæðuleit á meðhöndluðum plöntum greindist mikil áhætta varðandi notkun á kartöflur og vetrarkorn. Að því er varðar nánast alla notkun á akra greindist einnig mikil áhætta fyrir býflugur í síðari ræktunum. Matvælaöryggisstofnunin greindi auk þess nokkrar eyður í gögnum.

7) Hinn 11. febrúar 2015 hóf framkvæmdastjórnin endurskoðun á nýjum vísindalegum upplýsingum, eins og mælt er fyrir um í 16. forsendu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 485/2013, með því að fela Matvælaöryggisstofnun Evrópu að skipuleggja opinbert kall eftir gögnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu hleypti af stokkunum opinberu kalli eftir gögnum sem lauk 30. september 2015 ([1]).

8) Hinn 13. nóvember 2015 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu legði fram niðurstöður varðandi uppfært áhættumat fyrir býflugur, að því er varðar notkun á imídaklópríði til fræmeðhöndlunar eða sem kyrni, með því að skipuleggja ritrýni og að teknu tilliti til gagna, sem aflað var innan ramma sérstaks opinbers kalls eftir gögnum, og allra annarra nýrra gagna úr athugunum, rannsóknum og vöktunum sem skipta máli fyrir notkunina sem um er að ræða. Hinn 28. febrúar 2018 ([2]) lagði Matvælaöryggisstofnunin fram niðurstöður sínar um ritrýnina á uppfærða matinu á áhættu fyrir býflugur vegna varnarefna með virka efninu imídaklópríði, að því er varðar notkun til fræmeðhöndlunar og sem kyrni. Umsækjandanum var gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir við þessar niðurstöður. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

9) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótina við drögin að matsskýrslunni og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður og þeirri endurskoðun lauk 27. apríl 2018 með endurskoðaðri viðbót við endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um imídaklópríð.

10) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi endurskoðuðu viðbótina við endurskoðunarskýrsluna um imídaklópríð. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.

11) Eftir viðtöku upplýsinganna, sem umsækjandinn lagði fram á árinu 2014, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að frekari upplýsingar til staðfestingar, sem krafist er með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 485/2013, hafi ekki verið lagðar fram og framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa einnig tekið tilliti til niðurstaðna úr uppfærðu áhættumati fyrir býflugur, að ekki væri unnt að útiloka frekari áhættu fyrir býflugur án þess að koma á frekari takmörkunum. Með það í huga að þörf er á að tryggja öryggis- og verndarstig, sem samsvarar því háa verndarstigi fyrir heilbrigði dýra sem sóst er eftir í Sambandinu, er rétt að banna alla notkun utandyra. Því er rétt að takmarka notkun á imídaklópríði við varanleg gróðurhús og gera þá kröfu að nytjaplöntur, sem af þessu leiða, séu í varanlegu gróðurhúsi allan vistferil sinn þannig að þeim verði ekki endurplantað utandyra.

12) Því ætti að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.

13) Að teknu tilliti til áhættu fyrir býflugur frá meðhöndluðu fræi ætti setning á markað og notkun fræs, sem hefur verið meðhöndlað með plöntuverndarvörum sem innihalda imídaklópríð, að sæta sömu takmörkunum og notkun imídaklópríðs. Því er rétt að kveða á um að fræ, sem hafa verið meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda imídaklópríð, skuli hvorki sett á markað né notuð nema fræin séu einungis ætluð til notkunar í varanlegum gróðurhúsum og að nytjaplöntur, sem af þessu leiða, séu í varanlegu gróðurhúsi allan vistferil sinn.

14) Gefa ætti aðildarríkjunum nægan tíma til að breyta leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda imídaklópríð eða afturkalla þau.

15) Ef aðildarríki veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda imídaklópríð ætti þessi frestur að renna út eigi síðar en 19. desember 2018.

16) Bann við setningu á meðhöndluðu fræi á markað og notkun þess ætti einungis að koma til framkvæmda frá og með 19. desember 2018 til að gefa færi á nægilega löngu umbreytingartímabili.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

([1]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2015. „Technical report on the open call for new scientific information as regards the risk to bees from the use of the three neonicotinoid pesticide active substances clothianidin, imidacloprid and thiamethoxam applied as seed treatments and granules in the EU.“ EFSA supporting publication 2015:EN-903. 8 bls.

([2]) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2018. „Conclusions on the peer review of the pesticide risk assessment for bees for the active substance imidacloprid considering the uses as seed treatments and granules.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(2), 5178. 113 bls.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Bann við setningu meðhöndlaðs fræs á markað og notkun þess

Ekki skal setja fræ, sem hafa verið meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda imídaklópríð, á markað eða nota þau nema:

a) fræin séu einungis ætluð til notkunar í varanlegum gróðurhúsum og

b) nytjaplöntur, sem af þessu leiða, verði í varanlegu gróðurhúsi allan vistferil sinn.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda imídaklópríð sem virkt efni, eða afturkalla þau eigi síðar en 19. september 2018.

4. gr.

Frestir

Allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skulu vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 19. desember 2018.

5. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 485/2013

Að því er varðar fræ, sem hafa verið meðhöndluð með plöntuverndarvörum sem innihalda imídaklópríð, fellur 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 485/2013 brott.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hins vegar skulu 2. og 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 19. desember 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í stað dálksins „Sértæk ákvæði“ í 216. línu, imídaklópríð, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Einungis má leyfa að efnið sé notað sem skordýraeyðir í varanlegum gróðurhúsum eða til meðhöndlunar á fræjum sem eru einungis ætluð til notkunar í varanlegum gróðurhúsum. Viðkomandi nytjaplöntur verða að vera í varanlegu gróðurhúsi allan vistferil sinn.

B-HLUTI

Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðnanna í endurskoðunarskýrslunni um imídaklópríð, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 26. september 2008 og niðurstaðnanna í endurskoðuðu viðbótinni við endurskoðunarskýrsluna um imídaklópríð í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá
27. apríl 2018.

Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin gefa sérstakan gaum að:

— áhættu fyrir býflugur og hunangsflugur, sem er sleppt til frævunar í varanlegum gróðurhúsum,

— áhrifum á lagarlífverur,

— váhrifum á býflugur í gegnum neyslu á menguðu vatni úr varanlegum gróðurhúsum.

Aðildarríki skulu tryggja að húðun fræja fari einungis fram á starfsstöðvum þar sem fagleg fræmeðhöndlun fer fram. Á þeim starfsstöðvum skal besta, fáanlega tækni notuð til að tryggja að halda megi ryklosun sem verður meðan á húðun á fræjunum stendur, við geymslu þeirra og flutning, í lágmarki.

Í notkunarskilyrðum skulu felast ráðstafanir til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/785 **2019/EES/15/19**

frá 29. maí 2018

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu þíametoxami (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ([1]), einkum 21. gr. (3. mgr.), 49. gr. (2. mgr.) og 78. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Virka efnið þíametoxam var skráð í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([2]) með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/6/EB ([3]).

2) Virk efni sem eru á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru skráð í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ([4]).

3) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 485/2013 ([5]) var skilyrðunum fyrir samþykki fyrir virka efninu þíametoxami breytt og þess krafist að umsækjandinn legði fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar:

   a) áhættu fyrir frjóbera, aðra en býflugur,

   b) áhættu fyrir býflugur í fæðuleit í hunangslegi eða frjókornum í síðari ræktun,

   c) möguleika á upptöku um rætur til blómstrandi illgresis,

   d) áhættu fyrir býflugur í fæðuleit í hunangsdögg skordýra,

   e) möguleg váhrif af völdum útgufunardropa plantna og bráða og langvarandi áhættu fyrir lifun og þróun búa og áhættu fyrir ungviði býflugna sem stafar af slíkum váhrifum,

2) Holland fór fram á það bréflega, 19. ágúst 2015, að Soldánsveldið Óman yrði viðurkennt. Framkvæmdastjórnin hefur, í kjölfar þeirrar beiðni, haft samband við yfirvöld í Óman í því skyni að meta kerfi þeirra um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina til þess að ganga úr skugga um hvort Soldánsveldið Óman fari að öllum kröfum STCW-samþykktarinnar og hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini. Útskýrt var að matið myndi byggjast á niðurstöðum skoðunar til gagnaöflunar sem sérfræðingar á vegum Siglingaöryggisstofnunar Evrópu eiga að annast (Siglingaöryggisstofnunin).

3) Skoðunin var framkvæmd í ágúst 2016 og þar voru tilgreind nokkur atriði sem yfirvöld í Óman þurfa að taka tillit til með tilhlýðilegum hætti, þ.m.t. annmarkar að því er varðar verklagsreglur um gæðastjórnun, viðurkenningu á námi og þjálfunarnámskeiðum sem og starfsemi alþjóðlegs sjómannaskóli í Óman (IMCO). Í janúar 2017 lögðu yfirvöld í Óman fram valfrjálsa áætlun um aðgerðir til úrbóta.

4) Í kjölfar niðurstaðna úr skoðun og á grunni valfrjálsu áætlunarinnar um aðgerð til úrbóta lagði framkvæmdastjórnin mat á kerfi Ómans um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina. Í maí 2017 sendi framkvæmdastjórnin yfirvöldum í Óman matsskýrslu þar sem ályktað er að tekist hafi að ráða bót á öllum annmörkunum með valfrjálsu áætluninni um aðgerð til úrbóta, að undanskildum tveimur annmörkum í tengslum við aðferð við viðurkenningu á þjálfunaráætlun alþjóðlega sjómannaskólans í Óman og lok uppbyggingar öryggisþjálfunaraðstöðu í sömu menntastofnun.

5) Í júlí 2017 lögðu yfirvöld í Óman fram áframhaldandi aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þessum annmörkum.

6) Á grundvelli allra fyrirliggjandi upplýsinga hefur framkvæmdastjórnin dregið þá ályktun að yfirvöld í Óman hafi gripið til ráðstafana til að færa kerfi sitt um menntun, þjálfun og útgáfu skírteina farmanna til samræmis við kröfur STCW-samþykktarinnar.

7) Lokaniðurstaða matsins sýnir að Soldánsveldið Óman uppfyllir kröfur STCW-samþykktarinnar og hefur ráðið bót á þeim annmörkum sem tilgreindir voru og á sama tíma hafa yfirvöld í Óman gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir svik í tengslum við skírteini.

8) Aðildarríkin fengu skýrslu um niðurstöður matsins.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 82, 26.3.2018, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 323, 3.12.2008, bls. 33.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Soldánsveldið Óman hefur verið viðurkennt, skv. 19. gr. tilskipunar 2008/106/EB, að því er varðar kerfi fyrir menntun og þjálfun og útgáfu skírteina farmanna.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. mars 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/666 **2019/EES/15/28**

frá 27. apríl 2018

um breytingu á ákvörðun 2014/312/ESB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss

(tilkynnt með númeri C(2018) 2479) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gildistími núverandi vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB ([2]) rennur út 28. maí 2018.

2) Unnið hefur verið mat sem staðfestir mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðun 2014/312/ESB. Því er rétt að framlengja gildistíma þessara viðmiðana og krafna um mat og sannprófun.

3) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/312/ESB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/312/ESB komi eftirfarandi:

„4. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2022.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 111, 2.5.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB frá 28. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss (Stjtíð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45).

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/779 2019/EES/15/29

frá 19. febrúar 2018

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis málmklæddra samlokueininga til notkunar í burðarvirki samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 28. gr. og h-lið 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ekki er fyrir hendi viðeigandi ákvörðun um mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess fyrir málmklæddar samlokueiningar til notkunar í burðarvirki („samlokueiningar“). Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis eigi að nota fyrir samlokueiningarnar.

2) Þessi ákvörðun ætti einungis að gilda um vörur sem falla ekki undir gildissvið annarra samsvarandi lagagerða Evrópusambandsins. Þar af leiðandi ætti hún ekki að gilda um málmklæddar samlokueiningar, sem eru ekki ætlaðar til notkunar í burðarvirki, þar sem þær falla nú þegar undir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB ([2]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/437/EB([3]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um málmklæddar samlokueiningar til notkunar í burðarvirki.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis samlokueininganna, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra, í samræmi við kerfin sem tilgreind eru í viðaukanum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 29.5.2018, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/2018 frá 21. september 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

([2]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/436/EB frá 22. júní 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar þakklæðingar, þakljós, þakglugga og fylgihluti (Stjtíð. EB L 194, 10.7.1998, bls. 30).

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/437/EB frá 30. júní 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar frágang á milliveggjum, útveggjum og loftum (Stjtíð. EB L 194, 10.7.1998, bls. 39).

VIÐAUKI

KERFI TI L AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Tafla 1

Að því er varðar alla mikilvæga eiginleika sem tengjast grunnkröfu um byggingarframkvæmdir nr. 1 (kraftrænt viðnám og stöðugleiki)

Vara og fyrirhuguð notkun	Núverandi kerfi
Málmklæddar samlokueiningar til notkunar í burðarvirki	2+

Tafla 2

Einungis að því er varðar viðbrögð við bruna

Að því er varðar allar vörur, sem tilgreindar eru í fyrsta dálki í töflu 1, ákvarðast kerfi til að meta nothæfi og sannprófa stöðugleika þess, með hliðsjón af undirflokkum varanna, sem hér segir:

Undirflokkar vara	Núverandi kerfi
Vörur sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna að því er nothæfi varðar, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. með því að bæta eldtefjandi efnum við eða takmarka lífræn efni)	1
Vörur þar sem viðeigandi, evrópskur lagagrunnur er fyrir hendi til að flokka viðbrögð þeirra við bruna að því er nothæfi varðar, án prófunar	4
Vörur sem falla ekki undir undirflokkana sem tilgreindir eru í röð 1 og 2	3

Tafla 3

Að því er varðar alla aðra mikilvæga eiginleika

Vara og fyrirhuguð notkun	Núverandi kerfi
Málmklæddar samlokueiningar til notkunar í burðarvirki	3

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/662 **2019/EES/15/30**

frá 27. apríl 2018

um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki og um breytingu á VII. viðauka við tilskipun ráðsins 2005/94/EB

(tilkynnt með númeri C(2018) 2459) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki ([1]), einkum 1. mgr. 15. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE ([2]), einkum 2. mgr. 63. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 92/66/EBE (*) er mælt fyrir um lágmarksvarnarráðstafanir sem beita á ef Newcastle-veiki kemur upp í alifuglum, keppnisdúfum og öðrum fuglum sem eru í haldi. Í 15. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um tilnefningu tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á Newcastle-veiki í því skyni að sinna því hlutverki og þeim skyldum sem kveðið er á um í þeirri grein.

2) Í tilskipun 2005/94/EB er mælt fyrir um tilteknar varnarráðstafanir sem varða eftirlit og snemmgreiningu á fuglainflúensu og lágmarksvarnarráðstafanir sem beita á ef fuglainflúensa kemur upp í alifuglum eða öðrum fuglum í haldi. Í 1. mgr. 51. gr. þeirrar tilskipunar er kveðið á um að rannsóknarstofan, sem nefnd er í VII. viðauka (1) við hana, eigi að vera tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og að hún eigi að sinna því hlutverki og þeim skyldum sem eru tilgreind í VII. viðauka (2) við hana.

3) Sem afleiðing af tilkynningu Bretlands í samræmi við 50. gr. sáttmálans um Evrópusambandið þurfa tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir fuglainflúensu og Newcastle-veiki, sem eru sem stendur tilnefndar í samræmi við tilskipanir 92/66/EBE og 2005/94/EB, að hætta að gegna hlutverkum sínum og skyldum sem tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir þessa tvo sjúkdóma.

4) Að teknu tilliti til þess hversu lík sjúkdómseinkenni, greiningartækni og áskilin sérþekking og búnaður eru fyrir fuglainflúensu og Newcastle-veiki þykir rétt að tilnefna eina tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir báða sjúkdómana.

5) Til að koma í veg fyrir röskun á starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki og til að gefa nýtilnefndri rannsóknarstofu nægilegan tíma til að verða að fullu starfhæf, að því er varðar nýtt hlutverk hennar og skyldur, þykir rétt að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, gildi frá og með 1. janúar 2019.

6) Framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, kallaði eftir vali og tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki, að teknu tilliti til viðmiðana um tæknilega og vísindalega færni rannsóknarstofunnar og sérfræðilegrar þekkingar starfsfólksins.

7) Að valferlinu loknu ætti að tilnefna rannsóknarstofuna sem varð fyrir valinu, Istituto Zooprofilattico Sperimentale delle Venezie (IZSVe), Legnaro, Ítalíu, sem tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki um óákveðinn tíma sem hefst 1. janúar 2019.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari framkvæmdarákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 30.4.2018, bls. 134. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

(*) Unnið er að því að aðlaga tilskipun ráðsins 92/66/EBE að sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 (Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1) um opinbert eftirlit.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Istituto Zooprofilattico Sperimentale delle Venezie (IZSVe), Legnaro, Ítalíu, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu og Newcastle-veiki.

2. gr.

Í stað 1. liðar VII. viðauka við tilskipun 2005/94/EB komi eftirfarandi:

„1. Tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á fuglainflúensu er:

Istituto Zooprofilattico Sperimentale delle Venezie (IZSVe), Legnaro, Ítalíu.“

3. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/771 2019/EES/15/31

frá 25. janúar 2018

um viðeigandi kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]), einkum 28. gr. og h-lið 60. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ekki er fyrir hendi viðeigandi ákvörðun til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðar sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð („festingarbúnaður“). Því er nauðsynlegt að ákvarða hvaða kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis eigi að nota fyrir festingarbúnaðinn.

2) Með tilliti til þess að festingarbúnaðurinn er ætlaður til að koma í veg fyrir eða að stöðva fall einstaklings úr hæð þykir rétt að velja kerfi til að meta og sannprófa stöðugleika nothæfis sem felur í sér áframhaldandi eftirlit, mat og úttekt á framleiðslustýringu verksmiðju og úttektarprófun á sýnum sem tilkynntur vottunaraðili vörunnar tekur í verksmiðjunni eða í geymsluaðstöðu framleiðandans.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi ákvörðun gildir um festingarbúnað sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð.

2. gr.

Meta skal og sannprófa stöðugleika nothæfis festingarbúnaðarins, sem um getur í 1. gr., í tengslum við mikilvæga eiginleika hans, í samræmi við kerfið sem tilgreint er í viðaukanum.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 25. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 129, 25.5.2018, bls. 82. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 243/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

KERFI TIL AÐ META NOTHÆFI OG SANNPRÓFA STÖÐUGLEIKA ÞESS

Vörur og fyrirhuguð notkun	Mikilvægir eiginleikar	Núverandi kerfi
Festingarbúnaður sem notaður er við byggingarframkvæmdir og sem ætlaður er til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr hæð	Fyrir alla mikilvæga eiginleika	1+

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1587 **2019/EES/15/32**

frá 22. október 2018

um að afturkalla tilnefningu Istituto Superiore di Sanità, Róm, Ítalíu, sem tilvísunarrannsóknarstofu í Evrópu fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/23/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 93. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Istituto Superiore di Sanità í Róm er tilgreind í d-lið 12. liðar í I. hluta VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 822/2004 ([2]) sem tilnefnd tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins (hér á eftir nefnd tilvísunarrannsóknarstofa ESB) fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/23/EB ([3]).

2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er reglugerð (EB) nr. 882/2004 felld úr gildi og settar fram nýjar reglur um opinbert eftirlit, þ.m.t. um að koma á fót og tilnefna tilvísunarrannsóknarstofur ESB. Í 3. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli endurskoða reglulega umboð og rekstur tilvísunarrannsóknarstofa ESB.

3) Þar eð rétt þótti að sameina starfsemi tilvísunarrannsóknarstofa ESB varðandi frumefni og köfnunarefnissambönd í matvælum úr plöntu- og dýraríkinu í eina tilvísunarrannsóknarstofu ESB, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 ([4]), var Fødevareinstituttet, Danmarks Tekniske Universitet, í Kaupmannahöfn í Danmörku, tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á málmum og köfnunarefnissamböndum í fóðri og matvælum. Þar eð starfsemi þessarar tilvísunarrannsóknarstofu ESB skarast við starfsemi tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB bera nú tvær tilvísunarrannsóknarstofur ESB ábyrgð á greiningu frumefna í matvælum úr dýraríkinu. Því ætti að afturkalla tilnefningu Istituto Superiore di Sanità, Róm, Ítalíu sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB. Breyta ætti I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 til samræmis við það.

4) Þar eð framkvæmdastjórnin samþykkti vinnuáætlun Istituto Superiore di Sanità í Róm frá 1. janúar 2018 til 31. desember 2018 og veittur var styrkur fyrir þá starfsemi ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda þegar því starfstímabili er lokið.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 264, 23.10.2018, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

([3]) Tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum og um niðurfellingu á tilskipunum 85/358/EBE og 86/469/EBE og ákvörðunum 89/187/EBE og 91/664/EBE (Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/192 frá 8. febrúar 2018 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 að því er varðar tilvísunarrannsóknarstofur ESB á sviði aðskotaefna í fóðri og matvælum (Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2018, bls. 15).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tilnefning Istituto Superiore di Sanità, Róm, Ítalíu, sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB er afturkölluð.

Í I. hluta VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 falli d-liður 12. liðar brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. október 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1246 **2019/EES/15/33**

frá 18. september 2018

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar færslu eimis úr viðarediki á skrá Sambandsins yfir bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. Með reglugerð (ESB) nr. 872/2012 voru einnig innleiddir B-hluti („bragðefnablöndur“), C-hluti („bragðefni fengin með hitablöndun“), D-hluti („forefni bragðefna“), E-hluti („önnur bragðefni“) og F-hluti („grunnefni“) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. B- til F-hlutar í I. viðauka samsvara flokkum bragðefna og grunnefna sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Engar færslur eru í B- til F-hluta.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ([4]) er mælt fyrir um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

4) Í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 er mælt fyrir um umbreytingartímabil að því er varðar matvæli sem bragðefnum, sem heyra undir B- til F-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008, hefur verið bætt við og falla undir umsókn fyrir 22. október 2015 skv. 3. gr. reglugerðarinnar. Í 4. gr. er mælt fyrir um að lok umbreytingartímabilsins til að setja slík matvæli á markað sé 22. apríl 2018.

5) Uppfæra má I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.

6) Hinn 16. október 2012 var lögð umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um leyfi fyrir vörunni eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] með heitinu „rommetri“ í flokknum „önnur bragðefni“. Umsækjandinn fór þess á leit að þetta bragðefni yrði notað í ís til neyslu, sælgæti, tyggigúmmí, kornvörur, kornafurðir úr korni, rætur og hnýði, belgjurtir og belgaldin, bakarísvörur, kjöt og kjötafurðir, salt, krydd, súpur, sósur, salöt, óáfenga drykki og áfenga drykki upp að vissu marki

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 235, 19.9.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) var send umsóknin og óskað eftir áliti hennar. Umsóknin var einnig gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.

8) Hinn 24. ágúst 2017 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin „Scientific Opinion of Flavouring Group Evaluation 500 (FGE.500): rum ether“, sem varðar mat á öryggi eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] þegar það er notað sem bragðefni í flokknum „önnur bragðefni“ ([1]). Þessi vara er flókin blanda sem samanstendur af meira en áttatíu efnisþáttum. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt heildarstefnu varðandi áhættumat á bragðefnum valdi tilvist erfðaeiturefna, sem efnisþátta í rommetra, öryggisvanda. Hún benti á alvarlegan öryggisvanda í tengslum við nokkra efnisþætti á borð við fúrön og afleiður og aðra efnisþætti sem tengjast erfðaeiturhrifum og krabbameinsvaldandi áhrifum og tilgreindi einnig áhættu vegna krabbameinsvaldandi áhrifa í tengslum við tilvist etanóls.

9) Tékkland og Slóvakía hafa upplýst framkvæmdastjórnina um notkun eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský* og óskað eftir að halda þessari notkun áfram að því er varðar þessa tilteknu brenndu drykki.

10) Samkvæmt 7. forsendu reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 ætti samþykki fyrir bragðefnum einnig að taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í þessu tilliti, þ.m.t. eru samfélagslegir og hefðbundnir þættir. Þar eð notkun á þessu bragðefni er sem stendur nauðsynleg til að viðhalda sérstökum hefðbundnum skynmatseinkennum brenndu drykkjanna *tuzemák* og *tuzemský* í Tékklandi og Slóvakíu er rétt að leyfa þetta efni með þeim notkunarskilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

11) Þessir brenndu drykkir, eins og allir brenndir drykkir og áfengir drykkir almennt, eru ekki ætlaðir börnum eða öðrum viðkvæmum hópum íbúa. Til viðbótar við gildandi kröfur um merkingar ættu aðildarríkin að krefjast þess að lagðar séu fram viðbótarupplýsingar að því er varðar sértæka áhættu í tengslum við tilvist eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í þessum hefðbundnu áfengu drykkjum.

12) Þessu brenndu drykkir, sem eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] hefur verið bætt í, ættu ekki að vera notaðir við framleiðslu annarra matvæla.

13) Þegar vísað er til bragðefnanna á merkingum brenndu drykkjanna *tuzemák* og *tuzemský* ætti að nota heitið eða FL-númerið.

14) Ef eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] er sett á markað sem slíkt og ekki ætlað til sölu til endanlegs neytanda ætti, til viðbótar við kröfurnar í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, að tilgreina á merkingum að þetta bragðefni megi aðeins nota til framleiðslu á brenndu drykkjunum *tuzemák* og *tuzemský*.

15) Í því skyni að tryggja réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá og með 23. apríl 2018.

16) Þessi reglugerð ætti að gilda í fimm ár í því skyni að gera kleift að þróa staðgöngukosti fyrir eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] til að nota í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský*.

17) Því ætti að breyta E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

Varan eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] er leyfð í hefðbundnu brenndu drykkina *tuzemák* og *tuzemský* með þeim notkunartakmörkunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð.

([1]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(8), 4897.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 23. apríl 2018 til 19. september 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

———

VIÐAUKI

Í E-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 bætist við eftirfarandi færsla fyrir eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001]:

FL-nr.	Heiti	CAS-nr.	JECFA-nr.	CoE-nr.	Hreinleiki tilgreinds bragðefnis	Takmarkanir á notkun	Neðanmálsgrein	Tilvísun
„21.001	Eimur úr viðarediki	—	—	—	Flókin blanda efna sem fæst við eimingu myndefna viðarediksýru og etanóls. Vökvi sem lyktar og bragðast eins og romm. Efnisþættir: — Etanól (ákvarðað með gasgreiningu/logajónunarnema): meira en 40% (massahlutfall) — Etýlasetat: minna en 25% (massahlutfall) — Etýlformat: minna en 2% (massahlutfall) — Etýlprópíónat: minna en 4% (massahlutfall) — Etýlbútýrat: minna en 1,5% (massahlutfall) — Metýlasetat: minna en 3,5% (massahlutfall) — Fúranjafngildi (fúran og 2-metýlfúran) gefið upp sem fúran: minna en 8 mg/l — Metanól og metanólafleiður, gefið upp sem metanóljafngildi: minna en 2% (massahlutfall) — Bensópýren: minna en 1 µg/l — Bens(a)antrasen: minna en 2 µg/l — sýrur (gefnar upp sem ediksýra): minna en 1,00 g/l	Eingöngu í eftirtöldum brenndum drykkjum: *tuzemák* og *tuzemský*, sem falla undir reglugerð (EB) nr. 110/2008, þegar þeir eru settir á markað í endanlegum umbúðum og ætlaðir eingöngu lokaneytendum, 3 800 mg/l. 1. Þegar vísað er til bragðefnisins eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] á merkingum brenndu drykkjanna *tuzemák* og *tuzemský* skal nota heitið eða FL-númerið. 2. *Tuzemák* og *tuzemský*, sem eimi úr viðarediki [FL-númer 21.001] hefur verið bætt í, skulu ekki notaðir við framleiðslu annarra matvæla. 3. Ef þetta bragðefni er sett á markað sem slíkt skal, til viðbótar við kröfurnar í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, tilgreina á merkingum að þetta bragðefni megi aðeins nota til framleiðslu á brenndu drykkjunum *tuzemák* og *tuzemský*. Aðildarríkin skulu krefjast viðbótarmerkingar þar sem neytendur eru upplýstir um þá sértæku áhættu sem tengist tilvist eimis úr viðarediki [FL-númer 21.001] í brenndu drykkjunum *tuzemák* og *tuzemský*.		EFSA“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1259 **2019/EES/15/34**

frá 20. september 2018

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 873/2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar framlengingu á umbreytingatímabilinu í 4. gr. sem varðar bragðefnið „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ FL-númer 21.002(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB ([1]), einkum 3. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum ([2]), einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 ([3]) var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.

3) Með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 872/2012 voru einnig innleiddir B-hluti („bragðefnablöndur“), C-hluti („bragðefni fengin með hitablöndun“), D-hluti („forefni bragðefna“), E-hluti („önnur bragðefni“) og F-hluti („grunnefni“) í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008. B- til F-hlutar í þeim viðauka samsvara flokkum bragðefna og grunnefna sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008. Engar færslur eru í B- til F-hluta.

4) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 ([4]) er mælt fyrir um ýmsar umbreytingarráðstafanir á þeim tíma þegar skrá Sambandsins yfir bragðefni var sett fram í fyrsta sinn.

5) Í reglugerð (ESB) nr. 873/2012 er mælt fyrir um að frestur til að leggja fram umsóknir fyrir bragðefni og grunnefni, sem um getur í b- til f-lið 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1334/2008 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1331/2008, sé 22. október 2015. Þar er einnig mælt fyrir um umbreytingartímabil fyrir matvæli, sem þessum bragðefnum var bætt í, á meðan beðið er eftir mati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) á framlögðum umsóknum.

6) Í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 var 20. október 2015 lögð fram umsókn um leyfi fyrir bragðefninu „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) sem tilheyrir flokknum sem um getur í e-lið 9. gr., „önnur bragðefni“.

7) Matvælaöryggisstofnunin óskaði 5. október 2017 eftir því að umsækjandinn legði fram frekari vísindalegar upplýsingar og eiturefnafræðilegar rannsóknir eigi síðar en 5. ágúst 2018. Umsækjandinn upplýsti framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina um að verið sé að gera rannsóknirnar sem óskað var eftir til að leggja fram umbeðnar upplýsingar áður en fresturinn rennur út.

8) Ef umbeðnar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram að settum fresti liðnum ætti vegna réttarvissu að beita 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 með það í huga að ljúka sameiginlegri málsmeðferð til að uppfæra skrá Bandalagsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 238, 21.9.2018, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 873/2012 frá 1. október 2012 um umbreytingarráðstafanir varðandi skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 (Stjtíð. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 162).

9) Í samræmi við markmið reglugerðar (EB) nr. 1334/2008, til að tryggja réttarvissu varðandi matvæli, sem bragðefninu „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) er bætt í, þangað til Matvælaöryggisstofnunin hefur lokið mati sínu, þykir rétt að framlengja umbreytingartímabilið til bráðabirgða sem fastsett var í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012 fyrir þessa umsókn.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Ný 2. mgr. bætist við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 873/2012:

„2. Matvæli sem innihalda bragðefnið „grillbragðefnisþykkni (plöntu)“ (FL-nr. 21.002) sem tilheyrir flokknum „önnur bragðefni“ og eru sett löglega á markað eða merkt fyrir 22. apríl 2020 má setja á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða síðasta notkunardags. Ef upplýsingarnar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu óskaði eftir liggja ekki fyrir í síðasta lagi 5. ágúst 2018 skal ljúka málsmeðferð við umsókn í samræmi við 4. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.“

2. Upphafleg málsgrein 4. gr. er tölusett sem 1. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 23. apríl 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/751 2019/EES/15/35

frá 29. apríl 2015

um milligjöld fyrir kortatengdar greiðslur (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Uppskipting innri markaðarins skaðar samkeppnishæfni, hagvöxt og atvinnusköpun innan Sambandsins. Nauðsynlegt er að ryðja úr vegi beinum og óbeinum hindrunum á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og koma á fót samþættum markaði fyrir rafrænar greiðslur, þar sem enginn greinarmunur er gerður á greiðslum innanlands og yfir landamæri, til að innri markaðurinn geti starfað eðlilega.

2) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB ([4]) er lagður lagagrunnur að myndun innri markaðar innan Sambandsins fyrir greiðslur þar sem hún auðveldaði verulega starfsemi greiðsluþjónustuveitenda með því að setja samræmdar reglur að því er tekur til veitingar greiðsluþjónustu.

3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 ([5]) er þeirri meginreglu komið á að gjöld notenda vegna greiðslu yfir landamæri í evrum séu þau sömu og vegna samsvarandi greiðslu innan aðildarríkis, þ.m.t. kortatengdar greiðslur sem falla undir þessa reglugerð.

4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 ([6]) kveður á um reglur um virkni millifærslna fjármuna og beingreiðslna í evrum á innri markaðnum en undanskilur kortatengdar greiðslur frá gildissviði sínu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 193, 24.6.2014, bls. 2.

([2]) Stjtíð. ESB C 170, 5.6.2014, bls. 78.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. mars 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 20. apríl 2015.

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22).

5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB ([1]) miðar að því að samræma tilteknar reglur um samninga sem neytendur og seljendur gera sín á milli, þ.m.t. reglur um gjöld vegna notkunar á greiðslumiðlum, sem aðildarríki styðjast við til að banna seljendum að krefja neytendur um gjöld fyrir notkun tiltekins greiðslumiðils umfram þann kostnað sem seljandinn hefur haft af notkun þess greiðslumiðils.

6) Öruggar, skilvirkar, samkeppnishæfar og nýstárlegar rafrænar greiðslur eru mikilvægar ef neytendur, söluaðilar og fyrirtæki eiga að njóta fulls ávinnings af innri markaðinum, sérstaklega þar sem rafræn verslun verður æ algengari á heimsvísu.

7) Sum aðildarríki hafa samþykkt eða eru að undirbúa löggjöf sem gildir beint eða óbeint um milligjöld og nær yfir ýmis málefni, þ.m.t. þak á milligjöld á ýmsum stigum, gjöld á söluaðila, regluna um að taka við öllum kortum og stýringarráðstafanir. Mikill munur er á gildandi stjórnvaldsákvörðunum milli sumra aðildarríkja. Til að auka samræmi milligjalda er vænst frekari innleiðingar á reglufestum ráðstöfunum á landsvísu sem miða að því að taka á umfangi þessara gjalda eða ósamræmi milli þeirra. Slíkar landsráðstafanir væru líklegar til að hafa í för með sér verulegar hindranir fyrir tilkomu innri markaðarins á sviði kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna og myndi því hindra frelsi til að veita þjónustu.

8) Greiðslukort eru algengasti rafræni greiðslumiðillinn við kaup í smásölu. Þó er samþættingu greiðslukortamarkaðarins í Sambandinu hvergi nærri lokið þar sem ekki er mögulegt að þróa ýmsar greiðslulausnir út fyrir landamæri ríkja og komið er í veg fyrir að nýir þátttakendur, sem starfa alls staðar í Sambandinu, komist inn á markaðinn. Nauðsynlegt er að fjarlægja hindranir fyrir skilvirka starfsemi kortamarkaðarins, þ.m.t. á sviði kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna.

9) Til að gera innri markaðinum kleift að starfa með skilvirkum hætti ætti að hvetja til og auðvelda notkun rafrænna greiðslna til hagsbóta fyrir söluaðila og neytendur. Nota má kort og aðrar rafrænar greiðslur með fjölbreyttari hætti, þ.m.t. möguleikar á að greiða á Netinu til að nýta sér innri markaðinn og rafræna verslun, en rafrænar greiðslur veita einnig söluaðilum greiðslur sem geta verið öruggar. Kortatengdar greiðslur í stað greiðslna í reiðufé ættu því að vera til hagsbóta fyrir söluaðila og neytendur, að því tilskildu að gjöld fyrr notkun greiðslukortakerfa séu innan efnahagslegra, skilvirkra marka, en stuðla jafnframt að sanngjarnri samkeppni, nýsköpun og markaðsaðgangi nýrra rekstraraðila.

10) Milligjöld eru venjulega notuð milli greiðsluþjónustuveitandans sem er færsluhirðir kortsins og greiðsluþjónustuveitandans sem gefur kortið út, sem tilheyra tilteknu greiðslukortakerfi. Milligjöld eru stór hluti gjaldanna sem greiðsluþjónustuveitendur sem eru færsluhirðar leggja á söluaðila fyrir hverja kortatengda greiðslu. Söluaðilar fella kostnaðinn vegna kortanna, eins og allan annan kostnað, inn í almennt verð vara og þjónustu. Samkeppni milli greiðslukortakerfa til að sannfæra greiðsluþjónustuveitendur að gefa út kort þeirra veldur frekar hærri en lægri milligjöldum á markaðnum, en það er í ósamræmi við hefðbundin áhrif samkeppni í markaðshagkerfi til verðlækkunar. Til viðbótar við samræmda beitingu samkeppnisreglna á milligjöld myndi reglusetning um slík gjöld bæta starfsemi innri markaðarins og stuðla að því að lækka viðskiptakostnað neytenda.

11) Margvísleg gildandi milligjöld og umfang þeirra koma í veg fyrir að nýir þátttakendur, sem starfa alls staðar í Sambandinu, komi inn á markaðinn á grundvelli viðskiptalíkana sem hafa lægri eða engin milligjöld, en það er í óhag mögulegrar stærðar- og samlegðarhagkvæmni og þeirrar skilvirkni sem hún hefur í för með sér. Þetta hefur neikvæð áhrif á söluaðila og neytendur og kemur í veg fyrir nýsköpun. Þar sem þátttakendur sem starfa alls staðar í Sambandinu myndu a.m.k. þurfa að bjóða þeim bönkum sem gefa út kort hæstu milligjöld, sem fyrir eru á markaðnum sem þeir hafa áhuga á að komast inn á, leiðir þetta einnig til þess að markaðurinn verði áfram uppskiptur. Núverandi landsbundin kerfi sem hafa lægri eða engin milligjöld geta einnig neyðst til að hverfa af markaði vegna þrýstings banka um að fá hærri tekjur af milligjöldum. Því sjá söluaðilar og neytendur fram á takmarkaða valkosti, hærra verð og verri greiðsluþjónustu og möguleikar þeirra á að nýta sér greiðslulausnir sem ná um allt Sambandið eru einnig takmarkaðir. Þar að auki geta söluaðilar ekki komist hjá mismun á gjöldum með því að nota kortaviðtökuþjónustu sem bankar í öðrum aðildarríkjum bjóða. Sértækar reglur sem greiðslukortakerfin nota krefjast þess að milligjaldið leggist á „á greiðslustað“ (ríki

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB frá 25. október 2011 um réttindi neytenda, um breytingu á tilskipun ráðsins 93/13/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/44/EB og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 85/577/EBE og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB (Stjtíð. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 64).

söluaðila) við hverja greiðslu, á grundvelli landsbundinnar leyfisstefnu. Þessi krafa kemur í veg fyrir að færsluhirðar geti veitt þjónustu sína með skilvirkum hætti yfir landamæri. Hún getur einnig komið í veg fyrir að söluaðilar lækki greiðslukostnað sinn til hagsbóta fyrir neytendur.

12) Beiting framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyfirvalda ríkis á gildandi löggjöf hefur ekki getað tekið á þessum aðstæðum.

13) Til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins og verulegri röskun á samkeppni vegna mismunandi laga og stjórnvaldsákvarðana er því nauðsynlegt, í samræmi við 114. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að gera ráðstafanir til að takast á við þann vanda sem há og mismunandi milligjöld eru, til að gera greiðsluþjónustuveitendum kleift að veita þjónustu sína yfir landamæri og til að gera neytendum og söluaðilum kleift að nýta sér þjónustu yfir landamæri.

14) Beiting þessarar reglugerðar ætti hvorki að hafa áhrif á beitingu samkeppnisreglna Sambandsins né landsbundinna samkeppnisreglna. Hún ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði lægri hámörk eða ráðstafanir sem eru jafngildar eða sem hafa sömu áhrif með landslöggjöf.

15) Til að stuðla að snurðulausri starfsemi innri markaðar fyrir kortatengdar greiðslur og kortatengdar net- og farsíma-greiðslur, til hagsbóta fyrir neytendur og söluaðila, ætti þessi reglugerð að gilda um útgáfu og færsluhirðingu á kortatengdum greiðslum yfir landamæri og á landsvísu. Ef söluaðilar geta valið færsluhirði utan eigin aðildarríkis („færsluhirðing yfir landamæri“), sem verður auðveldað með því að innleiða sama hámark á innlend milligjöld og milligjöld yfir landamæri fyrir færsluhirt viðskipti og bann við landsbundinni leyfisveitingu, ætti að vera mögulegt að koma á fullnægjandi skýrleika laga og að koma í veg fyrir röskun á samkeppni milli greiðslukortakerfa.

16) Vegna einhliða skuldbindinga og loforða sem samþykkt eru innan ramma málsmeðferðar samkeppnismála eru nú þegar margar kortatengdar greiðslur yfir landamæri í Sambandinu sem framkvæmdar eru í samræmi við hámark milligjalda. Til að veita sanngjarna samkeppni á markaðnum fyrir færsluhirðingarþjónustu ættu ákvæðin sem varða færslur yfir landamæri og innlend viðskipti að taka gildi á sama tíma og innan hæfilegs tíma eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til þess hversu erfið og flókin tilfærsla greiðslukortakerfa, sem þessi reglugerð kveður á um, er.

17) Tvær megingerðir kreditkorta eru á markaðnum. Með debetkortum með greiðslufresti er heildarfjárhæð viðskipta skuldfærð af reikningi korthafa á fyrirframákveðinni dagsetningu, yfirleitt einu sinni í mánuði, án vaxta. Með öðrum kreditkortum getur korthafi notað veltilán til að endurgreiða hluta fjárhæðarinnar sem er til greiðslu á dagsetningu sem er síðar en tilgreinda dagsetningin, að viðbættum vöxtum og öðrum kostnaði.

18) Allar debet- og kreditkortatengdar greiðslur ættu að falla undir hámarkshlutfall milligjalda.

19) Áhrifamatið sýnir að bann við milligjöldum vegna debetkortfærslna væri til hagsbóta fyrir viðtöku korta, kortanotkun og þróun innri markaðarins og skapaði meiri ávinning fyrir söluaðila og neytendur en hærra hámark. Auk þess myndi það koma í veg fyrir neikvæð áhrif vegna hærra hámarks í þeim innlendu kerfum sem hafa mjög lág eða engin milligjöld vegna debetfærslna þar sem útvíkkun yfir landamæri eða nýir markaðsaðilar hækka gjöld að hámarkinu. Bann við milligjöldum vegna debetkortafærslna myndi einnig taka á hættunni á útflutningi á milligjaldalíkaninu til nýrrar og nýstárlegrar greiðsluþjónustu s.s. farsímagreiðslu- og netgreiðslukerfa.

20) Hámörkin í þessari reglugerð byggjast á svokölluðu „hlutleysisprófi söluaðila“ (e. *Merchant Indifference Test*), sem sett er fram í fagskrifum um efnahagsmál, sem tilgreinir það gjald sem söluaðili væri tilbúinn að greiða ef söluaðilinn myndi bera kostnaðinn við notkun viðskiptavinarins á greiðslukorti saman við kostnað vegna (reiðufjár)greiðslna án notkunar korts (með tilliti til gjaldsins fyrir þjónustu sem greitt er til færsluhirða, þ.e. þjónustugjald söluaðila og milligjald). Það örvar þannig notkun skilvirkra greiðslumiðla með því að stuðla að notkun þeirra korta sem veita meiri viðskiptaávinning en kemur á sama tíma í veg fyrir óhófleg gjöld söluaðila, sem myndu fela í sér falinn kostnað fyrir aðra neytendur. Annars gætu komið til ótilhlýðileg gjöld söluaðila vegna sameiginlegs fyrirkomulags milligjalda, þar sem söluaðilar eru tregir til að hafna kostnaðarsömum greiðslumiðlum af ótta við að missa viðskipti. Reynslan hefur sýnt að þessi gjaldastig eru hófleg þar sem þau raska ekki grundvellinum fyrir rekstri alþjóðlegra kortakerfa og greiðsluþjónustuveitenda. Þau hafa einnig í för með sér ávinning fyrir söluaðila og neytendur og veita réttarvissu.

21) Eins og fram kemur í áhrifamatinu hafa milligjöld þó í tilteknum aðildarríkjum þróast þannig að þau gera neytendum kleift að hafa ávinning af skilvirkum debetkortamörkuðum að því er varðar viðtöku korta og kortanotkun þar sem milligjöld eru lægri en hlutleysismörk söluaðila. Aðildarríki ættu því að geta komið á lægri milligjöldum fyrir innlendar debetkortafærslur.

22) Til að tryggja að gjöld vegna debetkorta séu efnahagslega skilvirk ætti, með tilliti til fyrirkomulags innlendra debetkortamarkaða, áfram að viðhalda möguleikanum á að setja fram hámark milligjalda sem fastagjald. Fastagjald getur einnig stuðlað að því að kortatengdar greiðslur séu notaðar fyrir lágar fjárhæðir („örgreiðslur“). Einnig ætti að vera mögulegt að beita slíku fastagjaldi ásamt hlutfallslegu gjaldi, að því tilskildu að samtala slíkra milligjalda sé ekki hærri en tilgreint hlutfall samtölu árlegs heildarviðskiptavirðis á landsbundnum vettvangi innan hvers greiðslukortakerfis. Auk þess ætti að vera mögulegt að skilgreina lægra hámarkshlutfall milligjalds á hverja færslu og að leggja á fasta hámarksfjárhæð gjalds til að takmarka fjárhæð gjalda vegna gildandi hlutfalls á hverja færslu.

23) Með tilliti til þess að þessi reglugerð samræmir í fyrsta sinn milligjöld, við aðstæður þar sem mikill munur er á gildandi debetkortakerfum og milligjöldum, er þar að auki nauðsynlegt að kveða á um sveigjanleika fyrir innlenda greiðslukortamarkaði. Að því er varðar innlendar debetkortafærslur ættu aðildarríki því, innan hæfilegs umbreytingarfrests, að geta beitt vegnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en 0,2% af árlegu meðalviðskiptavirði allra innlendra debetkortafærslna innan hvers greiðslukortakerfis, á allar innlendar debetkortafærslur innan hvers greiðslukortakerfis. Í tengslum við hámark milligjaldsins, sem reiknað er út á grundvelli árlegs meðalviðskiptavirði innan eins debetkortakerfis, er nóg að greiðsluþjónustuveitandinn taki þátt í greiðslukortakerfi (eða annars konar samkomulagi greiðsluþjónustuveitenda) þar sem vegnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en þessi 0,2%, er beitt að því er varðar allar innlendar debetkortafærslur. Hér má einnig beita fastagjaldi, hlutfalli eða samblandi þessa að því tilskildu að ekki sé farið yfir hámarkið sem sett er með vegna meðaltalinu.

24) Til að skilgreina viðeigandi hámörk milligjalda fyrir innlendar debetkortafærslur þykir rétt að heimila lögbærum landsyfirvöldum, sem eiga að sjá til þess að farið sé að þessari reglugerð, að safna upplýsingum um magn og virði allra debetkortafærslna innan greiðslukortakerfis eða um debetkortafærslur sem tilheyra einum eða fleiri greiðsluþjónustuveitendum. Af þessum sökum ætti greiðslukortakerfum og greiðsluþjónustuveitendum að vera skylt að veita lögbærum landsyfirvöldum viðeigandi gögn sem þessi yfirvöld tilgreina og innan þeirra tímamarka sem þau setja. Kvöð um skýrslugjöf ætti að gilda um greiðsluþjónustuveitendur, s.s. útgefendur eða færsluhirða en ekki aðeins um greiðslukortakerfi, til að tryggja að allar viðeigandi upplýsingar séu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum, sem ættu alltaf að geta krafist þess að slíkum upplýsingum sé safnað fyrir milligöngu greiðslukortakerfisins. Þar að auki er mikilvægt að viðkomandi aðildarríki tryggi fullnægjandi birtingu viðeigandi upplýsinga um gildandi hámörk milligjalda. Í ljósi þess að greiðslukortakerfi eru almennt ekki greiðsluþjónustuveitendur sem falla undir varfærniseftirlit geta lögbær yfirvöld krafist þess að upplýsingarnar sem þessar einingar senda séu staðfestar af óháðum endurskoðanda.

25) Sum greiðslufyrirmæli á innlendum vettvangi gera greiðandanum kleift að virkja kortatengdar greiðslur sem greiðslukortakerfið getur ekki greint sem annaðhvort debet- eða kreditkortafærslu. Hvorki greiðslukortakerfið né færsluhirðirinn þekkir þá kosti sem korthafinn velur; þar af leiðandi getur greiðslukortakerfið ekki beitt mismunandi hámörkum sem sett eru með þessari reglugerð um debet- og kreditkortafærslur, sem unnt er að greina á milli á grundvelli tímasetningarinnar sem samþykkt er um skuldfærslu greiðslna. Með tilliti til þess að nauðsynlegt er að viðhalda virkni gildandi viðskiptalíkana og komast um leið hjá óréttmætum eða óhóflegum kostnaði við að fara að lögum og, á sama tíma, að teknu tilliti til mikilvægis þess að tryggja fullnægjandi jöfn samkeppnisskilyrði milli mismunandi flokka greiðslukorta, þykir rétt að beita sömu reglu og kveðið er á um í þessari reglugerð um debetkortafærslur á slíkar innlendar greiðslur með „almennum greiðslukortum“ (e. *universal card*). Þó ætti að veita lengri aðlögunartíma fyrir þessa greiðslumiðla. Því ættu aðildarríki, í undantekningartilvikum og innan 18 mánaða umbreytingarfrests eftir gildistöku þessarar reglugerðar, að geta skilgreint hámarkshlutfall innlendra greiðslna með „almennum greiðslukortum“ sem teljast jafngilda kreditkortafærslum. Til dæmis mætti beita hámarkinu sem gildir um kreditkort á skilgreindan hluta af heildarvirði færslna fyrir söluaðila eða færsluhirða. Reiknuð niðurstaða ákvarðananna myndi þá jafngilda beitingu sameiginlegs hámarks á milligjöld vegna innlendra greiðslna sem framkvæmdar eru með almennum greiðslukortum.

26) Þessi reglugerð ætti að ná yfir allar færslur þar sem greiðsluþjónustuveitandi greiðandans og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru staðsettir í Sambandinu.

27) Í samræmi við meginregluna um tæknilegt hlutleysi, sem sett er fram í „Stafrænu áætluninni fyrir Evrópu", ætti þessi reglugerð að gilda um kortatengdar greiðslur, án tillits til þess í hvaða umhverfi færslan er gerð, þ.m.t. fyrir milligöngu smásölugreiðslumiðla og -þjónustu sem getur verið utan nets, á Netinu eða með farsímagreiðslu.

28) Kortatengdar greiðslur eru yfirleitt framkvæmdar á grundvelli tveggja meginviðskiptalíkana, hins svokallaða „þriggja aðila greiðslukortakerfis" (korthafi — færsluhirða- og útgáfukerfi — söluaðili) og „fjögurra aðila greiðslukortakerfis" (korthafi — útgáfubanki — færsluhirðir — söluaðili). Mörg fjögurra aðila greiðslukortakerfi nota skýrt milligjald, sem er að mestu marghliða. Til að viðurkenna tilvist óbeinna milligjalda og stuðla að myndun jafnra samkeppnisskilyrða ætti að líta á þriggja aðila greiðslukortakerfi, sem nota greiðsluþjónustuveitendur sem útgefendur eða færsluhirða, sem fjögurra aðila greiðslukortakerfi og þau ættu að fylgja sömu reglum, en gagnsæi og aðrar ráðstafanir sem tengjast viðskiptareglum ættu að gilda um alla veitendur. Með tilliti til sérstakra eiginleika slíkra þriggja aðila kerfa þykir þó rétt að veita aðildarríkjunum umbreytingarfrest þar sem þau geta ákveðið að beita ekki reglunum um hámark milligjalds ef slík kerfi hafa mjög takmarkaða markaðshlutdeild í hlutaðeigandi aðildarríki.

29) Útgáfuþjónustan er á grundvelli samningssambands útgefanda greiðslumiðilsins og greiðandans, án tillits til þess hvort útgefandinn varðveitir fjármuni fyrir hönd greiðandans. Útgefandinn gerir greiðslukort aðgengileg greiðandanum, heimilar færslur um posa eða jafngildi þeirra og getur ábyrgst greiðslur til færsluhirðis vegna færslna sem eru í samræmi við reglur viðkomandi kerfis. Þar af leiðandi telst það að dreifa einfaldlega greiðslukortum eða að veita einfaldlega tækniþjónustu, s.s. aðeins að vinna eða vista gögn, ekki vera útgáfa.

30) Þjónusta færsluhirðis er röð aðgerða frá því að kortatengd greiðsla er virkjuð að yfirfærslu fjármuna á greiðslureikning viðtakanda greiðslu. Þjónusta færsluhirðis er skipulögð með mismunandi hætti eftir því um hvaða aðildarríki og viðskiptalíkan er að ræða. Því gerir greiðsluþjónustuveitandinn, sem greiðir milligjaldið, ekki í öllum tilvikum samning beint við viðtakanda greiðslu. Milliliðir, sem veita hluta af þjónustu færsluhirðis en eru ekki í beinu samningssambandi við viðtakendur greiðslna, ættu þó að falla undir skilgreininguna á færsluhirði samkvæmt þessari reglugerð. Þjónusta færsluhirðis er veitt án tillits til þess hvort færsluhirðir varðveitir fjármuni fyrir hönd viðtakanda greiðslu. Tækniþjónusta, t.d. einfaldlega að vinna og vista gögn eða starfræksla posa, er ekki færsluhirðing.

31) Mikilvægt er að sjá til þess að ákvæðin um milligjöld, sem greiðsluþjónustuveitendur eiga að greiða eða veita viðtöku, séu ekki sniðgengin með öðru streymi gjalda til útgefanda. Til að komast hjá þessu ætti að líta á „hreint endurgjald" í formi gjalda, þ.m.t. möguleg leyfisgjöld, sem útgefandinn greiðir til eða tekur við frá greiðslukortakerfi, færsluhirði eða öðrum millilið, sem milligjald. Við útreikning á milligjaldinu í þeim tilgangi að athuga hvort sniðganga sé fyrir hendi ætti að taka tillit til heildarfjárhæðar greiðslna eða hvata til útgefanda frá greiðslukortakerfi að því er varðar færslur sem reglur hafa verið settar um að frádregnum gjöldunum sem útgefandinn greiðir greiðslukortakerfinu. Greiðslur, hvatar og gjöld sem koma til álita gætu verið bein (þ.e. á grundvelli magns eða tiltekinna færslna) eða óbein (þ.m.t. markaðshvatar, kaupaukar og afsláttur vegna tiltekins færslumagns). Þegar athugað er hvort farið er á svig við ákvæði þessarar reglugerðar ætti einkum að taka tillit til hagnaðar útgefenda af sérstökum áætlunum sem framkvæmdar eru sameiginlega af útgefendum og greiðslukortakerfum og tekna af vinnslu, leyfisveitingu og annarra gjalda sem skila tekjum til greiðslukortakerfa. Eins og við á, og ef það stutt fleiri hlutlægum þáttum, mætti einnig taka tillit til útgáfu greiðslukorta í þriðju löndum við mat á því hvort hugsanlega sé verið að sniðganga þessa reglugerð.

32) Algengt er að neytendur séu sér ekki meðvitaðir um gjöldin sem söluaðilar greiða vegna greiðslumiðilsins sem þeir nota. Á sama tíma geta ýmsir hvatar sem útgefendur beita (t.d. ferðaávísanir, kaupaukar, afslættir, endurgreiðslur, ókeypis tryggingar o.s.frv.) stýrt neytendum í átt að notkun greiðslumiðla og þar með valdið háum gjöldum fyrir útgefendur. Til mótvægis við þetta ættu ráðstafanirnar sem setja takmarkanir á milligjöld aðeins að gilda um greiðslukort sem eru orðin fjöldaframleiddar vörur og söluaðilar eiga erfitt með að hafna sökum útbreiddrar útgáfu þeirra og notkunar (þ.e. debet- og kreditkort neytenda). Til að stuðla að skilvirkri starfsemi þess hluta markaðarins sem reglur hafa ekki verið settar um og til að takmarka yfirfærslu viðskipta frá þeim hluta markaðarins sem reglur hafa verið settar um yfir til þess hluta sem ekki hafa verið settar reglur um er nauðsynlegt að samþykkja ýmsar ráðstafanir, þ.m.t. aðgreiningu kerfis og innviða, stýringu viðtakanda greiðslu á greiðanda og valkvæða viðtöku viðtakanda greiðslu á greiðslumiðlum.

33) Aðgreining kerfis og innviða ætti að gera öllum vinnsluaðilum kleift að keppa um viðskiptavini kerfanna. Þar sem kostnaður við vinnslu er verulegur hluti af heildarkostnaði við viðtöku korta er mikilvægt að greiða fyrir virkri samkeppni í þessum hluta verðmætakeðjunnar. Kortakerfi og vinnslueiningar ættu, á grundvelli aðgreiningar á kerfi og innviðum, að vera óháðir að því er varðar reikningshald, skipulag og ákvarðanatökuferli. Þessir aðilar ættu hvorki að mismuna, t.d. með því að veita hver öðrum fríðindameðferð eða veita trúnaðarupplýsingar sem samkeppnisaðilar þeirra hafa ekki aðgang að á markaðssviði hvers þeirra um sig, leggja óhóflegar kröfur um upplýsingar á samkeppnisaðila sína á markaðssviði hvers þeirra um sig, víxlniðurgreiða viðkomandi starfsemi þeirra, né deila fyrirkomulagi stjórnunarhátta. Slík mismunun stuðlar að uppskiptingu markaðar, hefur neikvæð áhrif á markaðsaðgang nýrra þátttakenda og kemur í veg fyrir að þátttakendur sem starfa um allt Sambandið komi fram og kemur þar með í veg fyrir tilkomu innri markaðarins á sviði kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna, á kostnað söluaðila, fyrirtækja og neytenda.

34) Reglur um kerfi sem greiðslukortakerfi nota og venjur greiðsluþjónustuveitenda gera söluaðilum og neytendum yfirleitt ekki kleift að greina muninn á gjöldum og draga úr gagnsæi á markaði, t.d. með því að „blanda“ gjöldum eða banna söluaðilum að velja ódýrara kortavörumerkið á samstarfskortum (e. *co-badged cards*) eða banna þeim að stýra neytendum í átt að notkun ódýrari korta. Jafnvel þótt söluaðilar viti af mismunandi kostnaði koma reglurnar um kerfi oft í veg fyrir að þeir grípi til ráðstafana til að lækka gjöldin.

35) Greiðslumiðlar hafa í för með sér mismunandi kostnað fyrir viðtakanda greiðslu þar sem tilteknir miðlar eru dýrari en aðrir. Viðtakanda greiðslu ætti að vera frjálst, í samræmi við tilskipun 2007/64/EB, að stýra greiðendum í átt að notkun tiltekins greiðslumiðils, nema þegar nota skal tiltekinn greiðslumiðil samkvæmt lögum vegna tiltekinna flokka greiðslna eða ekki er mögulegt að hafna honum vegna stöðu hans sem löglegur gjaldmiðill. Kortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur setja hvað þetta varðar ýmsar takmarkanir á viðtakendur greiðslna, t.d. takmarkanir á höfnun viðtakanda greiðslu á tilteknum greiðslumiðlum vegna greiðslu lágra fjárhæða, á veitingu upplýsinga til greiðandans um gjöldin sem falla á viðtakanda greiðslunnar vegna tiltekinna greiðslumiðla eða takmarkanir á þeim fjölda afgreiðslukassa í verslun viðtakanda greiðslu sem taka við tilteknum greiðslumiðlum. Þessar takmarkanir ætti að fella niður.

36) Við aðstæður þar sem viðtakandi greiðslu stýrir greiðandanum að notkun tiltekins greiðslumiðils ætti viðtakandi greiðslu ekki að krefjast gjalda frá greiðandanum vegna notkunar greiðslumiðilsins þegar milligjöldin falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, þar sem ávinningurinn af aukagjaldi við slíkar aðstæður er takmarkaður auk þess sem það eykur flækjustig á markaðnum.

37) Reglan um að taka við öllum kortum er tvöföld skuldbinding sem útgefendur og greiðslukortakerfi leggja á viðtakendur greiðslna um að taka við öllum kortum sama vörumerkis, án tillits til mismunandi kostnaðar við þessi kort („skyldan til að virða allar afurðir“) og án tillits til einstakra útgáfubanka sem hafa gefið kortið út („skyldan til að virða alla útgefendur“). Það eru hagsmunir neytandans að viðtakendur greiðslna geti ekki, að því er varðar sama flokk korta, mismunað útgefendum eða korthöfum og að kortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur geti lagt slíka skyldu á þá. Því er sú skylda að virða alla útgefendur sem felst í reglunni um að taka við öllum kortum réttlætanleg regla innan kortakerfis þar sem hún kemur í veg fyrir að viðtakendur greiðslna mismuni einstökum bönkum sem hafa gefið út kort. Sú skylda að virða allar afurðir er í raun aðferð til að tvinna saman viðtöku á kortum sem bera lág gjöld við viðtöku á kortum sem bera há gjöld. Ef sú skylda að virða allar afurðir er afnumin úr reglunni um að taka við öllum kortum myndi það gera söluaðilum kleift að takmarka það úrval greiðslukorta sem þeir bjóða við þau kort sem bera lægri gjöld, en það væri einnig til hagsbóta fyrir neytendur vegna lægri kostnaðar söluaðila. Söluaðilar sem taka við debetkortum væru þá ekki neyddir til að taka við kreditkortum og þeir sem taka við kreditkortum væru ekki neyddir til að taka við viðskiptakortum. Til að vernda neytandann og möguleika neytandans á að nota greiðslukort eins oft og mögulegt er ætti þó aðeins að skylda söluaðila til að taka við kortum sem bera sömu milligjöld, sem reglur hafa verið settar um, ef þau eru gefin út undir sama vörumerki og í sama flokki (fyrirframgreidd kort, debetkort eða kreditkort). Slík takmörkun myndi einnig leiða til aukinnar samkeppni milli korta sem bera milligjöld sem ekki hafa verið settar reglur um samkvæmt þessari reglugerð þar sem söluaðilar myndu fá betri samningsstöðu að því er varðar með hvaða skilyrðum þeir taka við slíkum kortum. Þessar takmarkanir ættu að vera takmarkaðar og aðeins teljast viðteknar í þeim tilgangi að auka vernd neytenda, til að veita neytendum fullnægjandi vissu um að söluaðilar taki við greiðslukortum þeirra.

38) Tryggja ætti skýr skil greiðsluþjónustuveitenda á milli neytenda- og viðskiptakorta, bæði tæknilega og viðskiptalega. Því er mikilvægt að skilgreina viðskiptakort sem greiðslumiðil sem aðeins er notaður vegna viðskiptakostnaðar sem færður er beint á reikning fyrirtækisins, opinbera aðilans eða hins sjálfstætt starfandi einstaklings.

39) Viðtakendur greiðslna og greiðendur ættu að hafa tök á að greina mismunandi flokka korta. Því ætti að vera mögulegt að greina hin ýmsu vörumerki og flokka með rafrænum hætti og nýútgefna kortatengda greiðslumiðla ætti að vera mögulegt að greina sjónrænt á tækinu. Þar að auki ætti greiðandinn að fá upplýsingar um hvort tekið sé við greiðslumiðli eða greiðslumiðlum greiðandans á tilteknum greiðslustað. Nauðsynlegt er að viðtakandi greiðslu tilkynni greiðanda um allar takmarkanir á notkun tiltekins vörumerkis á sama tíma og við sömu skilyrði og tilkynnt er um að tekið sé við tilteknu vörumerki.

40) Til að tryggja skilvirka samkeppni milli vörumerkja er mikilvægt að val á greiðsluhugbúnaði sé í höndum notenda en ekki aðliggjandi markaðar, sem samanstendur af greiðslukortakerfum, greiðsluþjónustuveitendum eða vinnsluaðilum. Slíkt fyrirkomulag ætti ekki að koma í veg fyrir að greiðendur og viðtakendur greiðslna ákvarði sjálfgefið val á búnaði, ef það er tæknilega mögulegt, að því tilskildu að unnt sé að breyta valinu fyrir hverja færslu.

41) Til að tryggja að úrlausn sé möguleg þegar þessari reglugerð hefur verið beitt með röngum hætti, eða ef ágreiningur rís á milli notenda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda, ættu aðildarríki að koma á fullnægjandi og árangursríku úrræði kæru- og úrlausnarmeðferðar utan réttar eða gera jafngildar ráðstafanir. Aðildarríki ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð og ættu að tryggja að þessi viðurlög séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi og að þeim sé beitt.

42) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram skýrslu um hin ýmsu áhrif þessarar reglugerðar á starfsemi markaðarins. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin hafi möguleika á að safna þeim upplýsingum sem þarf til að gera þessa skýrslu og að lögbæru yfirvöldin hafi náið samstarf við framkvæmdastjórnina um söfnun gagna.

43) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um samræmdar kröfur vegna kortatengdra greiðslna og kortatengdra net- og farsímagreiðslna, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

44) Reglugerð þessi uppfyllir grundvallarréttindi og meginreglur, einkum þær sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, nánar tiltekið rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns eða til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, frelsi til atvinnurekstrar og neytendaverndar og er skylt að beita henni í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar tækni- og viðskiptakröfur vegna kortatengdra greiðslna innan Sambandsins enda séu bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu staðsettir innan þess.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um þjónustu á grundvelli tiltekinna greiðslumiðla sem aðeins er unnt að nota með takmörkuðum hætti, sem uppfylla eitt eftirfarandi skilyrða:

a) miðlar sem gera handhafanum aðeins kleift að kaupa vörur eða þjónustu á athafnasvæði útgefandans eða innan takmarkaðs nets þjónustuveitenda samkvæmt beinum viðskiptasamningi við faglegan útgefanda,

b) miðlar sem aðeins er mögulegt að nota til að kaupa vöru eða þjónustu sem mjög takmarkað úrval er af,

c) miðlar sem aðeins eru gjaldgengir í einu aðildarríki, sem lagðir eru fram að ósk fyrirtækis eða opinbers aðila og falla undir reglur landsbundins eða svæðisbundins opinbers yfirvalds í tilteknum félagslegum eða skattalegum tilgangi í því skyni að kaupa tilteknar vörur eða þjónustu af birgjum sem hafa gert viðskiptasamning við útgefandann.

3. II. kafli gildir ekki um eftirfarandi:

a) færslur með viðskiptakortum,

b) úttektir reiðufjár úr hraðbönkum eða hjá afgreiðslu greiðsluþjónustuveitanda og

c) færslur með greiðslukortum sem útgefin eru af þriggja aðila greiðslukortakerfum.

4. Ákvæði 7. gr. gilda ekki um þriggja aðila greiðslukortakerfi.

5. Ef þriggja aðila greiðslukortakerfi veitir öðrum greiðsluþjónustuveitendum leyfi til að gefa út kortatengda greiðslumiðla eða til að færsluhirða kortatengdar greiðslur, eða hvort tveggja, eða gefur út kortatengda greiðslumiðla ásamt samstarfsaðila um sameiginlega vörumerkjastjórnun eða fyrir milligöngu umboðsaðila, telst það vera fjögurra aðila greiðslukortakerfi. Í tengslum við innlendar greiðslur má þó, fram til 9. desember 2018, undanskilja slíkt þriggja aðila greiðslukortakerfi frá skuldbindingunum í II. kafla, að því tilskildu að kortatengdu greiðslurnar sem gerðar eru í aðildarríki í slíku þriggja aðila greiðslukortakerfi séu ekki á ársgrundvelli umfram 3% af virði allra kortatengdra greiðslna í viðkomandi aðildarríki.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „færsluhirðir“: greiðsluþjónustuveitandi sem gerir samning við viðtakanda greiðslu um að taka við og vinna úr kortatengdum greiðslum, sem hefur í för með sér yfirfærslu fjármuna til viðtakanda greiðslu,

2) „útgefandi“: greiðsluþjónustuveitandi sem gerir samning um að veita greiðanda greiðslumiðil til að virkja og vinna úr kortatengdum greiðslum greiðandans,

3) „neytandi“: einstaklingur sem í samningum um greiðsluþjónustu, sem þessi reglugerð tekur til, kemur fram í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar, viðskipta eða starfs þess aðila,

4) „debetkortafærsla“: kortatengd greiðsla, þ.m.t. þær sem framkvæmdar eru með fyrirframgreiddum kortum, sem ekki er kreditkortafærsla,

5) „kreditkortafærsla“: kortatengd greiðsla þar sem fjárhæð færslunnar er skuldfærð að fullu eða að hluta á tilgreindri fyrirframákveðinni dagsetningu almanaksmánaðar til greiðanda, í samræmi við fyrirframákveðna lánsheimild, með eða án vaxta,

6) „viðskiptakort“: kortatengdur greiðslumiðill sem gefinn er út til fyrirtækja, opinberra aðila eða sjálfstætt starfandi einstaklinga sem aðeins má nota vegna viðskiptakostnaðar ef greiðslurnar með slíku korti eru skuldfærðar beint á reikning fyrirtækisins, opinbera aðilans eða sjálfstætt starfandi einstaklingsins,

7) „kortatengd greiðsla“: þjónusta á grundvelli innviða greiðslukortakerfis og viðskiptareglna um að framkvæma greiðslu með hvers konar korti, fjarskiptum, stafrænum hætti eða upplýsingatæknibúnaði eða hugbúnaði ef það leiðir af sér debet- eða kreditkortafærslu. Kortatengdar greiðslur eru ekki færslur sem framkvæmdar eru með annars konar greiðsluþjónustu,

8) „greiðsla yfir landamæri“: kortatengd greiðsla þar sem útgefandinn og færsluhirðirinn eru hvor í sínu aðildarríkinu, eða ef kortatengdi greiðslumiðillinn er gefinn út af útgefanda sem er í öðru aðildarríki en greiðslustaðurinn,

9) „innlend greiðsla“: kortatengd greiðsla sem er ekki greiðsla yfir landamæri,

10) „milligjald“: gjald sem greitt er fyrir hverja færslu beint eða óbeint (þ.e. fyrir milligöngu þriðja aðila) milli útgefanda og færsluhirðis sem eru þátttakendur í kortatengdri greiðslu. Hreint endurgjald eða önnur þóknun sem samið hefur verið um telst vera hluti af milligjaldinu.

11) „hreint endurgjald“: hrein heildarfjárhæð greiðslna, afslátta eða hvata sem útgefandi fær frá greiðslukortakerfinu, færsluhirðinum eða öðrum millilið í tengslum við kortatengdar greiðslur eða tengda starfsemi,

12) „þjónustugjald söluaðila“: gjald sem viðtakandi greiðslu greiðir færsluhirðinum í tengslum við kortatengdar greiðslur,

13) „viðtakandi greiðslu“: einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,

14) „greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, þegar engum greiðslureikningi er fyrir að fara, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli,

15) „greiðslukort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðandanum kleift að virkja debet- eða kreditkortafærslu,

16) „greiðslukortakerfi“: sameiginlegar reglur, aðferðir, staðlar og/eða viðmiðunarreglur um framkvæmd kortatengdra greiðslna, sem er aðgreint frá innviðum eða greiðslukerfi sem er grundvöllur starfsemi kerfisins, og tekur til allra tiltekinna aðila sem fara með ákvarðanatöku, stofnana eða eininga sem bera ábyrgð á starfrækslu kerfisins,

17) „fjögurra aðila greiðslukortakerfi“: greiðslukortakerfi þar sem kortatengdar greiðslur fara af greiðslureikningi greiðanda til greiðslureiknings viðtakanda greiðslu fyrir milligöngu kerfisins, útgefanda (á hlið greiðandans) og færsluhirðis (á hlið viðtakanda greiðslu),

18) „þriggja aðila greiðslukortakerfi“: greiðslukortakerfi þar sem kerfið sjálft veitir færsluhirðis- og útgáfuþjónustu og kortatengdar greiðslur fara af greiðslureikningi greiðanda á greiðslureikning viðtakanda greiðslu innan kerfisins. Ef þriggja aðila kortakerfi veitir öðrum greiðsluþjónustuveitendum leyfi til að gefa út kortatengda greiðslumiðla eða til að færsluhirða kortatengdar greiðslur, eða hvort tveggja, eða gefur út kortatengda greiðslumiðla ásamt samstarfsaðila um sameiginlega vörumerkjastjórnun eða fyrir milligöngu umboðsaðila, telst það vera fjögurra aðila greiðslukortakerfi,

19) „greiðslumiðill“: hvers konar persónubundinn búnaður og/eða aðferðir sem notandi greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitandi koma sér saman um og notaður er til að gefa greiðslufyrirmæli,

20) „kortatengdur greiðslumiðill“: greiðslumiðill, þ.m.t. kort, farsími, tölva eða annar tæknibúnaður sem inniheldur viðeigandi greiðsluhugbúnað sem gerir greiðandanum kleift að virkja kortatengda greiðslu sem er ekki millifærsla fjármuna eða beingreiðsla eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 260/2012,

21) „greiðsluhugbúnaður“: hugbúnaður eða samsvarandi búnaður sem hlaðið er inn á tæki sem gerir kleift að virkja kortatengda greiðslu og gerir greiðandanum kleift að gefa greiðslufyrirmæli,

22) „greiðslureikningur“: reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaður við framkvæmd greiðslu, þ.m.t. þegar um er að ræða sérstakan reikning fyrir rafeyri eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB ([1]),

23) „greiðslufyrirmæli“: hvers konar fyrirmæli greiðanda til greiðsluþjónustuveitanda síns um framkvæmd greiðslu,

24) „greiðsluþjónustuveitandi“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur leyfi til að veita greiðsluþjónustuna sem skráð er í viðaukann við tilskipun 2007/64/EB eða er viðurkenndur sem útgefandi rafeyris í samræmi við 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2009/110/EB. Greiðsluþjónustuveitandi getur verið útgefandi eða færsluhirðir eða hvort tveggja,

25) „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu, annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja,

26) „greiðsla“: aðgerð sem greiðandi eða annar fyrir hans hönd eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að sem felst í því að yfirfæra fjármuni, án tillits til undirliggjandi skuldbindinga milli greiðanda og viðtakanda greiðslu,

27) „vinnsla“: framkvæmd þjónustu við vinnslu á greiðslum með tilliti til aðgerðanna sem krafist er við meðhöndlun greiðslufyrirmæla milli færsluhirðis og útgefanda,

28) „vinnslueining“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir þjónustu á sviði vinnslu á greiðslum,

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim, breytingu á tilskipunum 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu á tilskipun 2000/46/EB (Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7).

29) „greiðslustaður“: heimilisfang efnislegs athafnasvæðis söluaðila þar sem greiðsla er virkjuð. Þó gildir eftirfarandi:

a) ef um er að ræða fjarsölu eða fjarsölusamninga (þ.e. netverslun) eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. tilskipunar 2011/83/ESB skal greiðslustaðurinn vera heimilisfang fastrar starfsstöðvar þar sem söluaðilinn stundar starfsemi án tillits til staðsetningar vefsetursins eða netþjónsins sem greiðslan er virkjuð,

b) ef söluaðilinn hefur ekki fasta starfsstöð skal greiðslustaðurinn vera heimilisfangið þar sem söluaðilinn hefur gilt starfsleyfi þar sem greiðslan er virkjuð,

c) ef söluaðilinn hefur hvorki fasta starfsstöð né gilt starfsleyfi til viðskipta skal greiðslustaðurinn vera póstfangið vegna skattgreiðslna hans í tengslum við sölustarfsemi hans þar sem greiðslan er virkjuð,

30) „greiðsluvörumerki“: hvers konar efnislegt eða rafrænt nafn, hugtak, merki, tákn eða samsetning þeirra, sem getur tilgreint innan hvaða greiðslukortakerfis kortatengdar greiðslur eru framkvæmdar,

31) „kortasamstarf (e. *co-badging*)“: þegar tvö eða fleiri greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaður sama vörumerkis eru á sama kortatengda greiðslumiðlinum,

32) „sameiginleg vörumerkjastjórnun (e. *co-branding*)“: þegar a.m.k. eitt greiðsluvörumerki og a.m.k. eitt vörumerki sem ekki er greiðsluvörumerki eru á sama kortatengda greiðslumiðli,

33) „debetkort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðanda kleift að virkja debetkortafærslu, að undanskildum færslum með fyrirframgreiddum kortum,

34) „kreditkort“: flokkur greiðslumiðils sem gerir greiðanda kleift að virkja kreditkortafærslu,

35) „fyrirframgreitt kort“: flokkur greiðslumiðils þar sem rafeyrir, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2009/110/EB, er geymdur.

II. KAFLI

MILLIGJÖLD

3. gr.

Milligjöld fyrir debetkortafærslur neytenda

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu hvorki bjóða né krefjast milligjalds á hverja færslu sem er hærra en 0,2% af virði færslunnar fyrir neina debetkortafærslu.

2. Að því er varðar innlendar debetkortafærslur geta aðildarríki annaðhvort:

a) skilgreint hámarksprósentuhlutfall milligjalds á hverja færslu, sem er lægra en það sem kveðið er á um í 1. mgr., og ákvarðað fast hámarksgjald sem er hámarksfjárhæð gjaldsins sem leiðir af gildandi prósentuhlutfalli, eða

b) heimilað greiðsluþjónustuveitendum að leggja milligjald á hverja færslu sem er ekki hærra en 0,05 evrur eða, í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, samsvarandi virði í gjaldmiðli viðkomandi ríkis hinn 8. júní 2015, sem skal endurskoða á fimm ára fresti eða hvenær sem veruleg breyting verður á gengi gjaldmiðla. Þetta milligjald á hverja færslu má einnig sameina hámarkshlutfalli, sem er ekki hærra en 0,2%, ávallt að því tilskildu að samtala milligjalda greiðslukortakerfisins sé ekki hærri en 0,2% af heildarviðskiptavirði innlendra debetkortafærslna á ári innan hvers greiðslukortakerfis.

3. Að því er varðar innlendar debetkortafærslur geta aðildarríki, til 9. desember 2020, heimilað greiðsluþjónustuveitendum að beita vegnu meðaltali milligjalds, sem er ekki hærra en jafngildi 0,2% af árlegu meðalviðskiptavirði allra innlendra debetkortafærslna innan hvers greiðslukortakerfis. Aðildarríki geta skilgreint lægra vegið meðaltal sem hámarksmilligjald er gildi um allar innlendar debetkortafærslur.

4. Árlegt viðskiptavirði, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal reiknað út árlega, frá 1. janúar til 31. desember, og skal beitt frá 1. apríl eftirfarandi árs. Viðmiðunartímabilið fyrir fyrsta útreikninginn á slíku virði skal hefjast 15 almanaksmánuðum fyrir gildistökudag 2. og 3. mgr. og skal ljúka þremur almanaksmánuðum fyrir þann dag.

5. Lögbær yfirvöld, sem um getur í 13. gr., skulu krefjast þess að greiðslukortakerfi og/eða greiðsluþjónustuveitendur veiti, að fenginni skriflegri beiðni yfirvaldanna, allar nauðsynlegar upplýsingar til að sannreyna rétta beitingu á 3. og 4. mgr. þessarar greinar. Slíkar upplýsingar skulu sendar lögbærum yfirvöldum fyrir 1. mars árið eftir viðmiðunartímabilið sem um getur í fyrsta málslið 4. mgr. Allar aðrar upplýsingar sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að sannreyna að farið sé að ákvæðunum í þessum kafla skulu sendar þeim að fenginni skriflegri beiðni þeirra og innan þess frests sem þau setja. Lögbær yfirvöld geta krafist þess að slíkar upplýsingar sé staðfestar af óháðum endurskoðanda.

4. gr.

Milligjöld fyrir kreditkortafærslur neytenda

Greiðsluþjónustuveitendur skulu hvorki bjóða né krefjast milligjalds á hverja færslu sem er hærra en 0,3% af virði færslunnar fyrir neina kreditkortagreiðslu. Aðildarríki geta skilgreint lægra hámark á milligjald á hverja innlenda kreditkortafærslu.

5. gr.

Bann við sniðgöngu

Í þeim tilgangi að beita hámörkunum sem um getur í 3. og 4. gr. skal meðhöndla hvers konar þóknanir sem samið hefur verið um, þ.m.t. hreint endurgjald, sem hafa jafngild markmið eða áhrif og milligjaldið, sem útgefandinn fær frá greiðslukortakerfinu, færsluhirði eða öðrum millilið í tengslum við greiðslur eða tengda starfsemi, sem hluta af milligjaldinu.

III. KAFLI

VIÐSKIPTAREGLUR

6. gr.

Leyfisveiting

1. Allar svæðisbundnar takmarkanir innan Sambandsins eða reglur sem hafa samsvarandi áhrif í nytjaleyfissamningum eða í reglum um greiðslukortakerfi um útgáfu greiðslukorta eða færsluhirðingu kortatengdra greiðslna eru bannaðar.

2. Allar kröfur eða skyldur til að aflað sé landsbundins leyfis eða starfsleyfis til að starfa yfir landamæri og reglur sem hafa samsvarandi áhrif í nytjaleyfissamningum eða í reglum um greiðslukortakerfi um útgáfu greiðslukorta eða færsluhirðingu kortatengdra greiðslna eru bannaðar.

7. gr.

Aðgreining greiðslukortakerfa og vinnslueininga

1. Greiðslukortakerfi og vinnslueiningar:

a) skulu vera óháðar með tilliti til reikningshalds, skipulags og ákvarðanatökuferlis,

b) skulu ekki tilgreina verð fyrir greiðslukortakerfi og vinnslustarfsemi í einum pakka og skulu ekki víxlniðurgreiða slíka starfsemi,

c) skulu ekki mismuna með neinum hætti dótturfélögum sínum eða hluthöfum annars vegar og notendum greiðslukortakerfa og annarra samningsaðila hins vegar og skulu einkum ekki skilyrða neina þjónustuveitingu sína því að samningsaðilar þeirra samþykki aðra þjónustu sem þeir veita.

2. Lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skráð skrifstofa kerfisins er staðsett getur krafist þess að greiðslukortakerfi leggi fram óháða skýrslu sem staðfestir að það uppfylli skilyrði 1. mgr.

3. Greiðslukortakerfi skulu gera ráð fyrir þeim möguleika að heimildarleitar- og færsluvísunarskilaboð einstakra kortatengdra greiðslna séu aðgreind og unnin af mismunandi vinnslueiningum.

4. Öll svæðisbundin mismunun í reglum um vinnslu sem greiðslukortakerfi starfrækja er bönnuð.

5. Vinnslueiningar innan Sambandsins skulu tryggja að kerfi þeirra séu tæknilega samhæfð öðrum kerfum vinnslueininga innan Sambandsins með notkun staðla sem alþjóðlegar eða evrópskar staðlastofnanir hafa þróað. Þar að auki skulu greiðslukortakerfi hvorki samþykkja né beita viðskiptareglum sem takmarka samhæfni milli vinnslueininga innan Sambandsins.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin getur, að höfðu samráði við ráðgjafarnefnd, eins og um getur í 41. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([1]), samið drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem kemur á kröfunum sem greiðslukortakerfi og vinnslueiningar skulu uppfylla til að tryggja beitingu a-liðar 1. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 9. desember 2015.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. gr.

Kortasamstarf og val á greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaði

1. Reglur um greiðslukortakerfi og reglur í nytjaleyfissamningum eða jafngildar ráðstafanir sem hindra eða koma í veg fyrir að útgefandi hafi tvö eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerki eða mismunandi tegundir greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðli eru bannaðar.

2. Þegar gerður er samningur við greiðsluþjónustuveitanda getur neytandinn krafist þess að fá tvö eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerki á kortatengdan greiðslumiðil að því tilskildu að viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi bjóði slíka þjónustu. Með góðum fyrirvara áður en samningurinn er undirritaður skal greiðsluþjónustuveitandi veita neytanda skýrar og hlutlægar upplýsingar um öll þau greiðsluvörumerki sem eru í boði og eiginleika þeirra, þ.m.t. virkni þeirra, kostnað og öryggi.

3. Allur munur á meðhöndlun á útgefendum og færsluhirðum í kerfisreglum og reglum í nytjaleyfissamningum um kortasamstarf mismunandi greiðsluvörumerkja eða greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðli skal rökstuddur á hlutlægan hátt og vera án mismununar.

4. Greiðslukortakerfi skulu ekki leggja skýrslugjafarkröfur, skyldur til að greiða gjöld eða samsvarandi skyldur með sama markmið eða áhrif á greiðsluþjónustuveitendur, sem eru kortaútgefendur eða færsluhirðar, vegna færslna sem framkvæmdar eru með búnaði með greiðsluvörumerki þeirra í tengslum við færslur sem ekki fara um kerfi þeirra.

5. Allar meginreglur um beiningu eða jafngildar ráðstafanir sem miða að því að beina færslum um tiltekna boðleið eða ferli og aðrir tækni- og öryggisstaðlar og kröfur að því er varðar meðhöndlun tveggja eða fleiri mismunandi greiðsluvörumerkja og mismunandi greiðsluhugbúnaðar á kortatengdum greiðslumiðlum skulu vera án mismununar og skal beitt á jafnréttisgrundvelli.

6. Greiðslukortakerfi, útgefendur, færsluhirðar, vinnslueiningar og aðrir tækniþjónustuveitendur skulu ekki koma fyrir sjálfvirkum vélbúnaði, hugbúnaði eða tæki á greiðslumiðilinn eða á búnaðinn sem notaður er á greiðslustað sem takmarkar val greiðandans eða viðtakanda greiðslu á greiðsluvörumerki eða greiðsluhugbúnaði, eða hvort tveggja, þegar notast er við greiðslumiðil sem felur í sér kortasamstarf.

Viðtakendur greiðslna skulu halda þeim möguleika opnum að setja upp sjálfvirkan vélbúnað í búnaðinn sem notaður er á greiðslustað, sem forgangsvelur tiltekið greiðsluvörumerki eða tiltekinn greiðsluhugbúnað, en viðtakendur greiðslna skulu ekki koma í veg fyrir að greiðandinn fari framhjá slíku sjálfvirku forgangsvali viðtakanda greiðslu í búnaði hans fyrir þá flokka korta eða tengdra greiðslumiðla sem viðtakandi greiðslu tekur við.

9. gr.

Aðgreining gjalda (e. *unblending*)

1. Hver færsluhirðir skal, að því er varðar viðtakendur greiðslna, bjóða og innheimta þjónustugjöld söluaðila aðgreint fyrir hvern flokk og mismunandi vörumerki greiðslukorta með mismunandi milligjald nema viðtakendur greiðslna óski skriflega eftir því við færsluhirðinn að hann innheimti þjónustugjöld söluaðila í sameiginlegum pakka.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. Færsluhirðar skulu taka fram í samningum sínum við viðtakendur greiðslna sundurliðaðar upplýsingar um fjárhæð þjónustugjalda söluaðila, milligjöld og kerfisgjöld sem gilda fyrir hvern flokk og vörumerki greiðslukorta, nema viðtakandi greiðslu leggi fram skriflega ósk um annað.

10. gr.

Reglan um að taka við öllum kortum

1. Greiðslukortakerfi og greiðsluþjónustuveitendur skulu ekki beita neinni reglu sem skyldar viðtakendur greiðslna, sem taka við kortatengdum greiðslumiðli sem gefinn er út af einum útgefanda, til að taka einnig við kortatengdum greiðslumiðlum sem gefnir eru út innan ramma sama greiðslukortakerfis.

2. Ákvæði 1. mgr. skal ekki gilda um neytendakortatengda greiðslumiðla sama vörumerkis og sama flokks fyrirframgreiddra korta, debetkorta eða kreditkorta sem falla undir milligjöld skv. II. kafla þessarar reglugerðar.

3. Ákvæði 1. mgr. hefur ekki áhrif á þann möguleika greiðslukortakerfa og greiðsluþjónustuveitenda að kveða á um að ekki megi hafna kortum á grundvelli þess hver útgefandinn eða korthafinn er.

4. Viðtakendur greiðslna sem ákveða að taka ekki við öllum kortum eða öðrum greiðslumiðlum greiðslukortakerfis skulu upplýsa neytendur um þetta, með skýrum og ótvíræðum hætti, á sama tíma og þeir upplýsa neytendur um að þeir taki við öðrum kortum og greiðslumiðlum greiðslukortakerfisins. Þessar upplýsingar skulu birtar með áberandi hætti við inngang verslunarinnar og á kassanum.

Ef um er að ræða fjarsölu skulu þessar upplýsingar birtar á vefsetri viðtakanda greiðslu eða á öðrum viðeigandi rafrænum eða færanlegum miðli. Veita skal greiðandanum þessar upplýsingar tímanlega áður en hann gerir kaupsamning við viðtakanda greiðslunnar.

5. Útgefendur skulu tryggja að unnt sé að greina greiðslumiðla þeirra með rafrænum hætti og, ef um er að ræða nýútgefna kortatengda greiðslumiðla, einnig með sjónrænum hætti, sem gerir viðtakendum greiðslna og greiðendum kleift að greina með ótvíræðum hætti hvaða vörumerki og flokk fyrirframgreiddra korta, debetkorta, kreditkorta eða viðskiptakorta greiðandinn velur.

11. gr.

Reglur um stýringu

1. Reglur í nytjaleyfissamningum, í kerfisreglum sem greiðslukortakerfi nota og í samningum sem gerðir eru á milli kortafærsluhirða og viðtakenda greiðslna, sem koma í veg fyrir að viðtakendur greiðslna stýri neytendum í átt að notkun greiðslumiðla sem viðtakandi greiðslu kýs, eru bannaðar. Þetta bann skal einnig ná yfir allar reglur sem banna viðtakendum greiðslna að meðhöndla kortatengda greiðslumiðla tiltekins greiðslukortakerfis með hagstæðari eða óhagstæðari hætti en aðra.

2. Reglur í nytjaleyfissamningum, í kerfisreglum sem greiðslukortakerfi nota og í samningum sem gerðir eru á milli kortafærsluhirða og viðtakenda greiðslna sem koma í veg fyrir að viðtakendur greiðslna upplýsi greiðendur um milligjöld og þjónustugjöld söluaðila, eru bannaðar.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á reglurnar um gjöld, lækkun eða aðrar stýringaraðferðir sem settar eru fram í tilskipun 2007/64/EB og tilskipun 2011/83/ESB.

12. gr.

Upplýsingar til viðtakanda greiðslu um einstakar kortatengdar greiðslur

1. Eftir framkvæmd á stakri kortatengdri greiðslu skal greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu veita viðtakanda greiðslu eftirfarandi upplýsingar:

a) tilvísun sem gerir viðtakanda greiðslu kleift að bera kennsl á kortatengdu greiðsluna,

b) fjárhæð greiðslunnar í þeim gjaldmiðli sem notaður er við eignfærslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu,

c) fjárhæð allra gjalda vegna kortatengdu greiðslunnar, þar sem tilgreint er með aðgreindum hætti þjónustugjald söluaðila og fjárhæð milligjaldsins.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein má, með skýlausu fyrirframsamþykki viðtakanda greiðslu, taka saman eftir vörumerki, hugbúnaði, tegund greiðslumiðils og hlutfalli milligjalds sem gildir um færsluna.

2. Í samningum milli færsluhirða og viðtakenda greiðslna getur falist áskilnaður um að upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr., skuli veittar eða komið á framfæri reglubundið, a.m.k. einu sinni í mánuði, á umsaminn hátt sem gerir viðtakendum greiðslna kleift að geyma og endurgera upplýsingarnar óbreyttar.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna lögbær yfirvöld sem hafa vald til að tryggja framfylgd þessarar reglugerðar og sem eru veittar rannsóknar- og framkvæmdarheimildir.

2. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna starfandi stofnanir til að gegna hlutverki lögbærra yfirvalda.

3. Aðildarríki mega tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld.

4. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi lögbæru yfirvöld eigi síðar en 9. júní 2016. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar varðandi þessi yfirvöld.

5. Hin tilnefndu lögbæru yfirvöld sem um getur í 1. mgr. skulu hafa fullnægjandi tilföng til að geta sinnt skyldum sínum.

6. Aðildarríki skulu skylda lögbær yfirvöld til að hafa virkt eftirlit með því að farið sé að þessari reglugerð, þ.m.t. að bregðast við tilraunum greiðsluþjónustuveitenda til að sniðganga þessa reglugerð, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum hennar.

14. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríki skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt.

2. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 9. júní 2016 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

15. gr.

Uppgjör, kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar

1. Aðildarríki skulu tryggja og stuðla að fullnægjandi og árangursríkri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar eða gera jafngildar ráðstafanir til að leysa deilumál sem kunna að rísa af þessari reglugerð milli viðtakenda greiðslna og greiðsluþjónustuveitenda þeirra. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki tilnefna starfandi stofnanir, eftir því sem við á, eða koma á fót nýjum stofnunum. Stofnanirnar skulu vera óháðar aðilunum.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar stofnanir eigi síðar en 9. júní 2017. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um hvers konar síðari breytingar varðandi þessar stofnanir.

16. gr.

Almenn greiðslukort

1. Að því er varðar þessa reglugerð er ákvæðunum um debetkort eða debetkortafærslur beitt í tengslum við innlendar greiðslur sem greiðslukortakerfið getur ekki greint sem debet- eða kreditkortafærslur.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. geta aðildarríki, fram til 9. desember 2016, skilgreint hluta, sem er ekki stærri en 30% af innlendum greiðslum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem jafngildan kreditkortafærslum, sem hámarkið sem sett er um milligjald í 4. gr. gildir um.

17. gr.

Endurskoðunarákvæði

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 9. júní 2019, senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þessarar reglugerðar. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal einkum fjalla um hversu viðeigandi stig milligjalda eru og um fyrirkomulag stýringar s.s. gjöld, með tilliti til notkunar og kostnaðar hinna ýmissa greiðslumiðla og umfang aðkomu nýrra þátttakanda, nýrrar tækni og nýstárlegra viðskiptalíkana á markaði. Matið skal einkum taka til athugunar:

a) þróun á gjöldum greiðenda,

b) samkeppnisstig milli veitenda greiðslukorta og greiðslukortakerfa,

c) áhrif á kostnað greiðanda og viðtakanda greiðslu,

d) umfang gegnumstreymis söluaðila á lækkun milligjalda,

e) tæknilegar kröfur og afleiðingar þeirra fyrir alla þátttökuaðila,

f) áhrif kortasamstarfs á notendavænleika, einkum fyrir eldra fólk og aðra viðkvæma notendur,

g) áhrif þess að undanskilja viðskiptakort ákvæðum II. kafla á markaðinn, þar sem bornar eru saman aðstæðurnar í þeim aðildarríkjum þar sem aukagjald er bannað við aðstæðurnar þar sem þau eru leyfð,

h) áhrif á markaðinn af sérákvæðum um milligjöld fyrir innlendar debetkortafærslur,

i) þróun færsluhirðingar yfir landamæri og áhrif hennar á innri markaðinn, þar sem bornar eru saman aðstæður fyrir kort með hámark á gjöldum og kort sem ekkert hámark gildir um, til að taka til athugunar möguleikann á því að skýra hvaða milligjald gildir um færsluhirðingu yfir landamæri,

j) beitingu í reynd á reglum um aðgreiningu greiðslukortakerfa og -vinnslu og nauðsyn þess að endurskoða lagalega sundurgreiningu,

k) mögulega nauðsyn þess, með hliðsjón af áhrifum 1. mgr. 3. gr. á raunverulegt virði milligjalda vegna meðalhárra og hárra debetkortafærslna, að endurskoða þá málsgrein með því að kveða á um að hámarkið skuli takmarkað við lægri fjárhæðina 0,07 evrur eða 0,2% af virði færslunnar.

Skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal, ef við á, fylgja tillaga að nýrri löggjöf sem getur innihaldið tillögu að breytingum á hámarki milligjalda.

18. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Hún gildir frá 8. júní 2015 að undanteknum 3., 4., 6. og 12. gr. sem gilda frá 9. desember 2015 og 7., 8., 9. og 10. gr. sem gilda frá 9. júní 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 29. apríl 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

Z. KALNIŅA-LUKAŠEVICA

forseti.